FRÉTTABLAÐIÐ

149. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 29. JÚNÍ 2019

Klettar við hlið Jónu

Hún er algjörlega grjóthörð. Bara frá fyrsta degi.

Bjartsýnir og baráttuglaðir vinir og aðstandendur Jónu Ottesen ætla að hlaupa í Reykjavíkurmaraþoninu. Jóna lenti í alvarlegu bílslysi fyrr í mánuðinum og hlaut mænuskaða. Fram undan er löng og ströng meðferð. ➔ 20

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Gaflarar í húð og hár

Laddi og Króli mætast á sviði í We will rock you. ➔ 26



Með hverjum myndir þú fara?

Með hvaða stjórnmálamanni myndir þú leggja í hringferð um landið? ➔ 24

Best treyst þvert á flokka

Lilju og Katrínu best treyst meðal ráðherra samkvæmt nýrri könnun. ➔ 6

Veður



NA átt 8-15 m/s, hvassast NV-til og við SA-ströndina. Víða skýjað og lítils háttar úrkoma, en léttir til NV-lands og fer að rigna suðaustan til seinni partinn. Hiti 5 til 15 stig á morgun, svalast um NA-vert landið. SJÁ SÍÐU 32

Frá slysstað skammt utan Kirkjubæjarklaustri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rútan átti ekki að vera í umferð

DÓMSMÁL Útbúnaði og viðhaldi var stórlega ábótavant á rútubifreiðinni þar sem tveir kínverskir ferðamenn létu lífið eftir að bílstjóri hennar missti stjórn á henni í árslok 2017 skammt frá Kirkjubæjarklaustri. Rútan hefði með réttu ekki átt að vera í umferð. Bremsur orðnar lélegar sem og vetrardekk. Þetta er meðal þess sem fram kemur í dómi Héraðsdóms Suðurlands yfir bílstjóranum sem ók rútunni.

» 44 kínverskir ferðamenn voru í rútunni þennan örlagaríka dag í desember.

Héraðsdómur dæmdi bílstjórann í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi, hann var sviptur ökurétti í tvö ár og gert að greiða sakarkostnað upp á rúmlega tvær og hálfa milljón króna.

Slysið varð miðvikudaginn 27. desember 2017 á Suðurlandsvegi. Ferðamaður í fólksbíl á undan rútunni var að beygja inn á útsýnisstað þegar rútan, sem ekið var of hratt miðað við aðstæður, ók aftan á hann. Rútubílstjórinn missti stjórn á rútunni sem fór yfir á öfugan vegarhelming og valt á hlið utan vegar. 44 kínverskir ferðamenn voru um borð. Tveir létu lífið sem fyrr segir en margir slösuðust, þar af tveir alvarlega. – smj

Blobbarnir fóru um borgina

Þessar furðuverur vöktu athygli í miðborg Reykjavíkur í gær þar sem þær fóru um og brugðu á leik. Ekki var þó hér að hefjast fundur í borgarstjórn Reykjavíkur heldur um að ræða gjörning frá Götuleikhúsinu. Verurnar skrautlegu kallast Blobbarnir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Veghefill hafnaði utan vegar.

Banaslys á Sandsheiði

SLYS Banaslys varð á Ingjaldssandsvegi á Sandsheiði í Gerðhamarsdal á fimmtudag þegar veghefill hafnaði utan vegar. Tilkynning um slysið barst lögreglu laust fyrir klukkan 18 sama dag en tildrög slyssins eru enn ókunn.

Lögreglan á Vestfjörðum hefur málið til rannsóknar, með aðstoð rannsóknarnefndar samgönguslysa og Vinnueftirlitsins, að því er segir í tilkynningu frá lögreglunni á Vestfjörðum. Þá segir að nafn hins látna verði ekki gefið upp að svo stöddu. – smj

Stál og hnífur komst næstum ekki með

Bubbi Morthens og Sigurður Árnason upptökumaður rifja upp upptökuferli plötunnar Ísbjarnarblús í nýjum þætti hlaðvarpsins Sögur af plötum. Bubbi segir Sigurð lykilþátt í velgengni plötunnar.

Alls mun Bubbi taka fyrir tíu af plötum sínum í hlaðvarpinu.

HLAÐVARPIÐ „Það var ekkert algengt á þessum tíma að fólk væri að tala svona beinskeytt um hlutina. Ég hugsaði að þetta væri gæi sem ætti framtíðina fyrir sér," segir Sigurður Árnason, upptökumaður og bassaleikari, um fyrstu kynni sín af Bubba Morthens í öðrum þætti hlaðvarpsins Sögur af plötum. Í þættinum rekja þeir félagar söguna að baki fyrstu plötu Bubba, Ísbjarnarblús. „Hlutirnir fóru að gerast. Alltaf var góður fílingur, alltaf vorum við í góðu skapi, alltaf var nóg af grasi. Þegar maður slappaði af og hlustaði á árangurinn fékk maður sér alltaf reyk. Þetta voru alveg stórkostlegir tímar," segir Sigurður sem minnist tímanna vel.

Platan var tekin upp hjá útgáfufyrirtækinu SG-hljómplötum sem var í eigu tónlistar- og útvarpsmannsins Svavars Gests. Bubbi og Sigurður lýsa því hversu erfitt gat verið að vinna með Svavari. „Mín upplifun af honum var að hann var svo leiðinlegur. Rosalega þurr," segir Bubbi og þakkar Sigurði fyrir að hafa „lagað Excel-skjalið", en tökur í stúdíóinu stóðu yfir mun lengur en það sem skrásettur tímafjöldi sagði til um.

Sigurður segir svo frá því hvernig þekktasta lag Bubba komst næstum því ekki á plötuna. „Þegar þú tókst þegar við fórum að taka upp plötu númer tvö sem var Geislavirkir. Þar kom einhver Breti sem eiginlega skar undan okkur. Við vorum svo mikill kraftur live en þegar við komum inn í stúdíóið hugsaði ég að þetta væri ekki nærri því jafn skemmtilegt og á Ísbjarnarblús."

» Alltaf var góður fílingur, alltaf vorum við í góðu skapi, alltaf var nóg af grasi.

Sigurður Árnason, upptökumaður og bassaleikari

Stál og hnífur þá vorum við bara tveir uppi í stúdíói og þegar þú ert búinn að spila þetta inn þá segirðu: „Æ, eigum við að láta þetta fara með?" og ég sagði „Hvað? Auðvitað!" Og svo í dag er þetta þjóðsöngur Íslendinga!" Bubbi skefur ekki af mikilvægi aðkomu þess að hafa góðan upptökumann. „Þú leyfðir hlutunum svolítið að fara sína leið. Ísbjarnarblús er í rauninni jafn mikið þér að þakka og mér að þakka. Þetta var svo mikið sjokk

Hægt er að hlusta á fyrstu tvo þætti hlaðvarpsins á vef Fréttablaðsins. arnartomas@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ Hlaðvarp

Hlustaðu á hlaðvarpið hans Bubba og fjölmörg önnur áhugaverð og skemmtileg hlaðvörp á www.frettabladid.is/hladvarp

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Skoðaðu útsölublaðið á husa.is

Sumar

ÚTSALA

Húsasmiðjunnar og Blómavals

Allt að 50% afsláttur

Trjáplöntur -50% • Sumarblóm -30-50% • Sláttuvélar -25-35% • Útipottar -30%
Reiðhjól -30-40% • Garðhúsgögn -25-40% • Broil King grill og fylgihlutir -25-30%
Lady málning -25% • Pallaolía og viðarvörn -20% • Hekkklippur -25-40%
Orf og keðjusagir -25-30% • Mosatætarar -30-40% • Matarstell og glös -30%
Útipottar -30% • Pottar og pönnur -30% • Fatnaður -25% • Strauborð og herðatré -25%
ELKOP tröppur og stigar -30% • Garðúðarar, byssur og slönguhjól -25-50%
Garðstyttur -30% • Garðáhöld og verkfæri -25-40% • Blöndunartæki -25%
Valdar flísar og parket -40% • Skjólgirðingar -20-25% • Pallastiklur -20%
... auk hundruð annarra útsölutilboða

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Nánar á husa.is

TÖLUR VIKUNNAR 23.06.2019 TIL 29.06.2019

14

milljarðar króna er fjárhagslegur ávinningur ríkissjóðs af sölu eigna á Ásbrú. Síðustu eignirnar heyrðu áður undir gamla varnarliðssvæðið.

53

klukkustundir er nýtt met í hjólreiðakeppninni WOW Cyclothon. Bandarískí ljósmyndarinn Chris Burkard setti metið og svaf ekkert alla keppnina.

68%

landsmanna hafa miklar áhyggjur af hlýnun jarðar. Konur hafa meiri áhyggjur en karlar og elsta og yngsta kynslóðin meiri áhyggjur en þær á milli.

10

þúsund er fjöldi atvinnulausra í maí samkvæmt Hagstofu Íslands eða um 4,7%. Atvinnuleysi eykst um 1½ prósentustig frá því í apríl miðað við rannsóknir Hagstofu Íslands.

129

mörk hafa verið skoruð á Heimsmeistaramóti kvenna í knattspyrnu sem haldið er í Frakklandi. Alls hafa verið spilaðir 45 leikir og er meðalmarkafjöldi 2,87 í leik.

Þrjú í fréttum

RÚV, syndaskattur og rifinn liðþófi

Óli Björn Kárason
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

segir verulegar efasemdir um fjölmiðlafrumvarp Lilju Alfreðsdóttur innan þingflokks Sjálfstæðismanna. Ef henni sé alvara verði að taka á þátttöku RÚV á samkeppnismarkaði.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður Viðreisnar

telur fyrirhugaðan sykurskatt í þágu sérhagsmuna og finnst sérstakt að mismuna milli vörutegunda.

Harpa Þorsteinsdóttir
knattspyrnukona

þurfti að fara aftur undir hnífinn vegna rifu í liðþófa og kemur því ekkert við sögu á þessu tímabili. Harpa er samningslaus og veit að endurhæfingin mun taka tíma en stefnir á að komast aftur út á völl á næsta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Sykurskatturinn hjálpar til að draga úr líkum á krabbameini

Krabbameinsfélagið styður hugmyndir ráðherra um sérstakan sykurskatt á gosdrykki og sælgæti. Segir næringarfræðingur að það megi koma í veg fyrir að þúsund manns fái krabbamein á næstu 30 árum. Ofþyngd og fitusöfnun eykur áhættu á minnst tólf tegundum krabbameins. Verra að drekka sykur en borða.

HEILBRIGÐISMÁL „Sykur veldur ekki krabbameini beint, en það eru mjög margar rannsóknir sem sýna að ef þú drekkur mjög mikið af sykruðum gosdrykkjum ýti það undir þyngdaraukningu. Og of mikil þyngd, of mikil söfnun líkamsfitu, eykur áhættuna á krabbameini. Þetta er ákveðin keðjuverkun," segir Jóhanna Eyrún Torfadóttir, næringarfræðingur hjá Krabbameinsfélaginu. Segir hún fjölda rannsókna sýna fram á tengsl milli offitu og krabbameina, og að aukin líkamsþyngd sé staðfestur áhættuþáttur 12 tegunda krabbameina, þar á meðal í brjóstum, ristli og blöðruhálskirtli.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra kynnti aðgerðaáætlun Landlæknis til að draga úr sykurneyslu fyrir ríkisstjórninni fyrir skömmu. Í áætluninni, sem unnin var að beiðni ráðherra, er lagt til að skattar á gosdrykki og sælgæti hækki um allt að 20 prósent. Á sama tíma á að lækka álögur á ávexti og grænmeti. Sitt sýnist hverjum um málið, en Krabbameinsfélagið styður sykurskattinn heilshugar.

„Félagið fagnar öllum aðgerðum sem draga úr fjölda krabbameina. Alþjóðastofnanir mæla með sykurskatti, neyslusköttum og stjórnvaldsaðgerðum, af því að þær virka," segir Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins. Segir hún að þær forvarnaraðgerðir sem Íslendingar hafi ráðist í með góðum árangri, þá sérstaklega í reykingum, hafi falið í sér hækkanir og að draga úr sýnileika.

Jóhanna segir brýnt að draga úr sykurneyslu Íslendinga, sérstaklega í gegnum gosdrykkju.

Aðgerðaáætlun Landlæknis gerir ráð fyrir 20 prósenta hækkun á sætum gosdrykkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Að drekka sykur er allt annað en að borða sykur. Það er eins og líkaminn verði ekki saddur við að drekka hitaeiningar. Sama hvernig á þetta er horft þá eru sykruðu gosdrykkirnir efstir á blaði þegar kemur að því að ýta undir þyngdaraukningu."

Krabbamein er nú algengasta ótímabæra dánarorsök Íslendinga og má þriðji hver Íslendingur vænta þess að fá krabbamein á ævinni. „Vitað er að koma mætti í veg fyrir fjögur af hverjum 10 krabbameinum með forvörnum. Það mætti koma í veg fyrir að rúmlega þúsund manns fái krabbamein á næstu 30 árum með því að helminga þann fjölda Íslendinga sem eru of þungir," segir Jóhanna.

„Það getur tekið tugi ára fyrir þetta að hafa áhrif á fækkun krabbameina." Nefnir Jóhanna sem dæmi að það á enn eftir að koma niðursveifla í lungnakrabbameinum, sérstaklega hjá konum, í kjölfar fækkunar einstaklinga sem reykja. „Þeir sem reyktu mikið á síðustu öld eru núna að fá lungnakrabbamein.

Varðandi aðgerðaáætlunina segir Jóhanna það gleymast í umræðunni að það eigi að lækka verð á ávöxtum og grænmeti. „Það að borða ávexti og grænmeti minnkar líkur á krabbameinum, það er eitthvað sem er mjög jákvætt við sykurskattinn. Bæði er það gott fyrir jörðina og það er sérstök vernd gegn krabbameinum," segir Jóhanna.

„Rannsóknir sýna að skattlagning á sykraðar vörur virkar ef hún er áþreifanleg og með lýðheilsusjónarmið að leiðarljósi."

arib@frettabladid.is

TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY
NÝR
CAMRY HYBRID
SÝNDU FORDÆMI

50% RAFDRÍFINN*
Verð frá: 6.550.000 kr.
VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2019

Eftir áralanga fjarveru kynnum við nýjan Camry Hybrid til sögunnar, veglega nýja útgáfu sem fer á undan með góðu fordæmi. Hann fæst einungis í Hybrid-útgáfu sem sameinar fullkomlega gæði, glæsileika og virðingu fyrir umhverfinu. Komdu og finndu þig í glæsilegum bíl sem fer þér betur. Sýndu fordæmi – veldu Hybrid. Orkuskiptin eru hafin.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum RAV4, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.
Allir nýir Toyota Hybrid bílar eru núna sporlausir í samstarfi við Kolvið.
Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

3+4 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

HYBRID

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARe og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Lilja skyggir á bæði Sigurð og Katrínu

Lilja Alfreðsdóttir nýtur mests trausts allra ráðherra samkvæmt nýrri könnun. Hún nýtur margfalt meira trausts meðal Framsóknarmanna en formaður flokksins. Sá ráðherra sem helst er vantreyst er Bjarni Benediktsson. Helmingur kvenna ber minnst traust hans.

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Góð samvinna er sögð milli Katrínar Jakobsdóttur og Lilju Alfreðsdóttur. Langflestir treysta þeim best allra ráðherra. Fréttablaðið/Anton Brink

STJÓRNMÁL Flestir bera mest traust til Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, samkvæmt nýrri könnun sem Zenter rannsóknir framkvæmdu fyrir Fréttablaðið og frettabladid.is. Fast á hæla henni kemur Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og njóta þær langmests trausts allra ráðherra.

Stuðningur við Lilju og Katrínu kemur úr ólíkum áttum. Katrín nýtur mests trausts meðal stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar en meðal andstæðinga hennar nýtur Lilja langmests trausts allra ráðherra. Stuðningur við Lilju er mestur meðal tekjulágra og þeirra sem hafa minnsta menntun. Þessu er öfugt farið meðal stuðningsmanna Katrínar en traust til hennar styrkist eftir því sem tekjur hækka og menntun eykst.

Katrín nýtur mests trausts allra ráðherra meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins. Tæpur þriðjungur þeirra treystir henni best. Þar nefndu rúm 24 prósent Lilju. Meðal landsbyggðarfólks er nafn Lilju hins vegar langoftast nefnt. Þar treysta 39 prósent henni best allra ráðherra. Tæp 18% prósent landsbyggðarfólks treysta Katrínu hins vegar best.

Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins treysta formanni sínum best allra ráðherra í 45,6 prósentum tilvika en Þórdísi Kolbrúnu í 17,6 prósentum tilvika. Guðlaugur Þór Þórðarson og Kristján Þór Júlíusson njóta hins vegar báðir minna trausts meðal stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins en stöllurnar Lilja og Katrín. Tveir af hverjum tíu stuðningsmönnum Sjálfstæðisflokksins bera mest traust til annarrar hvorrar þeirra. En tæp 6 prósent nefndu Guðlaug og rúm 5 prósent Kristján Þór.

Þeir sem treysta Bjarna best koma aðeins úr þremur flokkum; Sjálfstæðisflokknum, Miðflokknum og Viðreisn þar sem rúm tvö prósent segjast treysta honum best. Hann kemst ekki á blað meðal stuðningsmanna annarra flokka.

Auk mikils trausts til Lilju og Katrínar sem njóta stuðnings þvert á flokka bera margir stuðningsmenn Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar mest traust til Guðmundur Inga Guðbrandssonar umhverfisráðherra og hann skýst upp fyrir þær stöllur meðal stuðningsmanna Samfylkingarinnar þar sem tæpur þriðjungur stuðningsmanna treystir honum best allra ráðherra.

Lilja er vinsælust meðal þeirra sem styðja ekki ríkisstjórnina og auk mikillar hylli í Framsókn og Miðflokki treysta 89 prósent stuðningsmanna Flokks fólksins henni best.

Katrín er síst líkleg til að njóta trausts í Miðflokknum og Flokki fólksins en þær stöllur njóta jafnmikils stuðnings meðal Pírata en rúm 60 prósent þeirra treysta annarri hvorri þeirra best allra ráðherra.

Stuðningsmenn Viðreisnar treysta einnig Katrínu og Lilju best en meðal þeirra er Þórdísi Kolbrúnu einnig best treyst í 20 prósentum tilvika. Aðrir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins komast ekki á blað hjá stuðningsmönnum Viðreisnar að undanskildum tveimur prósentum sem treysta Bjarna best.

Könnunin var gerð dagana 25.-27. júní 2019. Hún var send á 2.000 manna könnunarhóp Zenter rannsókna, 18 ára og eldri. Svarhlutfallið var 51 prósent og voru svörin vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu.

Hvaða ráðherra berðu mest traust til?

Veit ekki 23,1
Vil ekki svara 7,1



Helmingur þeirra kvenna sem tóku afstöðu sögðust bera minnst traust til Bjarna Benediktssonar.

Helmingur þeirra sem styðja Sjálfstæðisflokkinn sögðust bera minnst traust til Svandísar Svavarsdóttur.

15%

Framsóknarmanna bera mest traust til Sigurðar Inga.

62%

Framsóknarmanna bera mest traust til Lilju.

Formaður Framsóknar í miklum vandræðum

Staða formanns Framsóknarflokksins er erfið miðað við niðurstöður könnunarinnar. Aðeins 15,2 prósent stuðningsmanna flokksins segjast treysta eigin formanni, Sigurði Inga Jóhannssyni, best allra ráðherra. Lilja nýtur hins vegar yfirburðastuðnings í flokknum en 62,4 prósent stuðningsmanna flokksins treysta henni best. Þriðji ráðherra Framsóknarflokksins, Ásmundur Einar Daðason, nýtur lítillar hylli samkvæmt könnuninni. Tæp 7 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins bera mest traust til hans.

Athygli vekur að Lilja nýtur ekki aðeins algerra yfirburða umfram aðra ráðherra meðal stuðningsmanna í sínum flokki heldur einnig meðal stuðningsmanna Miðflokksins. Tæplega helmingur þeirra treystir Lilju best allra ráðherra. Næstur á eftir henni kemur Bjarni Benediktsson en rúm 11 prósent Miðflokksmanna treysta honum best. Þessi stuðningur við Lilju hlýtur að vekja nokkra athygli með hliðsjón af hörðum ummælum ráðherrans í garð þingmanna flokksins í Kastljóssþætti RÚV 5. desember síðastliðinn.

Hvaða ráðherra berðu minnst traust til?

Veit ekki 14,5
Vil ekki svara 4



Vantraust mest í garð Bjarna Benediktssonar

Einnig var spurt um þann ráðherra sem nýtur minnst trausts meðal þátttakenda. Þar er Bjarni Benediktsson, efnahags- og fjármálaráðherra, langoftast nefndur. Helmingur allra kvenna sem tóku þátt sögðust bera minnst traust til hans. Vantraustið er mest meðal þeirra tekjulægstu og þeirra sem hafa minnsta menntun en minnkar jafnt og þétt með hærri tekjum og aukinni menntun.

Niðurstöður könnunarinnar um vantraust til ráðherra meðal þeirra sem styðja ríkisstjórnina eru einnig athyglisverðar en 60 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna bera minnst traust til Bjarna Benediktssonar. Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins vantreysta hins vegar helst heilbrigðisráðherra en 50 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins segjast bera minnst traust til Svandísar Svavarsdóttur. Framsóknarmenn vantreysta hins vegar Kristjáni Þór Júlíussyni mest allra ráðherra en væri ekki fyrir vantraust þeirra, kæmist landbúnaðarráðherra vart á blað í könnuninni hvort sem litið er til trausts eða vantrausts.

BAK
ARÍ
IÐ

Súrdeigsbrauð

- með spíruðum rúg
- með kúmen
- hefðbundið

779 kr/stk

NÝJUNG

Brauðsalötin okkar eru gerð úr sérvöldum gæðahráefnum. Rækju-, laxa- og túnfisksalat

599 kr/stk

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Viðræðurnar árangurslausar

AUSTURRÍKI Viðræður gærdagsins í Vín gerðu lítið til að slá á áhyggjur Íransstjórnar og stefnir því enn í að ríkið fari fram úr þeim takmörkum sem sett voru á söfnun auðgaðs úrans með gerð JCPOA-kjarnorkusamningsins árið 2015.

Fulltrúar Írans hittu fulltrúa Breta, Þjóðverja, Frakka, Rússa, Kínverja og ESB í austurrísku höfuðborginni í gær til að ræða stöðu mála.

Íransstjórn hafði áður sagst ætla að hætta að framfylgja samningnum vegna þeirra nýju þvingana sem Bandaríkin lögðu gegn ríkinu eftir að Donald Trump forseti rifti samningnum af hálfu ríkis síns.

Að því er Reuters hafði eftir Abbas Araqchi, varautanríkisráðherra Írans og sendiboða Írana á fundinum, voru viðræðurnar skref í rétta átt en undir væntingum Íransstjórnar.

Það væri undir yfirmönnum hans komið hvort hætt verði að framfylgja samningnum og sagði hann ólíklegt að viðræðurnar hefðu gert nokkuð til að telja þeim trú um að halda í plaggið.

„Ákvörðunin um að draga úr skuldbindingum okkar hefur nú þegar verið tekin og við munum halda áfram á þeirri leið þangað til komið er til móts við okkur. Ég held að árangurinn hér í dag sé ónógur til þess að stöðva þetta ferli en ákvörðunin verður tekin í Teheran," sagði Araqchi enn fremur. **– þea**

Brúin sprengd

Yfirvöld á Ítalíu sprengdu í gær upp Morandi-brúna í Genóa, það er að segja það sem eftir var af henni eftir að hluti hennar hrundi í miklu ofviðri á síðasta ári. Er brúin hrundi fórust 43 vegfarendur sem höfðu verið að fara yfir hana og tugir til viðbótar særðust. Sprenging gærdagsins var síðasti áfanginn í niðurrifi brúarinnar en síðustu fimm mánuði hefur verið unnið við að hluta hana í sundur. NORDICPHOTOS/AFP

Þessi hundur reyndi að kæla sig niður í gosbrunni. NORDICPHOTOS/AFP

Mannskæð hitabylgja herjar enn á Evrópubúa

EVRÓPA Hitabylgja gerði Evrópubúum áfram lífið leitt í gær og hættuástand hefur myndast í vestanverðri álfunni. Franska veðurstofan hefur til að mynda gefið út rauða viðvörun á fjórum svæðum í landinu vegna hitans.

Hitamet var slegið í Frakklandi í gær. Það féll í bænum Gallargues-le-Monteux og var 45,9 stig. Fyrra hitamet var sett í hitabylgjunni 2003, 44,1 stig. Þúsundir létu lífið í þeirri hitabylgju og sagði Agnes Buzyn heilbrigðismálaráðherra í gær að „allir væru í hættu" nú.

Edouard Philippe forsætisráðherra varaði íbúa við því að taka óþarfa áhættu í því skyni að kæla sig niður. Hann sagði að á hverjum degi drukknaði fólk sem reyndi að flýja hitann með því að stinga sér á kaf. Sömu sögu er að segja á Bretlandi og Spáni.

Á Spáni geisa svo enn umfangsmiklir skógareldar, nánar tiltekið í Tarragona í Katalóníu. Eldarnir eru einir þeir verstu í tvo áratugi í héraðinu. Samkvæmt katalónska héraðsmiðlinum ACN hefur gengið erfiðlega í baráttunni við eldana, sérstaklega í ljósi þess að hiti er ekki farinn að lækka.

Þótt hitabylgjur séu ekki nýjar af nálinni hafa loftslagsvísindamenn

» Hitabylgjan hefur leitt til allnokkurra dauðsfalla í álfunni og er fólk varað við því að taka áhættu.

bent á að loftslagsbreytingar af mannavöldum geri ástandið mun verra. Veröldin sé nú um einni gráðu hlýrri en fyrir iðnbyltingu og því séu veðuröfgar orðnar algengari. „Þessi aukning í veðuröfgum er nákvæmlega sú sem loftslagsvísindin hafa spáð og er afleiðing hamfarahlýnunar. Hún er svo afleiðing aukins útblásturs gróðurhúsalofttegunda," hafði AP eftir Stefan Rahmstorf, loftslagsvísindamanni hjá loftslagsrannsóknastofnuninni PIK í Þýskalandi. **– þea**

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS
Fleiri myndir frá Evrópu má sjá á +Plús síðu Fréttablaðsins.
Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.

Allra augu á Trump

Fundur G20-ríkjanna hófst í Japan í gær. Donald Trump sagði Vladímír Pútín að skipta sér ekki af kosningum. Trump á fund með Xi Jinping í dag um tollastríð ríkjanna og nýjan fríverslunarsamning.

JAPAN Eins og svo oft vill verða þá voru allra augu á Donald Trump, forseta Bandaríkjanna, þegar leiðtogar G20-ríkjanna komu til fundar í Japan í gær. Þar ræddi forsetinn til að mynda við Vladímír Pútín, forseta Rússlands, en í dag á hann bókaðan fund með Xi Jinping, forseta Kína.

Fundur Trumps og Pútíns var sá fyrsti frá því Robert Mueller, sérstakur saksóknari bandaríska dómsmálaráðuneytisins, birti niðurstöður sínar og sagði rannsókn hafa sýnt fram á að Rússar hefðu ráðist á bandarískt lýðræði með óeðlilegum afskiptum af forsetakosningunum 2016.

Trump þóttist þar af leiðandi skamma Pútín. Þegar blaðamaður spurði Trump hvort hann myndi segja Rússanum að skipta sér ekki af næstu kosningum sneri Trump sér til hliðar, veifaði fingri sínum að Pútín og sagði: „Ekki skipta þér af kosningunum." Pútín svaraði ekki sérstaklega heldur glotti.

Sá rússneski byrjaði sinn dag á því að birta grein í Financial Times þar sem hann tjáði sig um stöðuna í alþjóðamálum. Þar sagði hann frjálslyndisstefnuna hafa beðið skipbrot og lofaði uppgang popúlismans í Evrópu og Bandaríkjunum. Fór fögrum orðum um Trump, sem hann sagði hæfileikaríkan.

Pútín átti einnig fund með Theresu May, fráfarandi forsætisráðherra Breta, þar sem þau ræddu eiturárásina á Sergeí Skrípal, rússneska fyrrverandi gagnnjósnarann, og þá ræddi Emmanuel Macron Frakklandsforseti um að þörf væri á sameiginlegri yfirlýsingu leiðtoga um loftslagsmálin.

Mest er þó eftirvæntingin fyrir fyrrnefndum fundi Trumps og Xi. Mikið er undir enda er þetta fyrsti fundur leiðtoganna tveggja frá því viðræðum um nýjan fríverslunarsamning var slitið í maí. Síðan þá hefur tollastríð ríkjanna harðnað.

Að því er Reuters hafði eftir Larry Kudlow, efnahagsmálaráðgjafa Trumps, hafa Bandaríkjamenn ekki skuldbundið sig til neins í aðdraganda fundarins. Trump hefur ekki dregið til baka hótanir um frekari tolla og ekki heldur gefið í skyn að Bandaríkjamenn séu viljugir til þess að draga þær kröfur í land sem Kínverjar hafa hafnað. Kröfurnar eru sagðar snúast um aðgang bandarískra fyrirtækja að kínverskum markaði og verndun bandarískra hugverka. **thorgnyr@frettabladid.is**

Trump og Pútín áttu fund í Japan í gær. NORDICPHOTOS/AFP

G20 ríkin

Argentína
Ástralía
Brasilía
Kanada
Kína
Evrópusambandið
Frakkland
Þýskaland
Indland
Indónesía
Ítalía
Japan
Mexíkó
Rússland
Sádi-Arabía
Suður-Afríka
Suður-Kórea
Tyrkland
Bretland
Bandaríkin

Ekki skipta þér af kosningunum.
Donald Trump Bandaríkjaforseti

SUMARTILBOÐ!

BRIMBORGAR

VOLVO V40 CROSS COUNTRY

D2 Momentum Edition
120 hestafla dísil vél, 5 dyra og sjálfskiptur

Búnaður innifalinn í D2 Momentum Edition umfram ríkulegan staðalbúnað er: Momentum útfærsla, leðuráklæði, málmlitur, leiðsögukerfi, Sensus Connect hljómtæki, 8 hátalarar, 7" skjár, Led aðalljós, Led lýsing í innréttingu, nálægðarskynjari að aftan og bakkmyndavél.

Verð: 5.238.000 kr.
Sumartilboð: 4.390.000 kr.

-848.000 kr.

TAKMARKAÐ MAGN!

MAZDA CX-5 VISION

2.0 bensín, 165 hö, sjálfskiptur, FWD

SkyActiv spartækni, snjallhemlunarkerfi, blindpunktsaðvörun, háþróuð i-Activsense árekstrarvarnartækni og brekkuaðstoð gerir það að verkum að Mazda CX-5 er búinn öllu því besta frá Mazda. Auk þess er Mazda CX-5 með veglínuskynjara með hjálparátaki, ökumannsvaka og hraðastilli. Einnig fáanlegur fjórhjóladrifinn.

Verðlistaverð: 5.290.000 kr.
Sumartilboð: 4.790.000 kr.

-500.000 kr.

FORD KUGA TITANIUM S AWD

2.0 TDCi, dísil, 150 hö, 5 dyra og sjálfskiptur

Leðuráklæði á sætum, upphitanlegt stýri, lyklalaust aðgengi og starthnappur, rafdrifinn afturhleri með skynjara, Apple CarPlay og Android Auto, SYNC3 raddstýrt samskiptakerfi, leiðsögukerfi með Íslandskorti, 8" snerti/litaskjár í miðjustokk, Easy Fuel án skrúfaðs bensínloks, dökklitaðar rúður í farþegarými, LED dagljós, bakkmyndavél, bílastæðaaðstoð, nálægðarskynjari að framan og aftan, brekkuaðstoð, upphitanleg framrúða. Öryggispakki sem innifelur m.a.: Árekstrarvörn, veglínuskynjara, ökumannsvaka og umferðarskiltalesara. Aukabúnaður: Málmlitur, 10 Sony hátalarar og bassakeila í farangursrými.

Verð með málmlit: 6.400.000 kr.
Sumartilboð: 5.890.000 kr.

-510.000 kr.

CITROËN C4 CACTUS SHINE

1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur

Stíll C4 Cactus bílsins er ögrandi og nútímalegur. Einstaklega þægileg sæti og ný fjöðrunartækni lætur þér líða eins og þú svífir. Shine útgáfan er vel búin. Bakkmyndavél, GPS vegaleiðsögukerfi, tölvustýrð miðstöð og raffellanlegir speglar eru aðeins dæmi um ríkulegan staðalbúnað. Komdu og prófaðu örugg gæði Citroën.

Verðlistaverð með aukabúnaði 3.990.000 kr.
Sumartilboð: 3.540.000 kr.
Innifalinn aukabúnaður: Shine pakki, 17" álfelgur og málmlitur

-350.000 kr.

PEUGEOT 2008 ALLURE

1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur

Peugeot 2008 Allure er glæsilegur og staðalbúnaður ríkulegur. Sætisstaðan er há og þú sest beint inn sem eykur þægindin. Vel fer um alla farþega. i-Cockpit ökumannsrýmið er einstakt og farangursrýmið er stærra en hjá mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lægsta punkt.

Verðlistaverð með aukabúnaði 3.650.000 kr.
Sumartilboð: 3.250.000 kr.

-400.000 kr.

Komdu í Brimborg strax í dag og tryggðu þér nýjan bíl á geggjuðu Sumartilboði!

brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Forkosningar rúlla af stað

Kosningabarátta þeirra Demókrata sem sækjast eftir útnefningu flokksins fyrir forsetaframboð er farin af stað fyrir alvöru. Fyrstu kappræðurnar fóru fram í vikunni og var þeim tuttugu frambjóðendum sem uppfylltu skilyrði um fylgi og fjárstuðning skipt í tvennt. Í fyrri lotunni þóttu Elizabeth Warren og Julian Castro standa upp úr en Kamala Harris vakti lukku í seinni lotunni. Skaut fast á Joe Biden, meðal annars fyrir ummæli hans um samvinnu með Repúblikönum sem börðust fyrir aðskilnaði kynþátta.

Þorgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



32%* „Ég er í framboði af því að ég tel mikilvægt að endurreisa bandaríska anda. Forsetinn hefur rifið hann í tætlur.“

Joe Biden
fyrrverandi varaforseti

*Heimild: Könnun Morning Consult, birt 28. júní.

17% „Við þurfum að vera flokkur sem þorir að standa uppi í hárinu á valdamiklum hagsmunaaðilum.“

Bernie Sanders
öldungadeildarþingmaður

2% „Við getum ekki litið aftur til fortíðar heldur er þörf á nýjum stjórnmálum sem taka mið af því sem er mikilvægt fyrir komandi kynslóðir.“

Beto O'Rourke
fyrrverandi fulltrúadeildarþingmaður

5% „Ég býð mig fram vegna þess að ákvarðanirnar sem við tökum á næstu þremur eða fjórum árum munu lita næstu þrjátíu eða fjörutíu ár.“

Pete Buttigieg
borgarstjóri

14% „Ég tek slaginn af því að ég held að við getum látið ríkið og hagkerfið þjóna öllum en ekki bara þeim auðugustu.“

Elizabeth Warren
öldungadeildarþingmaður

1% „Ég get unnið gegn Donald Trump. Ég hef unnið alls staðar, í öllum baráttum í hvert einasta skipti. Ég hef unnið í rauðustu kjördæmum.“

Amy Klobuchar
öldungadeildarþingmaður

17% „Ég lofa ykkur því að sem forseti myndi ég þjóna af virðingu og heiðarleika. Ég myndi segja ykkur sannleikann.“

Kamala Harris
öldungadeildarþingmaður

2% „Ef ég næ kjöri mun ég vinna af hörku á hverjum degi svo fjölskyldur geti fengið heilbrigðisþjónustu, börn fengið menntum og þið fengið góð tækifæri.“

Julian Castro
fyrrverandi húsnæðismálaráðherra

3% „Ég mun stýra með því að draga fram það besta í okkur öllum af því að það er það sem þjóðin vill og á skilið.“

Cory Booker
öldungadeildarþingmaður



0% „Ég vil ekki verða forseti bara til þess að vera forseti. Ég vil verða forseti til þess að sinna starfinu.“

John Delaney
fyrrverandi fulltrúadeildarþingmaður

32%

prósent aðspurðra, skráðra kjósenda sögðust ætla að greiða Joe Biden atkvæði sitt í forkosningunum.

Kamala Harris, Elizabeth Warren og Julian Castro þykja hafa staðið sig einna best í kappræðunum. Joe Biden er sagður hafa komið illa út eftir stórsókn Harris.

Svakalegt augnablik hjá Joe Biden og Kamala Harris. Ef Kamala Harris verður forseti má rekja það til þessarar stundar.

Frank Luntz, greinandi fyrir Repúblikana



0% „Við þurfum forseta sem er ekki hræddur við að takast á við stórar áskoranir, jafnvel þótt hún standi ein. Takið slaginn með mér.“

Kirsten Gillibrand
öldungadeildarþingmaður

1% „Ég myndi koma á þúsund dala mánaðarlegum borgaralaunum fyrir alla fullorðna Bandaríkjamenn.“

Andrew Yang
athafnamaður



0% „Ég er eini frambjóðandinn sem hefur skuldbundið sig til þess að setja loftslagsmálin í algjöran forgang.“

Jay Inslee
ríkisstjóri



1% „Ef við snúum okkur í átt að sósíalisma hættum við á að versti forseti Bandaríkjasögunnar nái endurkjöri.“

John Hickenlooper
fyrrverandi ríkisstjóri



1% „Stígið með mér inn í öld friðar, hagsældar, tækifæra og réttlætis.“

Tulsi Gabbard
fulltrúadeildarþingmaður



1% „Ég lofa ykkur því að þegar ég stíg inn á skrifstofuna mun ég ekki gleyma ykkur. Rödd ykkar mun heyrast.“

Tim Ryan
fulltrúadeildarþingmaður



0% „Það skiptir máli að við veljum frambjóðanda sem hefur áður tekist á við ónýtt heilbrigðiskerfi og leyst vandann.“

Bill de Blasio
borgarstjóri

0% „Ég trúi því að við þurfum að höfða til breiðs hóps Bandaríkjamanna til að vinna kosningarnar.“

Michael Bennet
öldungadeildarþingmaður



0% „Ég ætla að nota ástina sem pólitískt vopn mitt. Ég mun mæta þér á vígvellinum, herra forseti, og ástin mun sigra.“

Marianne Williamson
rithöfundur



0% „Við getum ekki verið framsækinn flokkur ef við lítum til fortíðar til að finna leiðtoga.

Eric Swalwell
fulltrúadeildarþingmaður

Tveir á toppnum frá Škoda.

ŠKODA

Vertu til í allt á Kodiaq og Karoq.

Škoda Kodiaq og Karoq hafa slegið rækilega í gegn með útliti sem tekið er eftir hvar sem þeir fara og aksturseiginleikum sem gera lífið skemmtilegra. Komdu í reynsluakstur og mátaðu þig í Kodiaq eða Karoq litla bróður. Hlökkum til að sjá þig.

Škoda Kodiaq 4x4
Ambition / 1.5 TSI / Sjálfskiptur

Verð frá 5.790.000 kr.

Škoda Karoq
Ambition / 1.6 TDI / Sjálfskiptur

Tilboðsverð 4.390.000 kr.
Listaverð ~~4.850.000~~ kr.
Afsláttur
460.000 kr.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

www.skoda.is

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

NORDICPHOTOS/AFP

Hættuleg hitabylgja

Mannskæð hitabylgja geisar enn í Evrópu. Hitamet féll í Frakklandi. Fólk varað við því að stinga sér á kaf. Fjöldi drukknað. Skógareldar geisa í Katalóníu.



Raketta án priks

Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Hraustur vinur minn, sem vikum saman hefur flækst stynjandi frá lækni til læknis í von um að fá bót sársaukafullra íþróttameina, líkir heilbrigðiskerfinu á Íslandi við priklausa rakettu. Því miður virðist hann hafa nokkuð til síns máls.

Hann hefur velt fyrir sér í alvöru, heilræðum vinkonu sinnar, hjúkrunarfræðings af gamla skólanum, með starfsreynslu frá mörgum löndum, sem hann í fyrstu taldi grín: Taktu fyrstu vél til Kaupmannahafnar, farðu á hækjunum á Lægevagten, berðu þig aumlega og segðu: hjælp, ráðleggur hún.

Af þjáningarsvip hans að dæma, kvaðst vinkonan viss um, að danska kerfið myndi sjá aumur á honum, innrita hann án tafar á sjúkrahús og svo í aðgerð ef þörf krefði. Ef ekki þyrfti aðgerð, gæti hann stólað á örugga leiðsögn um framhaldið.

Hér hefur vinurinn farið á heilsugæslu, slysadeild, læknavakt, stofur sérfræðinga og einkaspítala. Sjö læknar hafa ávísað á hann lyfjum. Eftir einn eða tvo fundi gufa sumir þeirra upp, svara ekki síma, sinna ekki skilaboðum og hunsa tölvupóst.

Lyf fyrir tugi þúsunda hafa safnast í baðherbergisskápnum og vinur minn er hættur að átta sig á hvað er hvað – hvaða pilla er tekin með hverri, enda örvilnaður sökum þrautanna, sem halda fyrir honum vöku. Vinnu sinnir hann ekki að neinu gagni.

Einn læknirinn tjáði honum, að ef ekki yrði gripið í taumana strax, gæti hann fengið drep í beinin sem nuggast saman. Orðið slitgigt var nefnt. Svo bætti hann við að slík mein fylgdu fólki alla tíð. Þess vegna lægi á. Tveir aðrir sögðu að við svo búið mætti ekki standa, því þetta yrði bara verra. Síðan hefur ekki náðst í þá. Enda starfa þeir á mörgum stöðum, stofum og spítölum og að minnsta kosti einn í útlöndum líka.

Vinur minn er óheppinn að lenda í þessu að vori, þegar árleg sumarlokun vofir yfir skurðstofum. Hann er þó vongóður um að lausn sé handan við hornið með hjálp góðra manna. En raunirnar vitna um laskað kerfi. Þær staðfesta að sagan um að góða heilsu þurfi til að eiga við heilbrigðiskerfið – nema ættingjar eða vinir kippi í spotta – er ekki bara grín.

Hún styrkir þann grun, að vandasamt sé að vera með tvö kerfi í gangi, amerískt og norrænt. Sumir segja að reikningar sérfræðinganna úti í bæ gleypi stóran hluta opinbera fjárins – þannig fleyti ameríska kerfið rjómann ofan af því norræna og dragi úr því þróttinn. Er það svo?

Kannski telja einhverjir tilganginn helga meðalið því ónýtt opinbert kerfi styrki draumsýnina um einkarekstur og milligöngu tryggingafélaga, eins og tíðkast vestanhafs?

Hvað sem því líður, rakettan má ekki vera priklaus öllu lengur.

Taktu fyrstu vél til Kaupmannahafnar, farðu á hækjunum á Lægevagten, berðu þig aumlega og segðu: hjælp.

Gunnar

Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

Ef tré fellur í skógi

It was me And a gun
And a man On my back
And I sang „Holly Holy" as he buttoned down his pants

„Me and a gun" er lag af fyrstu plötu tónlistarkonunnar Tori Amos sem kom út árið 1992. Lagið fjallar um það þegar Amos var nauðgað. Hún hafði nýlokið tónleikum á bar þegar einn fastagesta staðarins ógnaði henni með hníf og kom fram vilja sínum.

Í síðustu viku voru tvær konur dæmdar í Héraðsdómi Reykjavíkur til greiðslu miskabóta vegna ummæla sem þær létu falla um tvo menn í hinu svokallaða Hlíðamáli. Hlíðamálið komst í hámæli árið 2015 eftir að fréttir voru fluttar af því að tveir menn væru grunaðir um hrottalegt kynferðisbrot í íbúð í Hlíðahverfi Reykjavíkur. Óhugur greip um sig. Tjáðu margir sig um málið á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum áður en að það var til lykta leitt en það var fellt niður í júní 2016 því það þótti ekki líklegt til sakfellingar að sögn vararíkissaksóknara.

En það voru ekki málalyktir. Fjöldi fréttamanna og einstaklinga sem tjáðu sig um málið var dæmdur fyrir ærumeiðandi ummæli um mennina tvo. Þar að auki kærði lögmaður mannanna stúlkurnar fyrir rangar sakargiftir sem höfðu gefið þeim að sök að hafa nauðgað sér en því máli var vísað frá.

Var Tori Amos nauðgað?

Ef tré fellur í skógi og enginn er nærri, heyrist þá hljóð? Tori Amos leitaði ekki til lögreglu eftir að henni var nauðgað. Aldrei var gefin út ákæra og enginn var sakfelldur. Má Tori Amos segja frá því að henni hafi verið nauðgað? Má hún semja lag um það? Má hún segja hver nauðgaði henni? Má ég skrifa í Fréttablaðið að Tori Amos hafi verið nauðgað? Og ef enginn var dæmdur, var Tori Amos nauðgað?

Ég var fórnarlamb auðkennisþjófnaðar fyrir skömmu þar sem ég bý í London. Óprúttnum aðilum tókst að plata þjónustufulltrúa í bankanum mínum til að senda mér nýtt debetkort. Þeir vöktuðu póstkassann minn og stálu kortinu úr kassanum þegar það barst. Síðan fóru þeir í hraðbanka og tæmdu reikninginn minn. Ég hafði samband við bankann sem endurgreiddi mér hina stolnu upphæð. Því næst hringdi ég á lögguna. Símsvari lögreglu Lundúnaborgar tjáði mér hins vegar að það væri svo mikið að gera að hún hefði ekki tök á að rannsaka minniháttar mál. Mér væri þó velkomið að fylla út eyðublað á netinu ef ég vildi. Mér fannst enginn tilgangur með því að fylla út eyðublað. Ég kærði ekkert til lögreglu. Enginn var dæmdur. Enginn efaðist þó um að þrjú hundruð pundum hefði verið stolið af reikningnum mínum.

Saklaus uns sekt er sönnuð er grundvallarregla sem aldrei má víkja frá. Við verðum að horfast í augu við það að einstaklingur getur verið sakaður um nauðgun en reynst saklaus. En að sama skapi verðum við að horfast í augu við það að konur – og karlar – verða fyrir kynferðisofbeldi sem enginn er dæmdur fyrir. Kynferðisafbrotamál eru í flestum tilfellum látin niður falla þar sem líkur á sakfellingu þykja litlar. Fórnarlömb þora oft ekki að stíga fram – eða þeim finnst ekki taka því.

Í kjölfar dóms Héraðsdóms Reykjavíkur tók hópur fólks saman höndum og stofnaði málfrelsissjóð á söfnunarsíðunni Karolinafund. Sjóðnum er ætlað að „draga úr ótta kvenna við að tjá sig um kynbundið ofbeldi og tryggja að fjárhagsáhyggjur bætist ekki við það andlega og tilfinningalega álag sem fylgir því að tala um kynbundið ofbeldi".

Hvar hefst réttur manns til æru og hvar lýkur rétti konu til að tjá sig um atburði eigin lífs? Þetta er flókið. Þetta er ekki svart og hvítt. En það gengur ekki að dómstólar séu notaðir sem ógn til að kefla þolendur ofbeldis, múlbinda þá sem berjast gegn því og kæfa í fæðingu þá vitundarvakningu sem átt hefur sér stað um kynferðislegt ofbeldi undanfarin misseri. Ég ætla að gefa í málfrelsissjóðinn. Ég vona að þú gerir það líka.

1989 30 ÁRA 2019
KOMDU Í KOLAPORTIÐ
OPIÐ ALLAR HELGAR
FRÁ KL. 11.00-17.00
KOLAPORTIÐ
DÁSAMLEG DEILD SAMFÉLAGSINS

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

VERSLUN HARALDAR JÚLÍUSSONAR

100 ÁRA

Verslun Haraldar Júlíussonar á Sauðárkróki hefur starfað óslitið frá árinu 1919 og á því 100 ára afmæli um þessar mundir. Þessum merku tímamótum skal fagnað með viðeigandi hætti laugardaginn 29. júní.

Verslunin er elsti samstarfsaðili Olís og skapar afar sérstakan sess í sögu okkar. **Við tökum því fullan þátt í gleðinni og bjóðum viðskiptavinum lækkað verð* á eldsneyti úr dælunni við húsvegginn.**

-30 KR.

***verðlækkun laugardaginn 29. júní við Verslun Haraldar Júlíussonar á Sauðárkróki**

KÆRAR ÞAKKIR FYRIR SAMSTARFIÐ Í GEGNUM ÁRATUGINA OG TIL HAMINGJU MEÐ ALDARAFMÆLIÐ.

olís
Síðan 1927

Pipar\TBWA \ SÍA

25%
AFSLÁTTUR

IDdesign

SINGLE

Stílhreint stækkanlegt borð. Borðið er í svörtum gegnheilum viði með hvíta plötu. Tvær innbyggðar 48 cm stækkanir fylgja. Borðið getur verið 180 eða 280 cm að lengd. Fæst einnig minna; 120/220 cm og í eik með hvítum toppi

Svart/hvítt: 180 x 90 x 76 cm
59.993 kr.
~~79.990 kr.~~

Eik/hvítt: 180 x 90 x 76 cm
67.493 kr.
~~89.990 kr.~~

LA-Z-BOY | Live life comfortably.

20%
AFSLÁTTUR

PINNACLE

La-Z-Boy hægindastóll. Vínrautt, svart, hvítt, ljósbrúnt eða dökkbrúnt leður.
Stærð: 84 x 97 x 107 cm

143.992 kr. ~~179.990 kr.~~

DIALMA BROWN
INTERIORS & LIFESTYLE

50%
AFSLÁTTUR

DIALMA (4014)

Vandaður, stór og djúpbólstraður leðursófi frá ítalska merkinu Dialma Brown. Sófinn er með samlitum leðurhnöppum allan hringinn, en það gefur honum sérstakt útlit og verður sófinn fókuspunktur í hverju rými. Leðrið er slétt með antíkáferð. Stærð: 222 x 92 x 66 cm

399.995 kr.
~~799.990 kr.~~

LA-Z-BOY | Live life comfortably.

20%
AFSLÁTTUR

ETHAN

3ja sæta La-Z-Boy sjónvarpssófar. Í ljós- eða dökkgráu áklæði eða svörtu leðri.

3ja sæta: 200 × 85 × 105 cm í áklæði
223.992 kr. ~~279.990 kr.~~

3ja sæta: 200 × 85 × 105 cm í leðri
319.992 kr. ~~399.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR

LORRY

Tungusófi í gráu og dökkgráu slitsterku áklæði.
Stærð: 289,5 x 164,5 x 85,5 cm

142.994 kr.
~~219.990 kr.~~

20%
AFSLÁTTUR

IDdesign

KIRUNA

Hornsófi. Hægri og vinstri. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. Stærð: 236 × 200 × 78 cm

143.992 kr.
~~179.990 kr.~~

BALLINASLOE

Skemmtilegur hornsófi með tungu. Í gráu slitsterku áklæði. Einnig fáanlegt skammel með sama áklæði.

Sófi stærð: 363 x 234 x 99 cm
224.993 kr. ~~299.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR

Skammel stærð: 100 x x100 x 48 cm
52.493 kr. ~~69.990 kr.~~

Reykjavík Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 14. júlí 2019 eða á meðan birgðir endast.

SUMAR ÚTSALA

BOYD
3ja sæta sófi.
Dökkblátt eða
dökkgráttsléttflauel.
Stærð: 215 × 87 × 78 cm

95.992 kr. ~~119.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

Allt að 60% afsláttur

50% AFSLÁTTUR

VALENCE
Fallegur, lítill sófi og stóll
úr sléttflaueli sem fæst smaragðsgrænt, dimmblátt eða grátt. Sófinn er mjúkur, bólstraður og stunginn að utan með samlitum hnöppum. Hann hefur granna, gyllta 21 cm háa fætur. Sófanum fylgir 45×45 cm samlitur púði á hvort sæti.

Sófi stærð: 144 x 77 x 79,5 cm
44.995 kr. ~~89.990 kr~~

Stóll: 83 x 77 x 79,5 cm
34.995 kr. ~~69.990 kr~~

70% AFSLÁTTUR

MANLEY
Hægindastóll úr dökkbláu sléttflaueli með svörtum viðarfótum.

8.097 kr. ~~26.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

CAZAR
Hægindastóll. Koníaksbrúnt eða svart PU-leður eða grátt áklæði og stálfætur.

18.743 kr. ~~24.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

BATILDA
Hægindastóll. Dusty Rose eða koparlitt sléttflauel og svartir fætur

29.993 kr. ~~39.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

JOHN
Hægindastóll. Slitsterkt áklæði, ljós- eða dökkgrár.

22.493 kr. ~~29.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

Býst við að færa mig um set

Knattspyrnumaðurinn Árni Vilhjálmsson spilaði vel í Úkraínu seinni hluta síðasta tímabils. Hann var í láni frá pólsku B-deildarliði. Sóknarmanninn langar að spila í sterkari deild og vera nær landsliðssæti.

FÓTBOLTI Framherjinn Árni Vilhjálmsson átti góðu gengi að fagna með úkraínska liðinu Chornomorets Odesa á meðan hann lék þar undanfarna mánuði. Árni lék þar sem lánsmaður frá pólska félaginu Bruk-Bet Termalica Nieciecza þar sem hann er samningsbundinn næstu tvö árin.

Bruk-Bet Termalica Nieciecza leikur í pólsku B-deildinni en frammistaða Árna með Chornomorets Odesa vakti athygli bæði hjá öðrum félögum í Úkraínu sem og á meginlandi Evrópu. Árni býst því frekar við því en ekki að hann yfirgefi herbúðir Bruk-Bet Termalica Nieciecza.

„Fótboltinn sem spilaður er í Úkraínu hentar mér mjög vel og að mörgu leyti betur en hérna í B-deildinni í Póllandi og það sem ég kynntist allavega í Noregi og Svíþjóð. Úkraínska deildin er sterk og er meðal annars talin níunda besta deild Evrópu af UEFA þannig að það segir sitt.

Liðin spila frekar taktískt en eru tæknilega góð og vilja spila boltanum með jörðinni. Mér líkar sá leikstíll og eiginleikar mínir sem knattspyrnumanns eru þannig að ég spila betur í þannig umhverfi," segir Árni í samtali við Fréttablaðið um tíma sinn í Úkraínu en þar skoraði hann sjö mörk í 12 leikjum.

Árni Vilhjálmsson fann sig vel þegar hann lék með Chornomorets Odesa í Úkraínu. Hann leitar nú að nýrri áskorun.

Þjálfarar kunna vel við Íslendinga

Töluverður fjöldi íslenskra leikmanna hefur farið til Póllands og annarra landa í Austur-Evrópu síðustu ár og Árni segist finna fyrir því að talað sé vel um íslenska leikmenn á þessum slóðum.

„Ég held að ástæðan fyrir því að pólsk lið og lið frá öðrum löndum í Austur-Evrópu hafa verið að sækjast í það að fá til sín íslenska leikmenn sé bæði að við erum góðir í fótbolta og þá fer það orðspor af okkur að við vælum ekki yfir erfiðum æfingum eða því hvar við erum látnir spila á vellinum.

Þeir þjálfarar sem ég hef haft hérna og hafa verið með íslenska leikmenn í sínum liðum tala um það að það sé mjög gott að vinna með okkur. Þjálfarinn sem ég var með í Odesa sagði til dæmis að hann hefði áður unnið með Eggerti Gunnþóri Jónssyni og það hefði verið mjög þægilegt," segir hann um mögulega ástæðu þess að austur-evrópsk lið séu áhugasöm um að vera með íslenska leikmenn á sínum snærum.

Odesa algjör paradís á jörð

„Mér leið mjög vel í Úkraínu og Odesa er algerlega frábær borg. Ég get alveg viðurkennt það að ég var svolítið smeykur við að fara þangað þar sem það er stríð í gangi þarna. Eftir að hafa kynnt mér málið og rætt við liðsfélaga minn hjá Bruk-Bet Termalica Nieciecza sem er frá Úkraínu ákvað ég að kýla á þetta. Ég sé svo sannarlega ekki eftir því.

Odesa er algjör paradís og hún er víst kölluð Ibiza norðursins. Kærastan mín var eiginlega frekar ósátt við að við værum að fara þannig að það er töluverð pressa á mér að finna mér lið í hugguleg borg," segir hann léttur.

„Eftir að ég kom til baka til Póllands til þess að taka þátt í undirbúningstímabilinu settist ég niður með forráðamönnum Bruk-Bet Termalica Nieciecza og þeir hafa látið mig vita að það sé áhugi á mér bæði frá Úkraínu og Mið-Evrópu og nú er bara planið að finna tilboð sem hentar félaginu og mér vel."

Hefur metnað til þess að taka næsta skref

„Mig langar að spila í sterkari deild en B-deildinni í Póllandi. Bæði fyrir mig sjálfan til þess að þróa minn feril og til þess að vera sýnilegri og eiga meiri möguleika á að vinna mér sæti í landsliðinu," segir markaskorarinn úr Kópavogi um framhaldið.

Árni hefur meðal annars verið orðaður við Dynamo Kiev sem hefur verið ansi sigursælt í Úkraínu síðustu tvo áratugi en liðið hefur níu sinnum orðið Úkraínumeistari frá aldamótum og til viðbótar orðið sjö sinnum bikarmeistari. Þá eru úkraínsku liðin Desna, Karpaty, Lvov, Vorska og Oleksandriya sögð áhugasöm, ásamt FC Ufa í Rússlandi, Craiova í Rúmeníu og nokkrum félögum í pólsku úrvalsdeildinni.

„Næstu vikur fara þá bara í það að koma mér í gott stand í hörku undirbúningstímabili hér í Póllandi og funda um næstu skref. Æfingarnar hérna eru svolítið af gamla skólanum í þeim skilningi að það er mikið hlaupið og frekar mikil áhersla á líkamlegan styrk. Ég hef alveg kynnst því að ganga í gegnum skógarhlaup í tíu stiga frosti þannig að ég er ýmsu vanur," segir Árni um komandi vikur. **hjorvaro@frettabladid.is**

Guðmundur mætir sínum fyrrverandi félögum

HANDBOLTI Íslenska karlalandsliðið í handbolta dróst í riðil með Danmörku, Ungverjalandi og Rússlandi þegar dregið var í riðla á Evrópumótinu, sem fram fer í Austurríki, Noregi og Svíþjóð, í Vínarborg síðdegis í gær.

Ísland sem var í þriðja styrkleikaflokki fékk Dani úr fyrsta styrkleikaflokknum, Ungverja úr öðrum og Rússa úr þeim fjórða. Liðin munu leika í E-riðli keppninnar sem spilaður verður í Malmö í Gautaborg. Leikið verður dagana 9.-26. janúar.

Guðmundur Þórður Guðmundsson, þjálfari íslenska liðsins, er þarna að mæta Dönum, sínum fyrrverandi lærisveinum. Danir eru ríkjandi heimsmeistarar og ljóst að það verður við ramman reip að draga í þeim leik.

Efstu tvö liðin í hverjum riðli fara í milliriðil en leikið verður í tveimur sex liða milliriðlum.

Holland sem leikur undir stjórn Erlings Richardssonar, og er á leiðinni í lokakeppni Evrópumóts í fyrsta skipti í sögunni, er í riðli með

Íslenska liðið verður í strembnum riðli á Evrópumótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» Ísland verður í riðli með ríkjandi heimsmeisturum, Danmörku, Ungverjalandi og Rússlandi þegar liðið leikur á Evrópumótinu í janúar á næsta ári.

ríkjandi Evrópumeisturum, Spáni, Þýskalandi og Lettlandi.

Lærisveinar Kristjáns Andréssonar í sænska liðinu, sem lutu í lægra haldi fyrir Dönum í úrslitaleik heimsmeistaramótsins fyrr á þessu ári, eru í F-riðli og mæta Slóveníu, Sviss og Póllandi.

Þetta verður í fyrsta skipti í sögunni sem 24 þjóðir taka þátt í lokakeppni Evrópumótsins. Riðlakeppnin mun auk þess að fara fram í Malmö verða leikin í Graz og Vínarborg í Austurríki, Þrándheimi í Noregi og Gautaborg í Svíþjóð. – hó

Guðlaug verður í eldlínunni

ÞRÍÞRAUT Íslenska þríþrautarkonan Guðlaug Edda Hannesdóttir verður meðal keppenda í sprettþraut í World Triathlon Series um helgina. Keppt verður í Montreal í Kanada en þetta er sterkasta þríþrautarmótaröð heims.

Hún hefur einu sinni áður keppt á þeirri mótaröð en þá varð hún að hætta keppni eftir að hafa fengið höfuðhögg á móti sem fram fór í Leeds.

Síðasta mót Guðlaugar Eddu var Evrópumótið í Ólympíuþraut sem þreytt var í lok maí en þar hafnaði hún í fjórtánda sæti.

Guðlaug Edda stefnir á að verða fyrsta íslenska konan til þess að öðlast þátttökurétt á Ólympíuleikunum sem haldnir verða í Tókýó næsta sumar. – hó

Hinrik dæmdur í langt bann

CROSSFIT CrossFit-kappinn Hinrik Ingi Óskarsson hefur verið bannaður frá öllum keppnum á vegum CrossFit Games eftir að hann féll á lyfjaprófi sem tekið var af honum í byrjun maí síðastliðnum þegar hann keppti í Reykjavík CrossFit Championship.

Blóðsýni Hinriks Inga sem tekið var á mótinu sýndi anabólíska stera sem eru á lista yfir þau efni sem eru á bannlista. Hann var dæmdur í fjögurra ára bann frá þátttöku á vegum Crossfit-leikanna.

Hinrik vann sér inn þátttökurétt á heimsleikunum, sem fram fara í Bandaríkjunum í ágúst síðar á þessu ári, í Reykjavík CrossFit Championship en nú er ljóst að hann mun ekki keppa á því móti. Bannið gildir til maímánaðar árið 2023. – hó

Wilfried Zaha gæti verið á leið til Arsenal. NORDICPHOTOS/GETTY

Zaha orðaður við Arsenal

FÓTBOLTI Fílabeinsstrendinguirnn Wilfried Zaha er á leið til Arsenal ef marka má fréttir enskra fjölmiðla. Zaha hefur undanfarið opinberað að hann vilji komast í lið sem leikur í Meistaradeild Evrópu en hann yrði reyndar að gera sér Evrópudeildina að góðu gangi hann til liðs við Arsenal í sumar.

Crystal Palace mun því líklega missa tvo af lykilleikmönnum sínum frá síðustu leiktíð en Aaron Wan-Bissaka, hægri bakvörður liðsins, er við það að ganga til liðs við Mancehster United.

Talið er að Crystal Palace fái um það bil 50 milljónir punda fyrir Bissaka og félagið hefur sett 80 milljóna punda verðmiða á Zaha sem skoraði 10 mörk í ensku úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð.

Zaha yrði fyrstu kaup Unai Emery, knattspyrnustjóra Arsenal, í sumar en pressa er á honum að færa stuðningsmönnum Meistaradeildarbolta á nýjan leik á þar næstu leiktíð. – hó

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NISSAN

Innovation that excites

Nissan **Qashqai – Gerðu kröfur**

HANN ER KOMINN!

SJÁLFSKIPTUR, FJÓRHJÓLADRIFINN

ENNEMM / SÍA / NM94363

QASHQAI ACENTA 4WD, SJÁLFSKIPTUR VERÐ: 5.190.000 KR.

Nú getum við aftur boðið hinn geysivinsæla Nissan Qashqai með sjálfskiptingu og hinu fullkomna Nissan Intelligent fjórhjóladrifi. Nissan Qashqai er einn best útbúni sportjeppinn á markaðnum. Honum fylgir fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti, 7" upplýsingaskjár með samþættingu við snjallsíma, bakkmyndavél, 17" álfelgur og margt fleira.

Gerðu fjölskylduna klára fyrir ævintýri sumarsins í nýjum, fjórhjóladrifnum Nissan Qashqai.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN

Mikilvægt að fara ekki of brattur af stað

Fjallahjólreiðar hafa undanfarin misseri rutt sér til rúms hér á landi. Fréttablaðið tók tvo þaulreynda hjólreiðaáhugamenn tali og bað um ráðleggingar til byrjenda, bestu hjólreiðaleiðirnar og að taka stöðuna á þessari forvitnilegu íþrótt almennt.

Katrín Atladóttir,

borgarfulltrúi og hjólreiðamaður

Hverjar eru bestu og skemmtilegustu hjólreiðaleiðirnar?
Mér finnst mjög gaman að hjóla í Öskjuhlíðinni. Þar eru ýmsar miserfiðar hjólaleiðir til að spreyta sig á. Það er samt alltaf skemmtilegast að hjóla á fjöllum og í nágrenni Reykjavíkur finnst mér skemmtilegt að hjóla í Esjunni, á fellunum í kringum Mosfellsbæ og svo er Jaðarinn, frá Bláfjallavegi niður í Heiðmörk alltaf fínasta æfing. Ég er mjög spennt að prófa nýju leiðina sem á að vera fær öllum í Skálafelli en fjallahjólasvæðið þar verður opnað í næstu viku. Á Akureyri er svo um 25 km fjallahjólaleið í Hlíðarfjalli og Kjarnaskógi sem er algjörlega frábær.

Hvað ráðleggur þú byrjendum?
Mikilvægast fyrir byrjendur er að velja sér verkefni við hæfi. Það er ekkert gaman að lenda óvart í að geta ekki eða þora ekki að hjóla leiðirnar sem maður er staddur á og þurfa að ganga langar leiðir með hjólið. Svo skiptir viðeigandi búnaður líka máli, ég hjóla alltaf með hjálm, hnéhlífar og bakbrynju.

Hvernig kom það til að þú fórst út í fjallahjólreiðar?
Ég hafði verið lengi að keppa í badminton og þegar ég lagði spaðann á hilluna vantaði mig eitthvert gott áhugamál í staðinn sem innifelur í sér einhverja hreyfingu. Þegar ég prófaði svo fjallahjól í fyrsta skipti varð ekki aftur snúið. Það er ekkert betra en að vera með hjólið mitt á fjöllum, hvort sem heldur er ein eða í góðum félagsskap. Þegar ég er svo að kljást við eitthvað flókið eða erfitt á hjólinu er ekkert annað sem kemst að. Þá næ ég algjöru núvitundarástandi sem er svo gott í amstri hversdagsins. Svo er líka algjör bónus að vera að eyða tíma úti í náttúrunni. Síðast, en alls ekki síst, er miklu meira töff að vera á fjallahjóli en á götuhjóli því það er ekkert spandex í fjallahjólreiðum.

Ein af uppáhaldsleiðum Katrínar



Katrín hefur stundað hjólreiðar frá því að hún lagði badmintonspaðann á hilluna fyrir nokkrum árum.
MYND/ÚR EINKASAFNI

Helgi Berg Friðþjófsson hefur stundað fjallahjólreiðar í tæpa þrjá áratugi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Helgi Berg Friðþjófsson,

margfaldur Íslandsmeistari í hjólreiðum.

Hefur þú verið lengi í fjallahjólreiðum? Hvað kom til?
Ég fékk áhuga á fjallahjólreiðum sem keppnisgrein 1991 þegar ég sá UCI World Cup keppni á Eurosport. Svo byrjaði ég að keppa 1993 á hjóli sem ég keypti fyrir fermingarpeninginn.

Er þetta ekki stórhættulegt sport?
Allar íþróttir eru hættulegar þegar maður er farinn að fara að ystu mörkum þess sem hægt er. En með aukinni fræðslu og að við séum nokkur á landinu sem erum komin með fjallahjólaþjálfaramenntun kemur þetta hratt. Þeir mörgu sem búnir eru með byrjendanámskeið, hjálpa vinum sínum aðeins og leiðbeina smá, þá dreifist aukin vitneskja vonandi hratt um og gerir fleiri öruggari. Þó er best að fara sjálfur á byrjendanámskeið.

Hefurðu merkt aukinn áhuga á sportinu undanfarin ár? Ef já, af hverju heldurðu að það stafi?
Já, ég hef klárlega tekið eftir mjög miklum og auknum áhuga á hjólreiðum. Bæði í keppnisgreinum, götuhjólreiðum, XC, AM, CX og DH. Þetta gerðist eftir hrunið 2007 þegar fólk fór að hugsa inn á við og rækta líkamann og vildi stunda íþróttir sem setja ekki mikið álag á stoðkerfin. Svo er bara svo brjálæðislega gaman að hjóla.

Hver er munurinn á græjunum sem notaðar eru í fjallahjólreiðum annars vegar og götuhjólreiðum hins vegar?
Fjallahjólreiðar og götuhjólreiðar eru í raun algjörlega ólíkar íþróttir hvað útbúnaðinn varðar. Allt önnur hjól. En léttir íþróttamenn sem stunda götuhjólreiðar henta líka vel líkamlega í Marathon og ólympískar XC-keppnir. Hins vegar eru Enduro og Downhill keppendur massaðri og líkari handboltamönnum líkamlega. Svo eru allavega tólf íþróttagreinar innan hjólreiða sem eru allar með algjörlega sér útbúin og hönnuð hjól frá grunni. Svo er best að minnast á að rafmagnsreiðhjólaflokkarnir og jafnvel séríþróttagreinar tengdar aukinni og hraðri þróun rafhjóla eru ný og spennandi viðbót við hina stóra flóru sem fyrir er og fólki býðst að nýta sér.

En munurinn á æfingunni sem þú færð út úr fjallahjólreiðum annars vegar og götuhjólreiðum hins vegar?
Það að hjóla á fjallahjólinu er almennt meiri alhliða hreyfing fyrir allan líkamann.
Á götuhjólinu er það meira core og fætur ásamt vandaðri þolþjálfun.
Annars eru allar hjólaíþróttir með eitthvert heillandi og skemmtilegt séreinkenni.

olof@frettabladid.is

AUÐGAÐU HUGARHEIMINN ÞINN!



Stílæfingar
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-

Litlir eldar alls staðar
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-



Urðarmáni
Verð: 3.999.-

Þar sem skömmin skellur
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 4.799.-

Boðun Guðmundar
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð áður: 3.999.-



Óvinafagnaður
Verð: 4.999.-



Móðir
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-



Mótíf X
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 3.999.-

Ósköp venjuleg fjölskylda
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð áður: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 1. júlí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Löng og ströng meðferð fram undan

Hún elskar lífið og allt sem er fallegt, segja vinir og aðstandendur Jónu Ottesen sem leggja henni lið og hlaupa í Reykjavíkurmaraþoninu. Jóna lenti í bílslysi í júnímánuði og hlaut mænuskaða. Fyrir algjöra tilviljun voru læknir, hjúkrunarfræðingur og sjúkraliðar nærri slysstað og björguðu líklega lífi hennar.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Þann 1. júní síðastliðinn var Jóna Elísabet Ottesen, ung móðir úr borginni, á leið úr sumarbústað norður í landi ásamt fimm ára dóttur sinni þegar bíll þeirra mæðgna valt. Dóttir Jónu, Ugla, slapp ómeidd en Jóna ekki. Hún hlaut mænuskaða við slysið.

Maður Jónu heitir Steingrímur Ingi Stefánsson, kallaður Ingi. „En það eru mjög jákvæð teikn á lofti, svo það sé sagt strax í upphafi. Hún er byrjuð að geta hreyft hendur, en þarf vitaskuld að vinna í því og að því. Hún þarf að safna kröftum. En læknarnir er vongóðir með efri hluta líkamans og að hún geti lifað sjálfstæðu lífi. Bjargað sér. Það er fyrsta markmiðið," útskýrir Ingi.

Daginn örlagaríka var Ingi við vinnu norður í landi. Hann átti fertugsafmæli og frídag við gerð bíómyndar sem hann vann að og Jóna var á leiðinni til hans að fagna tímamótunum. „Við fórum saman í sumarbústað þarna og svo gerist þetta á leiðinni þaðan. Þær velta."

Fyrir einskæra lukku voru þau sem fyrst komu að slysinu læknir, hjúkrunarfræðingur og sjúkraliðar. „Þannig að þegar lögreglan kemur á staðinn er þegar starfandi bráðateymi, sem hefur sennilega bara bjargað lífi hennar. Þetta hefði getað farið verr. Ég get ekki þakkað því fólki nóg," segir Ingi.

Þyrla Landhelgisgæslunnar kom svo og sótti þær mæðgur, en Ugla hafði setið í aftursætinu öfugu megin við móður sína. Jóna fór strax í aðgerð, liðhlaupið lagað og síðan upp á gjörgæslu þar sem hún hefur dvalið síðan. „Hún hefur verið í og úr öndunarvél en er alveg ótrúlega brött. Þannig er hún bara."

Jóna og Ingi kynntust árið 2012 og hafa verið saman allar götur síðan. Ugla fæddist tveimur árum síðar. Þau eiga þéttan vinahóp og fjölskyldu sem hefur einsett sér að safna fyrir áframhaldandi meðferð og endurhæfingu fyrir Jónu, meðal annars með því að hlaupa í Reykjavíkurmaraþoninu.

Meðal þeirra sem ætla sér að hlaupa í maraþoninu fyrir Jónu eru systir hennar, Ása Ottesen, og vinkonurnar Hólmfríður Helga Sigurðardóttir blaðamaður, Kolfinna Mjöll Ásgeirsdóttir kennari og Sóley Kristjánsdóttir vörumerkjastjóri.

Afslöppuð týpa sem tekur ekki verðmiðann af neinu

Hólmfríður, Ása og Kolla eru æskuvinkonur úr Árbænum, en Jóna hefur alltaf verið hluti hópsins.

Hólmfríður: Fyrst sem sagt, var hún litla systir hennar Ásu en síðar varð hún vinkona okkar. Það er ekki annað hægt þegar maður kynnist Jónu en að verða vinkona hennar. Hún hefur alltaf verið ein af hópnum, þó hún sé tveimur árum yngri.

Sóley kom síðar inn í hópinn, en þær Ása kynntust fyrir tveimur áratugum.

Sóley: Ég kynntist Jónu reyndar líka í gegnum Ásu, en við vorum alltaf saman. Eiginlega allar götur síðan 1998," segir hún og allir hlæja.

> HÚN ER ALGJÖRLEGA GRJÓTHÖRÐ. BARA FRÁ FYRSTA DEGI AÐ REYNA AÐ HREYFA SIG OG GERA ALLT SEM HÚN GETUR. ÞAÐ KOMA AUÐVITAÐ ERFIÐIR DAGAR EN HEILT YFIR ER HÚN MJÖG HÖRÐ.

Ása: Jóna er svona manneskja sem er alltaf með eitthvað á prjónunum, einhverjar skemmtilegar hugmyndir. Hún er sjálfstæð og fer eigin leiðir og er alltaf að pæla í hvað hún vill gera næst. Hún er skapandi. Það fer kannski ekki mikið fyrir henni, hún er ekki hávær en það er alltaf ótrúlega mikið í gangi í hausnum á henni.

Hólmfríður: Hún er svona frjáls andi. Hún elskar lífið og allt sem er fallegt og gott. Mikill hippi í henni.

Kolla: Ég held að það sé óhætt að segja að Jóna sé mikill hippi.

Sóley: Hún elskar náttúruna. Hún er ótrúlega hlý og kærleiksrík og segir svo fallega hluti. Hún er eiginlega ljóðræn. Heimilið hennar er líka svo fallegt og litríkt og mikið hún. Maður sér þegar maður kemur heim til hennar hvernig karakter hún er.

Ása: Hún hendir náttúrulega engu.

Ingi hlær. „Alls engu."

Ása: Við erum svona svart og hvítt með þetta. Heima hjá mér er allt í skúffum og skápum í réttri röð. Jóna er öllu frjálsari.

Ingi: Hún tekur ekki verðmiðann af neinu. Það eru grænir verðmiðar úr Góða hirðinum á öllu heima.

Þau hlæja öll innilega.

Ása: Hún er bara mjög afslöppuð týpa. Hún er ekkert að stressa sig á því sem aðrir eru að gera eða hvernig hlutirnir eiga að vera. Hún er alveg hún sjálf. Hún klæðir sig í vintage búðum og er algjörlega sinn eigin herra.

Kolla: En samt með svo skýra sýn á lífið og hvernig hún vill breyta og gera. Eins og þessi barnahátíð sem hún heldur á hverju ári, segir hún og vísar þar í barnamenningarhátíðina Kátt á Klambra, sem Jóna hefur haldið undanfarin ár við góðan orðstír. Hún er alltaf eitthvað að spá og spekúlera. Ekki í þessu hefðbundna.

Ingi: Við ætlum að halda hátíðina í ár eins og önnur ár. Það breytist ekkert þar. Kátt á Klambra verður haldin með glæsibrag á Klambratúni þann 28. júlí næstkomandi!

Það koma erfiðir dagar

Vinirnir hafa, líkt og áður segir, einsett sér að safna fyrir endurhæfingu Jónu og hafa skoðað möguleikann á því að fara til útlanda.

Ása: Ástæðan fyrir söfnuninni er sú að þó að við vitum að það er margt frábært að gerast heima og að Grensás sé frábær staður þá erum við spennt fyrir Jónu hönd að skoða eitthvað í útlöndum líka.

Ingi: Félagslegi þátturinn er til dæmis mjög mikilvægur. Úti eru endurhæfingarstöðvar þar sem fólk á svipuðum aldri, með svipaðan skaða, kemur saman. Meira að segja á sumum stöðvum er starfsfólkið líka með skaða. Þá myndast önnur stemning, þegar allir eru á sama báti einhvern veginn.

Ása: Þar er meira fókuserað á slíkt. Grensás er eins og ég segi frábær stofnun, en við viljum að Jóna geti líka leitað út ef hún vill það. Það er svo margt í gangi úti í heimi. En söfnunin er samt bara fyrir Jónu,

BAUHAUS®

bauhaus.is

Gardol

Bensínsláttuvél

- DYM162204.
- Styrkur: 135 cc mótor.
- Aðgerðir: 3-í-1.
- Sláttubreidd: 46 cm.
- Sláttuhæð: 25-75 mm.
- Þyngd: 41.1 kg.

61.995.-

Gardol

Bensínsláttuvél

- Edition 2.
- Styrkur: 160 CC Honda GCV160 mótor.
- Aðgerðir: 60 l safnskúffa, hliðarútkast og útkast að aftan og tvíklippibúnaður.
- Sláttubreidd: 51 cm.
- Sláttuhæð: 25-75 mm.
- Þyngd 38,8 kg.

81.995.-

Sláðu grasið í sumar með BAUHAUS!

MTD

399.995.-

Sláttutraktorar

- ModelMTD 96.
- Svæði allt að 4.000 m² .
- Fjöldi sláttuhnífa 2.
- Tegund mótors MTD með rafræsingu.
- Sláttubreidd: 96 cm.
- Sláttuhæð 30-95 mm. 5 stillingar.

MTD

449.995.-

Sláttutraktorar

- Model MTD 76.
- Svæði allt að 3.000 m² .
- Fjöldi sláttuhnífa 2.
- Tegund mótors MTD með rafræsingu.
- Sláttubreidd: 76 cm.
- Sláttuhæð 30-95 mm. 5 stillingar.
- 200 lítra safnskúffa.

MTD

499.995.-

Sláttutraktorar

- Model MTD 92.
- Svæði allt að 2500 m² .
- Fjöldi sláttuhnífa 2.
- Tegund mótors MTD með rafræsingu.
- Sláttubreidd: 92 cm.
- Sláttuhæð 30-95 mm. 5 stillingar.
- 240 lítra safnskúffa.

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

Ása er systir Jónu. Sóley, Kolfinna og Hólmfríður eru æskuvinkonur hennar. Fyrir miðju er maður Jónu, Steingrímur Ingi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

ÞAÐ ER SVO MIKILL KRAFTUR Í ÞEIM. ÞAÐ HEFUR VERIÐ SVO FLOTT AÐ FYLGJAST MEÐ ÞEIM, HVERNIG ÞAU HAFA BRUGÐIST VIÐ ÞESSU ÖLLU. ÞAÐ ER ENGIN FORSKRIFT TIL AÐ ÞVÍ.

það er Jóna sem fær að ráða hvað hún vill gera. Hvað langar hana að gera? Þetta er algjörlega fyrir hennar uppbyggingu.

Og er hún brött?

Ingi: Hún er algjörlega grjóthörð. Bara frá fyrsta degi að reyna að hreyfa sig og gera allt sem hún getur. Það koma auðvitað erfiðir dagar en heilt yfir er hún mjög hörð.

Líkt og heyrist á tali þeirra hafa þau legið yfir rannsóknum og úrræðum sem í boði eru fyrir þá sem eru mænuskaddaðir. Þau eru samt raunsæ. Segja mikilvægt að bera engin tvö mál saman. Vissulega séu kraftaverkasögur og þau halda í vonina.

Ása: Fólk hefur fengið mænuskaða af sömu gerð og Jóna og það hefur farið að ganga. En það er óalgengt. Við gerum okkur alveg grein fyrir því. Við erum ekkert að búast við því. Við erum að fókusera á hendurnar, segir hún.

Spaugilegt hlaupateymi

Líkt og áður kom fram ætlar hópurinn að hlaupa til styrktar Jónu. *Hversu mikla hlaupareynslu hefur hópurinn?*

Allir hlæja.

Kolla: Þetta er vægast sagt mjög fyndinn hlaupahópur. Við höfum nánast enga reynslu af hlaupum – en ein hefur reyndar hlaupið 21 km í gamla, gamla daga.

Hólmfríður: Nokkrar. Við Ása og Marta höfum hlaupið 21 kílómetra, en síðan hefur margt breyst.

Sóley: Þetta er dáldið spaugilegt.

Kolla: Ég er að hugsa um að valhoppa.

Hólmfríður: Ég trimma. Trimma er gott orð.

Kolla: Ég fór og æfði mig í gær og var orðin mjög peppuð, lét strákana mína hlaupa á undan, vera hérana mína.

Ása: Við erum ekki að hugsa um að komast þetta á einhverjum tíma. Við erum að gera þetta fyrir Jónu. Svo höfum við öll verið upptekin við að hugsa um Jónu og það verður gott að hittast öll og gera þetta saman.

Hólmfríður: Það er mikilvægt að hrista saman hópinn því við vitum að það styrkir hana og hún finnur fyrir því.

Ingi: Hún er rosalega ánægð með þetta.

Ása: Líka taka myndir, senda henni, vera live á Facebook og leyfa henni að fylgjast með.

Ingi: Hún hefur alltaf verið hlaupari í sér.

Ása: Hún er það.

Jóna hefur í nokkur ár haldið barnamenningarhátíðina Kátt á Klambra. Með aðstoð vina og fjölskyldu verður hún haldin í ár, þann 28. júlí næstkomandi.

Allir velkomnir í hlaupahópinn

Þið viljið bara sem mest liðsinni, þetta einskorðast ekki við ykkar nánasta vinahóp?

Sóley: Nei, og fólk sem ætlar ekki að hlaupa á bara að leggja inn pening.

Allir hlæja.

Kolla: Það mega allir hlaupa fyrir Jónu.

Hólmfríður: Sem flestir. Þú þarft ekki að vera vinur eða vinkona, bara að vilja styrkja hana.

Ása: Ef þú vilt hlaupa fyrir Jónu þá skráirðu þig í Styrktarfélagið Yl. Það er söfnunin hennar. Hlaupahópurinn heitir Vinir Jónu.

Það er ljóst að ærið verkefni er fyrir höndum í lífi þessarar litlu fjölskyldu. Fram undan eru íbúðaflutningar og fleira, enda ekki hjólastólaaðgengi á heimili þeirra.

Ingi: En ég er varla byrjaður á slíkum pælingum. Við erum bara að komast af gjörgæslunni. Einn dagur í einu.

Hólmfríður: Það er svo mikill kraftur í þeim. Það hefur verið svo flott að fylgjast með þeim, hvernig þau hafa brugðist við þessu öllu. Það er engin forskrift til að því.

Ingi: En það kemur held ég líka með þessari orku, frá öllum sem hafa verið að senda og hringja. Maður þarf bara að horfast í augu við þetta. Þetta er orðið svona. Við breytum því ekki. Þá er alveg eins gott að „power through“.

Sóley: Gera það besta úr hlutunum.

Kolla: Algjörlega. Það besta úr erfiðri stöðu.

Ása: Maður leyfir sér alveg að vera leiður og gráta og vera brjálaður og finnast þetta ömurlegt.

Ingi: Algjörlega. Þetta er ömurlegt, algjörlega óumdeilanlegt.

Ása: En á sama tíma gagnast það ekki neinum. Og það er til dæmis miklu betra að lenda í svona atburði núna en fyrir einhverjum árum. Framfarirnar eru orðnar svo rosalegar. Til dæmis varðandi það að keyra og hjóla. Það er rosalega margt sem hún mun geta gert og klárað og lifað sínu lífi.

Ingi: Svo verð ég að fá að koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra sem hafa annast Jónu, fólksins á vettvangi, starfsfólki Landhelgisgæslunnar og Landspítalans í Fossvogi. Það er frábært fólk sem vinnur þarna og leggur sig allt fram um að sinna henni og okkur fjölskyldunni líka. Þetta fólk hefur eitthvað meira en við hin.

Hægt er að leggja söfnuninni lið með því að leggja inn á styrktarreikninginn Ylur. 528-14-401998 - kennitala: 701111-1410.

FÓLK Helgin
LAUGARDAGUR 29. JÚNÍ 2019

Vill verða ein af þeim bestu

Fyrir 12 árum lenti Arna Sigríður Albertsdóttir í skíðaslysi sem breytti lífi hennar. Hún lét mótlætið ekki stöðva sig og stundar handahjólreiðar af krafti í dag. Vellíðan sem fylgir íþróttinni veitir henni innblástur í að ná lengra. →2

Arna Sigríður hefur stundað handahjólreiðar frá árinu 2012. Draumurinn er að komast á Ólympíuleikana 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Arna er mjög ánægð í náminu en hún stundar íþróttafræði við Háskólann í Reykjavík og telur hún að íþróttin og námið tvinnist vel saman.

Ásta Eir Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is

Ísafjarðarbær á hug hennar allan, en þar ólst hún upp og stundaði íþróttir af krafti, þar á meðal skíði. Um áramótin 2006/2007 var Arna í æfingaferð í Geilo í Noregi þegar hún lenti í alvarlegu skíðaslysi og hlaut mænuskaða, þá 16 ára gömul. Sex árum eftir slysið flutti hún suður til Reykjavíkur og byrjaði þá að æfa handahjól.

Handahjól er ein grein undir Alþjóðlega hjólasambandinu, líkt og fjallahjól og götuhjól. „Ég hef hingað til verið mikið ein að æfa hér á Íslandi, en það eru aðeins fleiri byrjaðir að stunda þetta núna," segir Arna. Það eru engar handahjólakeppnir hér á landi en þegar hún byrjaði var hún að taka þátt í styttri hjólakeppnum eða maraþonhlaupum. Hún var fyrsti Íslendingurinn sem keppti á handahjóli eða í hjólreiðum fyrir hreyfihamlaða „Ég fór á fyrsta mótið mitt árið 2014 og hef verið að keppa síðan. Markmið mitt núna er að komast á Ólympíuleika fatlaðra haustið 2020 í Tókýó."

Aftur á byrjunarreit

Eftir slysið var Arna lengi í sjúkraþjálfun og meðfram henni var hún í mikilli styrktarþjálfun. „Þegar maður fær mænuskaða þá þarf að læra að setjast upp í rúminu, klæða sig, ýta sér í stólnum og færa sig á milli stóla. Allt þetta krefst mikils styrks í efri líkamanum." Í dag er hún hjá Fannari Karvel, styrktarþjálfara og íþróttafræðingi. „Hjá honum er ég að lyfta lóðum og gera alls konar styrktaræfingar fyrir efri líkamann, bara eins og allir íþróttamenn," útskýrir Arna.

Það var ekki bara erfitt að finna sér nýja íþrótt eftir slysið heldur þurfti að byggja upp gríðarlegan styrk og þol. Þar sem íþróttin krefst mikils styrks í höndunum þá hefur tekið tíma fyrir Örnu að byggja hann upp en hún hefur æft vel og vandlega. „Þetta var mjög erfitt fyrst, en þá var ég mest að hjóla flatt, stutt og hægt, en er að reyna að komast nær þeim sem eru að hjóla með fótunum.

Næsta stóra mót hjá Örnu er Heimsmeistaramótið í Hollandi í september.

Á ferð og flugi um fallega Ísland. MYND/ÞÓRDÍS REYNISDÓTTIR

Aukinn áhugi gleður

Arna hefur verið dugleg að fara til útlanda að keppa á þessu ári. Hún stefnir á að taka eitt mót í viðbót áður en hún fer á Heimsmeistaramótið í hjólreiðum hreyfihamlaðra sem haldið verður í Hollandi í byrjun september. „Þetta mót er hápunktur ársins, og ég er mjög spennt."

Nýlega skrifaði Arna undir samning hjá Icepharma. Hún er mjög spennt fyrir samstarfinu og finnur fyrir meiri áhuga á íþróttinni. „Þetta sport er rosalega dýrt, ég þarf til dæmis að vera á sérsmíðuðu hjóli og allar græjur í kringum þetta eru alls ekki ódýrar. Svo þar sem ég er ekki að keppa heima þá þarf ég alltaf að fara til útlanda að keppa og það getur kostað sitt. Ég er því mjög þakklát að fá aðstoð frá Icepharma til að ná sem lengst í þessu."

Hún finnur fyrir meira áhuga á íþróttinni og telur mikilvægt að fjalla meira um fjölbreyttari íþróttir. „Það er greinilega meiri áhugi á fjölbreyttara sporti, maður finnur fyrir ákveðnari viðurkenningu. Ástæðan fyrir því að ég hef verið mikið í fjölmiðlum og farið í mörg viðtöl er að ég vil auglýsa þetta sport betur. Sérstaklega fyrir fólk með hreyfihömlun."

Vill miðla sinni þekkingu

Hún er gríðarlega ánægð með að hafa tekið þá ákvörðun að prófa þessa íþrótt. „Þessi íþrótt gefur mér svo mikið, bæði hreyfingin og svo almenn líkamlega heilsa. Hreyfing er að sjálfsögðu mikilvæg fyrir alla, en sérstaklega fyrir fólk með mænuskaða því líkamshreyfingin verður almennt ekkert rosalega góð."

Arna kláraði nýverið fyrsta árið sitt í Háskólanum í Reykjavík þar sem hún stundar nám í íþróttafræði. „Ég átti smá erfitt með að byrja aftur í námi eftir að ég slasaðist. En ég hef ótrúlega mikinn áhuga á þessu og námið er oft að hjálpa mér í íþróttinni. Það er líka gott fyrir mig að benda fólki sem er í endurhæfingu á íþróttir og hreyfingu, mér finnst það svolítið vanta á Íslandi." Erlendis er fólk sem hlýtur mænuskaða oft á sérstöku sjúkrahúsi þar sem því er gefið sérhæft prógramm og ýmsir möguleikar. „Mig langar að fólk viti að möguleikarnir eru til staðar. Íþróttafólk sem slasast á það oft til að hætta, en það er meira í boði," segir Arna.

Arna segir að margir þættir spili inn í þegar kemur að jákvæðni og drifkrafti. „Mér finnst þetta aðallega ótrúlega gaman. Auðvitað koma dagar þar sem ég nenni kannski ekki á æfingu, en það gerist held ég hjá flestum íþróttamönnum stöku sinnum. Þessi tilfinning að komast út og upplifa hraða og adrenalín er eitthvað sem ég sæki í, og svo líður mér bara svo ótrúlega vel, það er aðalhvatningin."

15 ára
afmælishátið Fjallakofans
20.-30. júní

FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ Í 10 DAGA

Marmot sumarfatnaður 20% afsláttur	ARC'TERYX sumarfatnaður 20% afsláttur	SCARPA gönguskór 20% afsláttur	Smartwool nærfatnaður 20% afsláttur	Löffler hjólafatnaður 20% afsláttur
BH fjallahjól 20% afsláttur	Teva sandalar 20% afsláttur	KARI TRAA nærfatnaður 20% afsláttur	GREGORY bakpokar 20% afsláttur	KÜHL sumarfatnaður 20% afsláttur
Völkl fjallaskíðabúnaður 30% afsláttur	BH rafhjól 20% afsláttur	KOMPERDELL göngustafir 20% afsláttur	EuroSCHIRM regnhlífar 20% afsláttur	Alpinestars hjólafatnaður 30% afsláttur

Við tökum vel á móti þér í afmælisskapi

sjá nánar á fjallakofinn.is

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

FJALLA KOFINN

Bestu gestirnir eru þungarokkarar

Þó nokkur fjöldi Íslendinga skellti sér á þungarokkshátíðina Copenhell sem haldin var í síðustu viku. Þar var hárinu fleygt fram og til baka í takt við tvöfalda bassatrommu.

Íslenski hópurinn samankominn, hress og kátur með rokkhornin goðsagnakenndu að sjálfsögðu á sínum stað. MYNDIR/MATTHÍAS KARLSSON

Granitharður í Metallica-bol.

Ef hornin nást ekki á mynd er alltaf töff að reka út úr sér tunguna.

Drungalegir menn en bestu skinn eins og allir aðrir rokkarar.

Copenhell hélt upp á tíu ára afmæli sitt þetta árið og voru Tool, Slipknot, Scorpions, Slash og Myles Kennedy and the Conspirators, Lamb of God, Rob Zombie og Stone Temple Pilots meðal annarra sem tróðu upp. Ekkert íslenskt band kom fram að þessu sinni en Sólstafir plokkuðu strengina þarna árið 2016.

Magni Freyr Guðmundsson fór ásamt nokkrum öðrum íslendingum og skemmti sér konunglega.

„Miðaldra við vildum ekkert sérstaklega vera í tjaldi á Hróarskeldu og fórum því á Copenhell. Þetta liggur vel við höggi, það eru margir vinir okkar sem búa þarna þannig að við vorum með íbúð í miðbænum og höfðum það ákaflega huggulegt,“ segir hann.

Stóru nöfnin á Copenhell hafa verið rokkrisar og engin undantekning var í ár. Slipknot sló í rokkklárinn svo um munaði og segir Magni að þeir hafi verið stórkostlegir á sviðinu. „Ég fór til að sjá Tool og Clutch meðal annars og fannst þeir frábærir en Slipknot menn voru stórkostlegir – það er bara þannig. Þetta var tryllt að sjá þá. Þeir negldu þetta.“

Hann segir að Copenhell sé eitthvað sem hann mæli með alveg hiklaust. „Alveg tvímælalaust. Umgjörðin og allt í kringum þetta var upp á 10. Viðmótið var alveg frábært á svæðinu enda eru bestu gestirnir yfirleitt þungarokkarar.“

Orð að sönnu og sést það best á Eistnaflugi þar sem einkunnarorðin eru að það sé bannað að vera fáviti. „Það er ekkert jafn mikið básúnað þarna í Kaupmannahöfn og á Eistnaflugi en það voru allir vinir þarna og enginn með vesen. Það nennir því enginn.“ Rokk og ról.

Sjálfa í miðjum áhorfendaskara. Trúlega stórkostleg mynd.

Slash mætti á svæðið og taldi í eitt Guns N'Roses lag. „Þá vaknaði maður en annars er hann ekki alveg minn tebolli,“ segir Magni.

Rokkhornum sveiflað í gríð og erg.

EINFÖLDUM HLUTINA

VANTAR ÞIG AÐSTOÐ VIÐ REKSTUR?

- Þarf að snúa rekstri við?
- Þarftu að losa lager og verðmæti?
- Viltu selja reksturinn?
- Er fyrirtækið á leið í þrot?
- Þarftu að finna leiðir til að loka?

YFIRTÖKUM EIGNIR / KAUPUM:

- Ökutæki
- Lóðir/Eignir
- Lager fyrirtækja
- Fyrirtæki sem eru að fara í þrot eða eru til sölu

OKKAR NÁLGUN

- Erum lausnamiðaðir
- Staðgreiðum verðmæti
- Kaupum allar eignir
- Fyllsta trúnaðar er gætt
- Skjót ákvarðanataka

MÁLALAUSNIR
malalausnir@malalausnir.is

Keflavíkurvöllur

LAUGARDAGUR 29. JÚNÍ 2019

Kynningar: Kadeco, Baseparking, Joe & the Juice

Fríið byrjar á Keflavíkurflugvelli

Það er margt um að vera á verslunar- og þjónustusvæði flugstöðvarinnar. Verslanirnar bjóða upp á gott úrval og það eru flott tilboð í gangi á veitingastöðunum.

Isavia vill tryggja að fríið byrji og gangi vel og býður ferðalöngum því að undirbúa sig fyrir flug frá Keflavíkuflugvelli á ýmsan hátt. Þannig er bæði hægt að flýta fyrir sér og gera ferðalagið þægilegra. →2

Þjónustufyrirtækið Isavia sér um rekstur á Keflavíkurflugvelli og á innanlandsflugvöllum landsins og er því mikilvægur ferðafélagi í öllum flugferðum Íslendinga. Fyrirtækið vill vera hluti af góðu ferðalagi og leggur sig fram um að bjóða fyrsta flokks þjónustu, því allt er gott sem byrjar vel.

„Það eru vissulega breyttir tímar í flugumferð á Íslandi eftir að WOW air hvarf af sjónarsviðinu og við sjáum fram á töluverða fækkun farþega í sumar," segir Gunnhildur Erla Vilbergsdóttir, deildarstjóri viðskipta á Keflavíkurflugvelli. „En álagspunktarnir eru samt enn þá mjög stórir og þar af leiðandi er mikilvægt að gefa sér góðan tíma á flugvellinum og undirbúa sig sem best svo að ferðalagið gangi snurðulaust og byrji eins vel og hægt er."

Leggja bílnum fyrir þig

„Við mælum með því að bóka bílastæði fyrir fram. Það tryggir langbesta verðið og gerir það þægilegra að mæta upp á völl," segir Gunnhildur. „Við bjóðum líka upp á þjónustu sem heitir Lagning. Hún gengur út á að við sjáum um að leggja bílnum fyrir

Framhald á síðu 2 →

Isavia leggur mikla áherslu á að bjóða gestum Keflavíkurflugvallar upp á fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum. MYNDIR/HVÍTA HÚSIÐ

þig, en Lagningu er hægt að panta í bókunarkerfinu okkar.

Þegar þú kemur á völlinn með alla fjölskylduna getur oft verið mikið stress í gangi og það getur verið í alls konar veðri. Þá er óskaplega gott að geta bara lagt á skammtímastæðinu við flugstöðina og afhent lyklana að bílnum. Bíllinn bíður svo fyrir utan flugstöðina þegar heim er komið," segir Gunnhildur. „Þetta er mjög þægilegt og léttir líka allt stressið sem fylgir ferðalögum. Svona þarf maður bara ekkert að hugsa um bílinn."

Margar leiðir til undirbúnings

„Svo er hægt að fylgjast með fluginu sínu í gegnum vefinn kefairport.is. Þar getur maður fundið sitt flug og valið að fá allar uppfærslur eða tilkynningar sem tengjast fluginu sínu beint í símann, annað hvort í gegnum Messenger eða tölvupóst," segir Gunnhildur. „Þannig veistu strax af því ef það verður einhver breyting á fluginu og þarft ekki stöðugt að fylgjast með.

Einnig flýtir rosalega fyrir að innrita sig á vefnum áður en maður kemur á völlinn, mörg flugfélög eru byrjuð að bjóða upp á þann möguleika," segir Gunnhildur. „Það eru líka margar sjálfsafgreiðslustöðvar fyrir innritun inni í flugstöðvarbyggingunni og þær flýta mikið fyrir, svo ferðin í gegnum flugstöðina verður fljótlegri og þægilegri fyrir alla. Flest flugfélög gera ferðalöngum meira að segja kleift að innrita töskuna sína sjálfir.

Við mælum með að koma á flugvöllinn tveimur og hálfum tíma fyrir flug til að allt gangi sem best og fólk lendi ekki í neinu veseni eða tímahraki. Flest flugfélög bjóða upp á innritun með það löngum fyrirvara," segir Gunnhildur.

Gunnhildur segir að álagspunktarnir á Keflavíkurflugvelli séu enn mjög stórir og því sé mikilvægt að gefa sér góðan tíma á flugvellinum og undirbúa sig sem best.

Margt í boði í flugstöðinni

„Það kannast allir við tilhlökkunina sem fylgir því að fara í frí og koma upp á flugstöð. Þegar bæði innritun og öryggisleit er lokið kemst maður inn á verslunar- og þjónustusvæðið og þar er margt um að vera," segir Gunnhildur. „Verslanirnar okkar bjóða upp á gott úrval, þær eru allar tollfrjálsar og það eru ýmiss konar tilboð í gangi þar í allt sumar, svo það er sannarlega góður kostur að versla á flugvellinum.

Það eru líka flott tilboð í gangi í veitingum fyrir alla fjölskylduna á matsölustöðunum okkar um þessar mundir," segir Gunnhildur. „Til dæmis geta börn fengið barnamáltíð á Mathúsinu alveg ókeypis, sem er ansi góð kjarabót og það eru líka fjölskyldutilboð í gangi á nýja veitingastaðnum, Hjá Höllu. Þar er boðið upp á eldbakaðar pitsur sem hafa slegið í gegn hjá mörgum undanfarið."

Inni á heimasíðunni www.wheninkef.is er hægt að sjá vöruúrval og þau tilboð sem eru í boði í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Þar má einnig fá nánari upplýsingar um allt sem tengist undirbúningi fyrir flug, innritun, öryggisleit o.s.frv.

Í flugstöðvarbyggingunni eru margar sjálfsafgreiðslustöðvar fyrir innritun í flug, sem flýta mikið fyrir.

Það er mælt með því að bóka bílastæði fyrir fram til að fá langbesta verðið og gera það þægilegra að mæta upp á völl.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103, | Veffang: frettabladid.is

Þægilegri bankaþjónusta á leið í fríið

Gríptu gjaldeyrinn með þér á flugvellinum. Útibúið okkar í brottfararsalnum er opið frá fimm á morgnana til miðnættis alla daga. Þar og í hraðbönkum okkar í flugstöðinni færðu allar helstu myntir. Góða ferð!

arionbanki.is

Arion appið

Mynd af Vought OS2U Kingfisher á leið til Íslands sem tekin var um borð í USS New York árið 1945. NORDICPHOTOS/GETTY

100 ára flugsaga Íslands

Þann 3. september árið 1919 hóf fyrsta flugvélin sig til lofts á Íslandi og gerðist það í Vatnsmýrinni. Flugmálafélagið, Þristavinafélagið og Isavia hafa minnst þessara tímamóta en fjölmenni var á hinum árlega flugdegi.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is

Þriðja september árið 1919, aðeins 15 árum eftir að Wright bræður hófu sig til flugs fyrstir manna, fór flugvél af stað í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Samkvæmt Morgunblaðinu var sunnangola í Vatnsmýrinni þennan dag, alskýjaður himinn yfir Reykjavík og hiti um 14 gráður. Flugvélin Avro 504K hóf sig svo á loft seinni partinn. Avro 504K flugvélar voru opnar tvíþekjur sem gátu borið einn farþega auk flugmanns og höfðu þriggja tíma flugþol. Flughraðinn var um 100 kílómetrar á klukkustund. Flugmaðurinn var Cecil Torben Faber og var aðeins tvítugur. Cecil var herflugmaður úr breska hernum, sonur danska stjórnarráðunautarins Haralds Fabers, sem starfaði í Lundúnum.

„Vélin leið áfram um loftið eins og risavaxinn fugl, stöðugri en nokkur vagn á rennisléttum vegi, sneri sér í krappar beygjur og tyllti sér eftir dálitla stund aftur á grassvörðinn," sagði í Morgunblaðinu daginn eftir. Þar segir enn fremur að margt fólk hafi safnast saman til að skoða vélina og sumir borguðu 50 aura til að skoða þennan furðugrip. Þegar Faber hóf sig á loft í seinna skiptið klappaði mannfjöldinn og hrópaði.

„Þegar hún losnaði við jörðina, dundi við lófaklapp allra og köll margra. Fjöldinn allur hafði aldrei séð flugvél lyfta sér til flugs áður og það hefir einkennileg áhrif á jarðbundnar verur. Ekki aðeins mennina. Hestarnir á næsta túni við flugvöllinn gláptu á þetta furðuverk og voru steinhissa. Og einn hundur ætlaði að tryllast.

Flugvélin smáhækkaði í lofti og vatt sér í hringum upp í 500 metra hæð og leið þar áfram. Öðru hvoru stöðvaði flugmaðurinn mótorinn, steypti vélinni beint niður á nokkra tugi metra og rétti við aftur. Var þá mörgum nóg boðið og nokkrir krakkar fóru að skæla," segir í frásögn Morgunblaðsins 1919.

146 ferðir

Fyrsti flugfarþeginn á Íslandi var Ólafur Davíðsson, útgerðarmaður í Hafnarfirði. Tveimur dögum síðar fór fyrsta konan um borð og var það Ásta Magnúsdóttir, sem síðar varð ríkisféhirðir. Alls fór Avro-vélin 146 ferðir á sextán flugdögum. Síðan var hún tekin í sundur og geymd í skýli fram að sumrinu 1920. Flugmálafélagið, Þristavinafélagið og Isavia hafa minnst þessara tímamóta síðustu vikurnar.

Fyrst var því fagnað með komu fjölmargra svonefndra Þrista, véla af gerðinni Douglas DC-3, sem komu hingað til lands á leið

Avro 504K flugvél, líkt og kapteinninn ungi, flaug yfir höfuðborgina í september 1919.

Um 1980, Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli. Stæða af bjór sem flugáhafnir gátu einungis keypt.

Kapteinn Faber

Í Morgunblaðinu síðar í september 1919 segir frá hinum unga Faber. „Til vígstöðvanna fór capt. Faber í desember 1915 og tók þá til óspilltra málanna. Tæpum tveim mánuðum síðar lenti hann í viðureign, sem nærri hafði riðið bonum að fullu. Hann fékk kúlu í fæturna og brotnaði annar. Capt. Faber var þá við annan mann í vélinni. Þegar hann varð fyrir skotinu, var hann í 7000 feta hæð. Hann missti sem snöggvast meðvitundina af sársaukanum, en þegar hann rankaði við sér aftur, voru ekki nema 1500 fet til jarðar.

Hann var staddur yfir vígstöðvum Þjóðverja og nál. 40 kílómetra leið heim til herbúða Breta. Komst bann þó slysalaust heim, en var veikur hér um bil heilt ár á eftir. I aprílmánuði 1918 særðist capt. Faber aftur, en ekki eins stórvægilega. Var hann þá aleinn í vél sinni með þrjár hríðskotabyssur og varð fyrir skoti neðan af jörðunni. Lá hann þrjár vikur í sárum, en fór ekki í ófriðinn aftur. Hann gerðist þá flugkennari í Bretlandi. Í ófriðnum skaut hann niður fimm þýzkar flugvélar og þá sjöttu veit hann ekki um, hvort hún féll niður eða gat bjargað sér undan, því hún hvarf sjónum."

> Var þá mörgum nóg boðið og nokkrir krakkar fóru að skæla.

frá Bandaríkjunum til Bretlands til þátttöku í minningarathöfn vegna innrásarinnar í Normandí í júní 1944. Almenningi var boðið að skoða þær vélar á Reykjavíkurflugvelli í síðari hluta maímánaðar. Fimmtudaginn 23. maí flutti Arnþór Gunnarsson sagnfræðingur, og höfundur bókarinnar Saga flugvalla og flugleiðsögu á Íslandi, erindi um sögu Reykjavíkurflugvallar.

Fjallað var um flugvallargerðina á árum síðari heimsstyrjaldar, þróun flugvallarins og langvinnar deilur um staðsetningu og starfsemi Reykjavíkurflugvallar allt frá því að Bretar gerðu flugvöllinn.

ALLT ER GOTT SEM BYRJAR VEL

Fríið byrjar hjá okkur. Skoðaðu vöru- og veitingaúrvalið okkar á wheninkef.is og byrjaðu fríið fyrr.

Við hlökkum til að sjá ykkur.

www.wheninkef.is

#wheninKEF

KEFLAVIK AIRPORT

Farþegum fækkar mikið milli ára

Þó svo að ferðamönnum sem fara um Keflavíkurflugvöll í ár fækki frá því sem var í fyrra vill Isavia áfram hvetja farþega til að mæta tímanlega í flugstöðina. Álagstímar eru enn til staðar í starfsemi flugfélaga á flugvellinum og flugferðir eru því oft á sama eða svipuðum tíma.

Fjölgun farþega um Keflavíkurflugvöll hefur verið afar hröð á síðustu árum og hefur hún í sumum tilvikum kallað á uppfærða farþegaspá þegar liðið hefur á árið – hvort sem farþegum hefur fjölgað eða fækkað. Í lok mars hætti WOW air, einn stærsti viðskiptavinur Isavia á Keflavíkurflugvelli, starfsemi. Þá var ljóst að gera yrði breytingar á farþegaspá fyrir árið 2019. Því til viðbótar hefur verið nokkur óvissa vegna stöðu Boeing MAX flugvéla Icelandair.

Í spá fyrir árið 2019, sem birt var í janúar, var gert ráð fyrir að 8,9 milljón farþegar færu um Keflavíkurflugvöll í ár. Í uppfærðri farþegaspá Isavia, þ.e. rauntölur fyrir janúar til og með maí og síðan spá fyrir júní til og með desember, er gert ráð fyrir að heildarfjöldi farþega sem fer um Keflavíkurflugvöll verði tæpar 7,3 milljónir sem er fækkun um tæpar 2,5 milljónir frá því sem var í fyrra. Áætlaður heildarfjöldi í ár er nærri hálfri milljón meiri en árið 2016.

Í spá Isavia frá í janúar var gert ráð fyrir því að 2,26 milljónir erlendra farþega kæmu til Íslands. Það var fækkun um 2% frá því í fyrra. Það er mat Isavia, að erlendir farþegar til landsins í ár verði 1.927 þúsund. Það er fækkun um 333 þúsund manns frá fyrri spá og 388 þúsund manns frá því sem raunin varð í fyrra. Spáin gerir því ráð fyrir um 9% fleiri erlendum ferðamönnum en árið 2016.

Íslenskum farþegum fækkar um 5,5%, úr rúmlega 668 þúsund í rúmlega 631 þúsund.

Sumarið á Keflavíkurvelli

Þó svo að ferðamönnum sem fara um Keflavíkurflugvöll í ár fækki frá því sem var í fyrra vill Isavia áfram hvetja farþega til að mæta tímanlega í flugstöðina. Það er vegna þess að álagstímar eru enn til staðar í starfsemi flugfélaga á flugvellinum og flugferðir eru því oft á sama eða svipuðum tíma. Mælt er með því að farþegar komi til innritunar 2-2,5 klukkustundum fyrir brottför. Þeir eru hvattir til að vera vel undirbúnir fyrir öryggisleit á flugvellinum og nýta sér sjálfsinnritunarstöðvar ef slíkt er í boði fyrir viðkomandi flug til þess að allt muni ganga vel fyrir sig á flugvellinum.

Mat Isavia er að fjöldi erlendra farþega til Íslands í ár verði 1.927 þúsund. Þeim fækki því um 388 þúsund milli ára.

Það er mat Isavia, að erlendir farþegar til landsins í ár verði 1.927 þúsund. Það er fækkun um 333 þúsund manns frá fyrri spá. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þó svo að ferðamönnum sem fara um Keflavíkurflugvöll í ár fækki vill Isavia áfram hvetja farþega til að mæta tímanlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skiptifarþegum sem fara um Keflavíkurflugvöll fækkar um 43 prósent frá í fyrra, úr tæpum 3,9 milljónum í tæpar 2,2 milljónir. Þar munar tæplega 1,7 milljónum farþega. Mestu munar um brotthvarf WOW air.

Skiptifarþegum sem fara um Keflavíkurflugvöll fækkar um 43 prósent frá í fyrra, úr tæpum 3,9 milljónum í tæpar 2,2 milljónir. Þar munar tæplega 1,7 milljónum farþega. Mestu munar um brotthvarf WOW air.

Uppfærðar tölur um farþegafjölda í júní og til loka desember benda til að heildarfjöldi farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll árið 2019 verði um 7,3 milljónir. Útlit er fyrir að íslenskir farþegar um Keflavíkurflugvöll verði um 631 þúsund árið 2019 sem er 37 þúsundum færri en í fyrra.

Farþegaspá Isavia 2019 fyrir Keflavíkurflugvöll er unnin út frá upplýsingum um afgreiðslutíma sem flugfélögin hafa tryggt sér. Farþegaspáin byggir á upplýsingum úr kerfum Isavia, til viðbótar við þær fréttir sem borist hafa af flugfélögum. Spáin er að því leyti unnin með öðrum hætti en áður. Isavia telur hins vegar að fyrir liggi nægar upplýsingar til að gefa út uppfærða farþegaspá og svara þannig ákalli markaðarins.

flybus
Við skutlum þér!
Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur & brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.
Verslaðu miða á flugrutan.is
Tryggt sæti
Frítt internet
Tíðar ferðir
flugrutan.is
Kynnisferðir – Reykjavik Excursions
Umferðarmiðstöðin BSÍ • 101 Reykjavík
580 5400 • main@re.is
www.re.is • www.flugrutan.is
Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR

Sölufulltrúar
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

Starf framkvæmdastjóra Vísindagarða Háskóla Íslands

Vísindagarðar Háskóla Íslands eru alþjóðlegt tækni- og þekkingarsamfélag á Íslandi sem tekur virkan þátt í tengja saman frumkvöðla, fyrirtæki, háskóla, stofnanir og aðra hagsmunaaðila sem vinna að því að efla hagnýtingu rannsókna, nýsköpun og viðskiptaþróun til hagsældar og heilla fyrir land og þjóð. Við leitum nú að öflugum einstaklingi til að leiða starfsemina; móta og framkvæma stefnu félagsins til framtíðar. Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir aðila sem er víðsýnn og reynslumikill, hefur brennandi áhuga á nýsköpun og þróun, góða reynslu af opinberri stjórnsýslu, þekkir innviði Háskóla Íslands, rannsóknarumhverfi og nýsköpun á Íslandi. Viðkomandi þarf að geta unnið með teymum og verkefnahópum og samræmt vinnu þeirra, vera lausnamiðaður og hafa víðtæk tengsl við atvinnulíf og stjórnsýslu. Framkvæmdastjóri heyrir beint undir stjórn félagsins og hefur starfsstöð í Aðalbyggingu Háskóla Íslands.

Meðal verkefna

- Stjórn verkefna og daglegur rekstur, þ.á m. fjármál félagsins, greiningarvinna og áætlanagerð, markaðssetning og starfsmannastjórn
- Tengslamyndun bæði við opinbera aðila og fyrirtæki – stýrir vinnu vegna viðskiptatækifæra
- Samningagerð - leiðir vinnu vegna fjárfestinga og umbreytinga á núverandi eignum, lánamála og fjármögnunar
- Samskipti við Háskóla Íslands, fjárfesta og hagsmunaaðila
- Tengiliður við fræðasvið og yfirstjórn Háskólans og Reykjavíkurborg og umsjón með öllum öðrum erindum sem berast félaginu innan lands og erlendis frá

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil reynsla af stjórnun, sérstaklega breytingastjórnun og umbótaverkefnum
- Þekking og reynsla af skipulagsmálum og stjórnsýslu
- Þekking og reynsla af rekstri fasteigna, útboðum, samningagerð og framkvæmdum
- Þekking á sviði fjármála og reksturs fyrirtækja
- Afburðagóð skipulags- og samskiptafærni
- Reynsla eða góð þekking á akademísku umhverfi og akademískum störfum nauðsynleg
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði

Nánari upplýsingar veitir Hilmar B. Janusson, stjórnarformaður Vísindagarða, **hilmar@hi.is**, s: 8918770.

Umsóknarfrestur er til og með **30. júlí 2019**.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi (.pdf) með tölvupósti frá og með 25. júní 2019. Beiðnir um afhendingu útboðsgagna og fyrirspurnir skulu sendar á netfangið utbod@arborg.is þar sem fram koma upplýsingar um nafn, netfang og símanúmer bjóðanda auk upplýsinga um tengilið. Tilboðum skal skilað eigi síðar en 31. júlí 2019 kl. 11:00 á skrifstofu Lögmanna Suðurlandi ehf., Austurvegi 1-5 á Selfossi.

Sveitarfélagið Árborg

HVERFISGATA 33

Heimili fasteignasala kynnir 465,6 fm Skrifstofu- og þjónustuhúsnæði að Hverfisgötu 33.

Einstakt tækifæri á svæði sem farið hefur í gegnum mikla endurnýjun.

Auðvelt aðgengi er að eigninni og bílastæðahús handan götunnar.

Um er að ræða 3ja hæða lyftuhús og rými í kjallara. **Tilboð óskast**

Ragnar Þorgeirsson, löggiltur fasteignasali

Nánari upplýsingar veitir
Ragnar Þorgeirsson, löggiltur fasteignasali,
í síma 774 7373 og ragnar@heimili.is

heimili fasteignasala – á traustum grunni

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur

Allar auglýsingar vegna innkaupaferla eru birtar á

utbodsvefur.is

Utbodsvefur.is er sameiginlegur auglýsingavettvangur opinberra útboða þar sem birtar eru auglýsingar og/eða tilkynningar um fyrirhuguð innkaup.

OR Orkuveita Reykjavíkur | Veitur | Gagnaveita Reykjavíkur | ON

Grunnur að lífsgæðum

Orkuveita Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • www.or.is

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON
Framkvæmdastjóri
löggiltur fasteignasali
GSM 820 2399

STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON
Sölustjóri. Hdl.
Löggiltur fasteignasali
GSM 895 2049

SARA MARÍA KARLSDÓTTIR
Fjármálastjóri
GSM 697 5524

ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149

MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966

ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663 2508

KJARTAN ÍSAK GUÐMUNDSSON
B.Sc. Viðskiptafræðingur
Nemi til lögg. fast.
GSM 663 4392

GRUNDARSTÍGUR 9, 101 RVK — 93.9M



MATTHILDUR SUNNA 690 4966

Opið hús sunnudaginn 30. júní. klukkan 14:00-15:00. Fallegt, tæplega 185 fm. einbýlishús með glæsilegu og klassísku yfirbragði, þar af eru 170,5 fm. skráðir. Húsið er á þremur hæðum og skiptist í tvær íbúðir í dag. Búið er að taka húsið mikið í gegn.
Möguleiki að húsið afhendist fljótt.

DALSEL 3, 109 RVK — 72.9M



ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON 663 2508

218,8 fermetra mikið endurnýjað fallegt raðhús á þremur hæðum. Glæsilegt eldhús og stofur á 1.hæð, vandaðir sólpallar, fjögur herbergi og nýtt glæsilegt baðherbergi á annarri hæð. Möguleiki á séríbúð í kjallara. Bílastæði í góðri bílageymslu. Frábærlega staðsett fjölskylduhús í barnvænu hverfi.

HVERFISGATA 49, 101 RVK — 34.9M

ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR 692 0149

Opið hús mánudaginn 1. júlí. klukkan 17:30-18:00. Falleg 2ja herbergja íbúð í fallegu og vel við höldnu húsi teiknuðu af Sigvalda Thordarsyni. Húsið er á frábærum stað í miðbæ Reykjavíkur.
Íbúðin er 61,6 fm og henni fylgir 3 fm. geymsla á sömu hæð.

GAGNHEIÐI 17, 800 SELFOSS — 32.5M



MATTHILDUR SUNNA 690 4966

Sex ný iðnaðarbil með milliloftum. Bilin skilast með greinatöflu með vinnutengli og ídráttarrör fyrir stofnkapal frá inntaksrými komið í gólfplötu. Heit og köld inntök. Skólp- og regnvatnslagnir eru tengdar fráveitukerfi í götu. Ídráttarrör fyrir stofnlagnir frá inntaksrými komið í gólfplötu. Vsk kvöð á húsi.

GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lgfs
kraftur • traust • árangur

Heiðarbær 7 Þingvöllum — 27.500.000



EINSTÖK KAUP, SÝNUM ÞEGAR ÞÉR HENTAR

Herbergi: 4 **Stærð:** 83 m²

Þetta vandaða heilsárshús á Þingvöllum er til sölu á einstaklega hagstæðu verði. Semja þarf fljótt. Endurbyggt og stækkað 2008. Rúmgott og fallegt 4ra herb. 83 fm. og nefnt Móakot, í landi Heiðarbæjar. Vítt og óhindrað útsýni út á Þingvallavatn og fjallahringin umhverfis. Móakotsá rennur við lóðarmörkin með sínu róandi tónaflóði og fossanið. **Uppl. veitir Árni Ólafur fasteignasali í gsm: 893 4416**

Lifandi starf ásamt rekstarstjórn

Art hostel og Draugasetrið óska eftir að ráða starfsmann í lifandi og fjölbreytt starf.
Starfið felst í að halda utan um almennan rekstur auk almennra starfa.
Þekking og áhugi á ferðaþjónustu og menningarmálum æskileg ásamt góðri ensku-og tölvukunnátta. Íbúð er í boði á staðnum.

Umsóknir: arthostel@arthostel.is

Skrifstofustarf og bókun á Selfossi

Óskum eftir að ráða starfsmann á skrifstofu og í bókhaldsvinnu.
Reynsla og þekking á bókhaldi og góð tölvukunnátta æskileg.
Sveigjanlegt starfshlutfall.

Umsóknir: benedikt@yutongeurobus.com

Þingvellir - Helgafellssveit

316 hektara jörð í Helgafellssveit skammt frá Stykkishólmi, gott aðgengi að sjávarsíðu.

Landið er mjög fagurt og útsýni yfir eyjarnar við Breiðafjörð stórfenglegt en nokkrar þeirra tilheyra landinu.

262 fm steypt einbýlishús á jörð ásamt fl. eignum s.s. fjós, fjárhús o.fl. Byggingar standa flestar nær strandlínu en 50 mtr.

Landið getur boðið upp á svæði sem nýst geta fyrir byggingu sumarhúsa og starfsemi tengda ferðamannaþjónustu að gefnu leyfi yfirvalda.

Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson, lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is **sími:** 695 5520

Tilboð óskast

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Snorrastaðir
Laugarvatn

OPIÐ HÚS
sunnudaginn 30. júní kl. 13:00 – 15:00



Hringið í 861-9135 til að fá hlið opnað
Leiðarlýsing á vefnum

Fallegt 47 fm heilsárshús
Ofarlega í landi Snorrastaða
2000 fm eignarland
Heitt og kalt vatn
Heitur pottur á verönd
Tvö svefnherbergi

Verð : **12,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson, lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is **sími:** 695 5520

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

EIGNAMIÐLUN
GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

LANGHOLTSVEGUR 172, 104 REYKJAVÍK

OPIÐ HÚS

Góð 88,6 fm 3ja herbergja íbúð í kjallara. Nýlega búið að gera við múr og mála hús og glugga. Fallegur garður og nýleg timburverönd sem er sameignleg.
Verð 38,9 m.
Opið hús sunnudaginn 30. júní milli kl. 14:00 og 14:30
Nánari uppl. Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. s. 821 9098, hilmar@eignamidlun.is

ráðum ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna. Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

EIGNAMIÐLUN
GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

GERPLUSTRÆTI 17-23, 270 MOSFELLSBÆR

OPIÐ HÚS

Nýjar og glæsilegar 2ja til 5 herbergja fullbúnar íbúðir. Stæði í bílgeymslu fylgir öllum íbúðum. Afhending frá júlí. **Verð frá 39,9 m.**
Opið hús sunnudaginn 30. júní milli kl. 15:00 og 16:00
Nánari uppl. Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun.is, Daði Hafþórsson lg.fs. s. 824 9096, dadi@eignamidlun.is

TRAUSTI fasteignasala

Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari
S: 867-3040

Styrmir Þór Sævarsson
Löggiltur fasteignasali
S: 846-6568

Klyfjasel 20, 109 Reykjavík
OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 2. JÚLÍ KL. 17:30-18:00

OPIÐ HÚS

Glæsilegt, mikið endurnýjað og vandað einbýlishús með aukaíbúð við Klyfjasel 20, 109 Reykjavík. Aukaíbúð með sérinngangi var kláruð í janúar 2019. Eignin er skráð 244,2 fm. en í aukaíbúð eru um 30 fm. sem eru óskráðir. Stór og gróinn garður. Hestastígur er bakvið hús. Flest rými í húsinu hafa verið endurnýjuð á síðustu 2 árum. Húsið var málað að utan sumar 2018. Hafið samband við Styrmi Þór Sævarsson löggiltan fasteignasala í síma 846-6568, styrmir@trausti.is eða Kristján Baldursson hdl og löggiltan fasteignasala í síma 867-3040, kristjan@trausti.is. **Verð: 99 millj.**

Hörðaland 20, 108 Reykjavík
OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 3. JÚLÍ KL. 17:30-18:00

OPIÐ HÚS

Falleg og mikið endurnýjuð 52,3 fm. 2ja herbergja íbúð á jarðhæð við Hörðaland 20, 108 Reykjavík. Íbúðin er nýlega parketlögð, rafmagn endurnýjað, nýr vaskur á baðherbergi. Garður með litlum sólpalli sem snýr til suðurs. Vel staðsett eign á eftirsóttum stað í Fossvoginum. Hafið samband við Styrmi Þór Sævarsson löggiltan fasteignasala í síma 846-6568, styrmir@trausti.is eða Kristján Baldursson hdl og löggiltan fasteignasala í síma 867-3040, kristjan@trausti.is. Íbúðin er laus strax. **Verð: 34,9 millj.**

Dalsel 12, 109 Reykjavík
OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 1. JÚLÍ KL. 17:30-18:00



OPIÐ HÚS

Snyrtileg og vel skipulögð 2ja herbergja íbúð við Dalsel 12, 109 Reykjavík. Eignin er skráð 54,7 fm. Nýtt parket er á stofu, eldhúsi og svefnherbergi. Helluborð, ofn, háfur í eldhúsi eru ný. Íbúðin getur losnað fljótlega. Tilvalin fyrstu kaup. Hafið samband við Styrmi Þór Sævarsson löggiltan fasteignasala í síma 846-6568, styrmir@trausti.is eða Kristján Baldursson hdl og löggiltan fasteignasala í síma 867-3040, kristjan@trausti.is. **Verð: 26,9 millj.**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

MIKLABORG

569 7000 Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Sunnusmári 16 – 22

201 SMÁRI

FULLBÚIN SÝNINGARÍBÚÐ

Glæsilegar íbúðir í tveimur 6 hæða fjölbýlishúsum m. lyftu við Sunnusmára 16-18 og 20-22. Alls er um að ræða 76 fjölbreyttar íbúðir, 2ja 3ja og 4ra herbergja. Íbúðirnar eru í hagkvæmum stærðum allt frá 44 fm upp í 125 fm og allt þar á milli. Flestum íbúðum fylgir stæði í bílgeymslu með hleðslustæði.

Íbúðirnar eru staðsettar í nýjasta hluta Smárans í Kópavogi sem er nútímalegt og afar vel skipulagt borgarhverfi þaðan sem stutt er í þjónustu og verslanir

Íbúðum er skilað fullbúnum Verð frá: **35,4 milljónir**

Nánari upplýsingar veita:

Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallurb@miklaborg.is

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178
atli@miklaborg.is

Friðrik P. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignasala
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

OPIÐ HÚS
laugardaginn 29. júní kl. 15:00 - 15:40

Vallakór 2C
203 Kópavogur

Einkar rúmgóð, glæsileg og björt 3ra herb. endaíbúð á 1. hæð í lyftuhúsi við Vallakór í Kópavogi
Mjög fallegar 24 fm yfirbyggðar og flísalagðar svalir sem stækka íbúðina vel
Gott fataherbergi inn af hjónaherbergi
Mjög barnvænt hverfi þar sem örstutt er í leikskóla, skóla og íþróttaaðstöðu og verslun

Verð: **53,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir::
Óskar H. Bjarnasen, lögg. fasteignasali
ohb@miklaborg.is **sími:** 691 1931

OPIÐ HÚS
sunnudaginn 30. júní kl. 13:00 - 13:30

Hvammsgata
190 Vogar

Fallegt vel byggt einbýli á einni hæð 223 fm að stærð m tvöföldum bílskúr
Fallegur garður og viðarverönd m heitum potti 3 svefnherb, þar af hjónaherb m sérbaðherbergi
Stórt eldhús, björt stofa, góð lofthæð
Frábær staðsetning í Vogunum

Verð: **69,0 millj.**

Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson, lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is **sími:** 695 5520

OPIÐ HÚS
sunnudaginn 30. júní kl. 15:30 -16:00

Maltakur 3
210 Garðabær

Rúmgóð og björt 3ja herbergja endaíbúð á 1. hæð - Sérinngangur
Þvottahús innan íbúðar
Tvö baðherbergi
Fallegt útsýni
Mjög stutt í skóla, verslanir og aðra þjónustu

Verð: **62,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir::
Óskar H. Bjarnasen, lögg. fasteignasali
ohb@miklaborg.is **sími:** 691 1931

OPIÐ HÚS
sunnudaginn 30. júní kl. 16:00 -16:30

Skógarvegur 14
103 Reykjavík

Glæsileg 161 fm íbúð á 3. hæð
Stæði í lokaðri bílgeymslu
Stór stofa með opnu eldhúsi
Hjónaherbergi m sér bað- og fataherbergi
Þrjú svefnherbergi alls
Vandaðar HTH innréttingar og tæki
Fallegt fjölbýli með lyftu og snyrtilegri sameign

Verð: **83,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson, lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is **sími:** 695 5520

OPIÐ HÚS
laugardaginn 29. júní kl. 16:30 - 17:00

Uglugata 36
270 Mosfellsbær

Fallega 4ra herbergja endaíbúð á þriðju og efstu hæð
Mjög gott skipulag
Glæsilegt útsýni
Íbúð er skilað fullbúinni með gólfefnum
Lyfta er í húsinu
Suðvestur svalir
Rúmgott stæði í bílageymslu fylgir

Verð: **52,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir::
Óskar H. Bjarnasen, lögg. fasteignasali
ohb@miklaborg.is **sími:** 691 1931

OPIÐ HÚS
sunnudaginn 30. júní kl. 16:30 - 17:00

Hólmgarður 51
108 Reykjavík

Efri hæð og ris
Björt og falleg, mikið endurnýjuð 164,6 fm íbúð við Hólmgarð 51 í Reykjavík
Rúmgóð efri hæð og rishæð með stórum gluggum á kvistum
Þaksvalir með miklu útsýni
Góð staðsetning
Stutt í alla þjónustu

Verð: **69,9 millj.**

Nánari upplýsingar veita:
Friðrik Þ. Stefánsson, hdl. og aðst. fasteignasala
fridrik@miklaborg.is **sími:** 616 1313

Ólafur Finnbogason, lögg. fasteignasali
olafur@miklaborg.is **sími:** 822 2307

MIKLABORG Með þér alla leið

Trausti fasteignasala og Lindin fasteignir, Eskifirði kynna í samstarfi:

Hótel Eskifjörður, Strandgötu 47 Eskifirði

Spennandi atvinnutækifæri og fjárfesting sem fæst á mjög sanngjörnu verði.

Hótelið er nýlegt og í alla staði veglegt og vandað. Sautján 2ja manna herbergi eru á hótelinu og er sérbaðherbergi með öllum herbergjum.

Hótelið er vel staðsett í miðbæ Eskifjarðar og rennur falleg á meðfram því. Allt umhverfi hótelsins er fallegt og snyrtilegt. Í húsinu voru áður höfuðstöðvar Landsbankans á Austurlandi og er fyrrverandi peningahvelfing Seðlabankans nú einn rammgerðasti vínkjallari landsins.

Húsið er upphaflega teiknað af Bárði Daníelssyni en Steindór Hinrik Stefánsson arkitekt á Eskifirði teiknaði breytingar með hótelrekstur í huga.

Eskifjörður er einn af byggðakjörnum Fjarðabyggðar og í sveitarfélaginu er hægt að gera margt sér til afþreyingar og upplyftingar.

Hótelið er vel kynnt og fær góðar umsagnir og húsið stendur á stórri og fallegri eignarlóð.

Óskað er eftir tilboði

Nánari upplýsingar veita
Þórdís Pála Reynisdóttir löggiltur fasteignasali, s. 893-1319, thordis@lindinfasteignir.is,
Styrmir Þór Sævarsson löggiltur fasteignasali, s. 846-6569, styrmir@trausti.is eða Kristján Baldursson hdl. og löggiltur fasteignasali, s. 867-3040, kristjan@trausti.is.

Kristján Baldursson
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040

Styrmir Þór Sævarsson
löggiltur fasteignasali.
S: 846-6568

TRAUSTI fasteignasala

Trausti fasteignasala | trausti@trausti.is | s.546-5050 | Vegmúla 4 | 108 Reykjavík

Lindin fasteignir

Þórdís Pála Reynisdóttir
löggiltur fasteignasali,
893-1319,
thordis@lindinfasteignir.is

Útkaupstaðarbraut 1 - Eskifirði – Sími 893-1319 – www.lindinfasteignir.is

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Samlokurnar hjá Joe & the Juice eru úr sérbökuðu brauði og þær næra kroppinn.

Á Joe & the Juice er hægt að fá sér hressandi djús áður en farið er í flug.

Lögð er áhersla á gæðahráefni.

Joe & the Juice er á þremur stöðum á Keflavíkurflugvelli.

Gott ferðalag byrjar með Joe og því lýkur einnig með Joe

Joe & the Juice er svar við óskum fólks um hollan og góðan skyndibita.

Veitingastaðurinn Joe & the Juice býður upp á hollan skyndibita úr ferskum hráefnum. Á Keflavíkurflugvelli eru þrír Joe & the Juice staðir enda eru þeir orðnir mjög stór hluti af ferðalögum Íslendinga til og frá landinu að sögn Rúnars Kristmannssonar, markaðsstjóra staðarins.

„Við höfum fengið það á tilfinninguna að Joe sé svar við óskum fólks um næringarríkan mat inni á flugstöðinni. Valkostirnir voru fáir þegar kom að hollum mat úr ferskum hráefnum sem auðvelt er að grípa með sér," segir Rúnar.

Joe & the Juice eru með þrjá veitingastaði í Flugstöðvarbyggingunni. Frammi hjá innrituninni er einn staður þar sem gott er að setjast og fá sér eitthvað að borða ef fólk er til dæmis að sækja farþega eða ef fólk vill tylla sér niður og bíða ef seinkun hefur orðið á flugi. Inni á flugstöðinni sjálfri eru tveir staðir til viðbótar. „Það er einn staður sem þú kemur að fljótt eftir öryggisleitina og annar í suðurbyggingunni þar sem tengiflugin eru. Staðirnir eru alltaf opnir þegar það er flug," segir Rúnar.

Joe & the Juice býður upp á lífrænt kaffi.

„Joe & the Juice er góður kostur hvort sem þú vilt setjast niður fyrir flug, grípa eitthvað mér þér í flugið eða setjast niður eftir langt ferðalag ef vantar smá orku áður en þú ferð heim."

Joe & the Juice ætti að vera flestum Íslendingum að góðu kunnur. Þar er hægt að kaupa næringarríka safa úr ferskum ávöxtum og grænmeti, fríska sjeika, lífrænt kaffi og gómsætar samlokur sem gleðja bragðlaukana. Einnig er hægt að kaupa orkuskot úr engiferi, túrmerik og rauðrófum sem eru hressandi fyrir langt flug. „Að ekki sé minnst á morgunmatar- og millimálssnilldina Joegurt," segir Rúnar.

„Lykilatriðið þegar maður ferðast er að hugsa um næringuna. Þá skemmir ekki fyrir að hafa fljótlegan og hentugan valkost eins og Joe & the Juice. Staðurinn er bæði vinsæll hjá ferðamönnum og áhafnarmeðlimum sem koma oft við og taka með sér djús eða samloku á leið í flug," segir Rúnar að lokum.

Það er gott að grípa samloku og safa með sér í flugið.

Eldsneytisnotkun Isavia kolefnisjöfnuð

Isavia skrifaði undir þriggja ára samning um kolefnisjöfnun á starfseminni. Á síðasta ári var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi Isavia 2.694 t CO_2e.

María Kjartansdóttir, verkefnastjóri umhverfismála hjá Isavia, Hrönn Ingólfsdóttir, forstöðumaður verkefnastofu Isavia, og Valur Klemensson, deildarstjóri umhverfisdeildar á Keflavíkurflugvelli.

Sveinbjörn Indriðason, starfandi forstjóri Isavia, Reynir Kristinsson, stjórnarformaður kolefnissjóðsins Kolviðar, og Eyþór Eðvarðsson, stjórnarformaður Votlendissjóðs, undirrituðu samninga um kolefnisjöfnun allrar eldsneytisnotkunar Isavia. Samningurinn gildir næstu þrjú árin.

Eldsneytisnotkun vegur þyngst í kolefnisspori Isavia. Stærstan hluta þessarar notkunar má rekja til þjónustu og viðhalds á flugbrautum og athafnasvæðum flugvalla og er sú þjónusta að miklu leyti háð veðri. Á síðasta ári var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna bruna eldsneytis í starfsemi Isavia 2.694 t CO_2e. Um er að ræða beina losun í starfsemi Isavia og er sá þáttur þar sem félagið hefur mest tækifæri til úrbóta.

„Isavia hefur á síðustu árum lagt áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfseminni," segir Sveinbjörn Indriðason, starfandi forstjóri Isavia. „Árið 2015 var sett markmið um að lækka losun gróðurhúsalofttegunda um 29% á hvern farþega fyrir árið 2030. Í dag hefur Isavia þegar minnkað losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri sínum um tæp 40 prósent á farþega. Markmiðið verður því endurskoðað."

„Við hjá Kolviði hlökkum mikið til samstarfsins við Isavia um kolefnisjöfnun á starfsemi þeirra," segir Reynir Kristinsson, stjórnarformaður Kolviðar. „Þetta sýnir einnig samfélagslega ábyrgð og gott framlag til að draga úr og kolefnisjafna losun sem tengist flugstarfsemi."

„Isavia gengur fram fyrir skjöldu af fyrirtækjum í eigu ríkisins með þessum samningum," segir Eyþór Eðvarðsson, stjórnarformaður Votlendissjóðs. „Við hjá Votlendissjóði erum þakklát fyrir stuðninginn. Sjóðurinn verður búinn að kolefnisjafna allt magnið sem keypt er strax á þessu ári. Ávinningurinn er mikill. Til viðbótar við stöðvun á losun gróðurhúsalofttegunda, þá eru votlendisvistkerfin endurheimt og þannig stuðlað að líffræðilegum fjölbreytileika dýra, fiska og fugla í íslenskri náttúru."

Við undirritun samninganna var einnig greint frá því að Isavia hefði lokið við annað skref í innleiðingu á kolefnisvottun ACA (Airport Carbon Accreditation) fyrir Keflavíkurflugvöll. Vottunarkerfi er í fjórum skrefum. Það var hannað af ACI, Alþjóðasamtökum flugvalla, sem Isavia er meðlimur í. Kerfið er sérstaklega sniðið að rekstri og starfsemi flugvalla.

Dregið hefur verið úr notkun jarðefnaeldsneytis með kaupum á rafbílum og starfsmenn með meirapróf fara á vistakstursnámskeið.

Skrefin fjögur eru:

- Kortlagning kolefnisspors
- Markmiðasetning og minnkun kolefnislosunar
- Minnkun kolefnislosunar í samstarfi við aðra rekstraraðila á flugvellinum
- Kolefnisjöfnun flugvallarins

Skref tvö felur því í sér að félagið hefur kortlagt losun gróðurhúsalofttegunda í starfseminni og vaktar og stýrir þeim þáttum þar sem losunin er mest. Til að ná öðru skrefi hefur einnig verið sýnt fram á að dregið hafi verið úr losun gróðurhúsalofttegunda á hvern farþega yfir þriggja ára tímabil.

Isavia hefur sett sér aðgerðaáætlun í umhverfis- og loftslagsmálum. Meðal aðgerða í áætluninni er að meirihluti ökutækja sem keypt eru skuli vera vistvænn í þeim flokkum sem slíkt býðst. Dregið hefur verið úr notkun jarðefnaeldsneytis með kaupum á rafbílum og starfsmenn með meirapróf fara á vistakstursnámskeið.

„Isavia er meðvitað um þá ábyrgð sem hvílir á fyrirtækinu varðandi loftslagsmál," segir Sveinbjörn Indriðason, starfandi forstjóri. „Við vinnum með virkum og skipulögðum hætti að aðgerðum til þess að minnka kolefnisspor félagsins."

Þjónustuverðlaun Keflavíkurflugvallar

Þjónustuverðlaun Isavia fyrir árið 2018 voru afhent við hátíðlega athöfn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í maí. Að þessu sinni féllu þjónustuverðlaun verslana í hlut sjóntækjaverslunarinnar Optical Studio. Þjónustuverðlaun veitingastaða hlaut Mathús, sem rekið er af Lagardère. Niðurstaðan nú, sem fyrr, byggir á markaðsrannsóknum og könnunum sem gerðar eru á Keflavíkurflugvelli.

Isavia hefur síðustu ár verðlaunað rekstraraðila á Keflavíkurflugvelli fyrir framúrskarandi þjónustu. Verslanir og veitingastaðir eru verðlaunuð fyrir að skara fram úr í þjónustu við farþega sem fara um flugvöllinn. Litið er meðal annars til þess hvernig afgreiðslufólk nálgast viðskiptavini og hvort bæði vörur og upplýsingar um verð séu aðgengilegar.

Isavia leggur áherslu á góða þjónustu við ferðafólk í flugstöðinni. Rekstraraðilar eru í beinum tengslum við farþega og eru hvattir til að tryggja sem besta þjónustu. Liður í því er þjónustunámskeið og verðlaun fyrir vel unnin störf.

Meira fólk, fleiri breytingar

Keflavíkurflugvöllur hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu almannaflugs á Íslandi.

Ásta Eir Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is

Flugstöðin á Keflavíkurflugvelli í apríl árið 1977.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar er ein sú glæsilegasta í Evrópu. Miklar breytingar hafa átt sér stað á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Flugvöllurinn var í upphafi lagður af Bandaríkjaher í seinni heimsstyrjöldinni og opnaður þann 23. mars árið 1943. Bandaríkjamenn nefndu hann Meeks Field í höfuði á ungum flugmanni, George Meeks. Meeks fórst á Reykjavíkurflugvelli en hann var fyrsti Bandaríkjamaðurinn sem lést á Íslandi í styrjöldinni.

Völlurinn varð okkar

Að styrjöldinni lokinni var flugvöllurinn og bækistöðin sem við hann stóð afhentur Íslendingum til eignar og var hann þá nefndur Keflavíkurflugvöllur eftir stærstu nágrannabyggð hans í Keflavík. Á þessum tíma voru flugvellirnir við Keflavík reyndar tveir, Meeks og Patterson flugvöllur ofan Njarðvíkurfitja. Sá síðarnefndi þjónaði orrustuflugsveit Bandaríkjahers til stríðsloka. Patterson flugvöllur hefur stundum verið nefndur Njarðvíkurflugvöllur í daglegu tali en hann var ekki notaður eftir stríðslok.

Keflavíkurflugvöllur var rekinn af bandarísku verktakafyrirtæki til ársins 1951 er Bandaríkjaher kom aftur til landsins samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna sem gerður var að tilstuðlan Norður-Atlantshafsbandalagsins, NATO.

Bandaríkjaher reisti bækistöð sína við Keflavíkurflugvöll sem oft var nefnd Keflavíkurstöðin. Þar var afgirtur bær sem hýsti allt að 5.700 hermenn, starfsfólk og fjölskyldur þeirra allt til ársins 2006 þegar herstöðin var lögð niður. Í dag er herstöðin hverfi í Reykjanesbæ og gengur undir nafninu Ásbrú.

Miklar breytingar

Fyrstu áratugina stóð flugstöðin fyrir flugvöllinn inni á varnarsvæði herstöðvarinnar en árið 1987 var opnuð ný flugstöð, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, norðan við flugvöllinn og þjónar hún allri farþegaumferð um völlinn.

Frá opnun flugstöðvarinnar hefur margt breyst. Fjöldi farþega hefur margfaldast og mikil uppbygging átt sér stað á flugvellinum. Mikill vöxtur og fjöldi farþega hefur aukist með ári hverju. Fjölgun farþega hefur kallað á stækkun mannvirkjanna sem hefur farið fram í nokkrum áföngum og mun halda áfram næstu árin.

VERSLAÐU Á HAGSTÆÐARA VERÐI Í OKKAR FULLBÚNU GLERAUGNAVERSLUN Í LEIFSSTÖÐ

Sjónmælingar eru okkar fag

Optical Studio
LEIFSSTÖÐ

Ábyrgðar- og þjónustuaðilar:

Optical Studio Smáralind, s. 528 8500 – Optical Studio Keflavík, s. 421 3811

Þróa flugborg við Keflavíkurflugvöll

Kadeco, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., stendur á merkilegum tímamótum í sögu félagsins. Á miðvikudaginn var skrifað undir viljayfirlýsingu um þróun flugborgar við Keflavíkurflugvöll.

Undir viljayfirlýsinguna skrifuðu fjármálaráðherra, fulltrúar frá Isavia, Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ eins og segir í tilkynningu frá Kadeco, Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. Svæðið sem félagið hefur til umsýslu er eitt verðmætasta landsvæðið í eigu ríkissjóðs.

Stefnan sem Kadeco vinnur eftir grundvallast á hugmyndafræði Dr. John Kasarda sem kallast Aerotropolis eða flugborg. Hugmyndafræðin byggir á því „að skapa megi mikil verðmæti úr landi við flugvöll," eins og segir í tilkynningunni. Í flugborginni má segja að flugvöllurinn sé segullinn sem laðar að mismunandi starfsemi, flugtengda sem ótengda. Sem dæmi má nefna gagnaver, hótel, hátækniiðnað, menntastofnanir, dreifingarmiðstöðvar og fríverslunarsvæði, sem hagnast af nálægð við góðar flugtengingar og starfsemi sem tengist flugvellinum með einum eða öðrum hætti.

Hlutverk Kadeco er að draga innlend sem alþjóðleg fyrirtæki að svæðinu sem eiga það sammerkt að þau myndu njóta góðs af nálægð við Keflavíkurflugvöll. „Flugvellir sem hafa rými til að vaxa laða að fjölbreytta atvinnustarfsemi. Þá styrkir öflugur flugvöllur með góðum tengingum innlenda starfsemi með auknum viðskiptatækifærum og atvinnumöguleikum," segir jafnframt í tilkynningunni.

Erlendis hefur verið unnið eftir þessari hugmyndafræði með góðum árangri. Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Kadeco, segir að þar fari flugvöllurinn Schiphol í Amsterdam fremstur í flokki. „Þeim hefur tekist rosalega vel upp. Þessi hugmyndafræði hefur líka verið til grundvallar á öðrum stöðum þar sem gríðarlega vel hefur tekist til, til dæmis í Frankfurt, Seattle, Hong Kong og fleiri stöðum, en hvert land þarf að meta eigin samkeppnishæfni og skipuleggja flugborgina út frá sínum styrkleikum.

Þar kemur Kadeco inn sem fékk það hlutverk af hendi ríkissjóðs að sinna þróun landsvæðisins. Kadeco var stofnað árið 2006 eftir að varnarlið Bandaríkjahers yfirgaf Keflavíkurflugvöll. Samkvæmt lögum gegnir félagið tvíþættum tilgangi. Annars vegar er það að selja fasteignir varnarliðsins og koma í borgaralega notkun, hins vegar að þróa landsvæðið við flugstöðina. Félagið hefur lokið við sölu allra fasteigna á svæðinu og hafa því kaflaskil orðið í rekstrinum.

Þá beri félaginu að stefna að jákvæðum samfélagslegum áhrifum við sitt verkefni og halda neikvæðum áhrifum í lágmarki. Kadeco sér um samskipti og ákvarðanatöku gagnvart sveitarstjórnum og öðrum stjórnvöldum vegna eigna á svæðinu. Félagið annast þar að auki rannsóknir á umfangi jarðvegsmengunar á svæðinu og nauðsynlega hreinsun á því.

Fulltrúar Isavia, sveitarfélaga og fjármálaráðherra skrifuðu undir viljayfirlýsinguna.

Í þróun flugborgarinnar er stefnt að nýtingu auðlinda og styrkleika Íslands.

> **Hlutverk Kadeco er að draga innlend sem alþjóðleg fyrirtæki að svæðinu sem eiga það sammerkt að þau myndu njóta góðs af nálægð við Keflavíkurflugvöll.**

Velgengni flugvallarins er lykill að uppvexti á svæðinu

Möguleikarnir á fjölbreyttri starfsemi við flugvöllinn eru margir að sögn Mörtu Jónsdóttur.

Þetta er auðvitað gífurlegt landflæmi," segir Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Kadeco. Svæðið sem Kadeco hefur til umráða er 60 ferkílómetrar að stærð.

„Núna getum við farið að einbeita okkur að næsta fasa í þessu verkefni, sem er að þróa landið við flugstöðina sem við förum með fyrir hönd ríkisins. Þetta er eitt verðmætasta landsvæðið í eigu ríkissjóðs." Næst á dagskrá er að byggja upp viðskiptagarð sem byggir á hugmyndafræði Dr. John Kasarda um flugborgina eða Aerotropolis.

„Við höfum unnið eftir þessari hugmyndafræði frá árinu 2009. Þannig að við erum nú þegar byrjuð að innleiða hana á svæðinu."

Flugborgir erlendis hafa þróast í jákvæða átt og skilað hagsæld.

Gagnaver fjárfesta fyrir milljarða króna

Uppbygging flugborgarinnar reiðir sig að öllu leyti á að Keflavíkurflugvöllur haldi áfram að vaxa og dafna. „Okkar verkefni er að gera umhverfið í kringum flugvöllinn aðlaðandi, bæði viðskiptalega og eiginlega. Við viljum að menn kjósi að staðsetja sín fyrirtæki og flugtengda starfsemi á þessum stað."

Það eru mörg tækifæri í boði við Keflavíkurflugvöll fyrir fjölbreytta starfsemi. „Gagnaverin á Ásbrú eru einn hluti af þessari uppbyggingu," segir Marta en slík starfsemi þarf á greiðum flugleiðum að halda. Gagnaverin Verne Global og þörungaverksmiðja Algalífs eru með starfsemi á Ásbrú að sögn Mörtu, en þau fyrirtæki eru skýr dæmi um ákjósanlega starfsemi á svæðinu.

Verne Global og Algalíf hafa þegar fjárfest fyrir tugi milljarða króna á svæðinu. „Fleiri fyrirtæki af þessum skala, sem og hótelkeðjur, dreifingaraðilar og hátæknifyrirtæki munu kjósa að staðsetja sig við Keflavíkurflugvöll ef lagt er af stað í þetta risavaxna verkefni á réttum forsendum," segir Marta.

Kjörið fyrir stóra dreifingarmiðstöð

Fyrsta þróunarverkefni Kadeco á svæðinu var menntastofnunin Keilir sem býður upp á fjölbreytt nám á borð við flugnám, íþróttaakademíu og háskólabrú. Samkvæmt Mörtu hefur það komið í ljós með byggingu flugborga erlendis að sterk menntastofnun sé nauðsynleg á slíkum svæðum.

> **Við höfum unnið eftir þessari hugmyndafræði frá árinu 2009. Þannig að við erum nú þegar byrjuð að innleiða hana.**

Marta segir að landsvæðið sé kjörið fyrir stóra dreifingarmiðstöð á borð við Amazon vegna landfræðilegrar staðsetningar Íslands. „Þegar fram í sækir viljum við sjá slíka starfsemi á þessu svæði." Næsta skref hjá Kadeco er að greina hvers konar starfsemi væri ákjósanlegust á svæðinu, með tilliti til staðsetningar Íslands og auðlinda sem hér eru að finna. Eftir það verður búin til markaðsáætlun til að sækja fjárfestingu inn á svæðið, bæði innanlands og utan í samstarfi við Íslandsstofu . „Við ætlum að efna til hugmyndasamkeppni á meðal arkitekta, væntanlega á Evrópska efnahagssvæðinu. Eftir það verða lögð drög að útliti svæðisins. Þá verðum við búin að ákveða hvaða starfsemi við erum að fara að sækja inn á svæðið."

Áætlað er að fimm ár fari í að leggja drög að útliti svæðisins með tilliti til starfseminnar sem verður þar og vinna þá greiningarvinnu sem nauðsynleg er, en að vonandi verði styttra í að sýnilegur árangur verði af þeirri vinnu.

Ísak segir það mikilvægt að huga að samfélagslegum áhrifum uppbyggingarinnar.

Kadeco sameinar aðila tengda Keflavíkurflugvelli

Það þjónar hagsmunum sveitarfélaganna, Isavia, ríkissjóðs og almennings að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf við Keflavíkurflugvöll.

Ísak Ernir Kristinsson, stjórnarformaður Kadeco, segir að tímamótin sem félagið standi á markist fyrst og fremst af því að Kadeco hafi komið öllum eigum varnarliðsins, frá því það hvarf á brott, í borgaraleg not. Kadeco fékk þau fyrirmæli að hafa í huga áhrif á samfélagið þarna í kring.

Forðast að rýra verðgildi

„Við þurftum til dæmis að passa okkur á að rýra ekki verðgildi annarra eigna á Suðurnesjum með því að setja allt eignasafn varnarliðsins á almennan markað á einu bretti. Nú erum við á þessu ári búin að selja síðustu eignina og höfum þar með komið öllum 320.000 fermetrum af húsnæði á Ásbrú í borgaraleg not. Við eigum engar eignir eftir og þessum kafla í sögu félagsins er því lokið með undraverðum árangri eða um 14 milljörðum króna í ávinning af

Ísak segir að samstarfið milli Isavia, sveitarfélaganna og ríkisins gangi vel og að allir stefni í sömu átt.

Í dag er flugstöðin stærsti atvinnuveitandinn á Suðurnesjum og Ísak segir það mikilvægt að byggja upp starfsemi sem geti þrifist óháð áföllum í flugi.

verkefninu fyrir ríkissjóð. Þá eru ótalin þau samfélagslegu áhrif sem félagið og þróunarverkefni þess hafa skilað fyrir samfélagið á Suðurnesjum.“

Ásbrú er fyrsti vísirinn að flugborg sem verður byggð þarna í kringum flugvöllinn. „Við erum mjög stolt af árangrinum á Ásbrú. Þar búa á fjórða þúsund manns, um 300 fyrirtæki eru staðsett þar og þar með rúmlega tvö þúsund störf. Nú erum við að draga línu í sandinn og hefja vinnu að nýjum fasa í þróunarstarfinu.“

Kadeco sameinar hagsmunaaðila

Á því landsvæði verður byggður upp viðskiptagarður í samstarfi við Isavia og sveitarfélögin í kring, Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ. „Sveitarfélögin fara með skipulagsvaldið, Isavia leggur inn mikla þekkingu og reynslu á þróun flugtengdrar starfsemi og ríkið býður afnot af landinu til þróunar. Hlutverk Kadeco er að vera farartæki þessara hagsmunaaðila og félagið kemur fram fyrir hönd allra þessara aðila í verkefninu.“

Kadeco kemur því ekki með neinum hætti að rekstri fyrirtækja eða íbúðaeign á svæðinu. „Við erum landþróunarfélag. Okkar verkefni snýr að því að meta tækifæri og styrkleika svæðisins, laða áhugasama aðila að og bjóða upp á land á markaðskjörum til að undirbúa jarðveginn fyrir eitthvað magnað.“

Þó svæðið sé ein verðmætasta landareign í eigu ríkissjóðs þá verða ákveðnar forsendur að liggja að baki þeirri fullyrðingu. „Þarna er flugvöllur sem þarf að hafa nægt landrými til að vaxa og dafna.“ Verðmætin felast í því að hagsmunaaðilar hafi svigrúm til að þróa landsvæðið áfram. „Land er eiginlega einskis virði ef það er ekkert skipulag á svæðinu.“

Þess vegna er að sögn Ísaks mikilvægt að sveitarfélögin komi að verkefninu og að landið sé áfram í eigu ríkisins. Kadeco innheimtir leigu á Ásbrú og mun koma til með að gera það fyrir allt landsvæðið.

Nú ganga allir í takt

Ísak fullyrðir að landið verði leigt á markaðskjörum og að það sé ein forsenda fyrir hagsæld sveitarfélaganna. „Við ætlum öll að leggja okkar af mörkum til að hámarka virði og hagsæld fyrir alla aðila, fjölga atvinnutækifærum og gera það besta úr þessi einstaka verkefni fyrir okkur öll.“

Ísak segir að samstarfið milli Isavia, sveitarfélaganna og ríkisins hafi gengið vel. „Það eru allir löngu búnir að sjá hvaða tækifæri eru þarna í boði. Það tók sinn tíma fyrir alla að sjá það, sem er í raun inni ágætt. Hugmyndin þurfti að fá að gerjast en nú ganga allir í takt. Við höfum öll sömu sýn á verkefnið, við viljum að þarna byggist upp öflug og fjölbreytt starfsemi í tengslum við flugið. Þarna munum við fjölga stoðum undir atvinnulífið á Suðurnesjum sem hefur verið einsleitt í gegnum tíðina.“

Á fyrri árum, þegar Bandaríkjaher var með varnarlið á flugvellinum, voru fá atvinnutækifæri í boði önnur en hjá hernum. Eftir að herinn hvarf á brott varð 15% atvinnuleysi í Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ. Í dag er flugstöðin stærsti atvinnuveitandinn á Suðurnesjum og Ísak segir það mikilvægt að byggja upp starfsemi sem geti þrifist óháð áföllum í flugi. Þannig að draga þarf inn á svæðið fjölbreytta starfsemi sem tengist ekki öll flugi. „Við viljum þó byggja upp styrka atvinnustoð viðskiptalegrar starfsemi sem nýtir flugið en ekki þarf öll starfsemin endilega að vera háð fluginu.“

Oddur Hjaltason, eigandi Baseparking, segir að stefnan sé að taka við 20 þúsund pöntunum í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Höfum ekki enn sagt nei við fyrirspurn

Baseparking í Keflavík verður tveggja ára á mánudag. Fyrirtækið hefur vaxið hratt en í byrjun sváfu stofnendur þess nánast ekki í þrjá mánuði. Í dag er það með 14 starfsmenn og stefnir á að taka við tuttugu þúsund pöntunum.

Þegar við byrjuðum vorum við bara tveir að hlaupa um með lykla og vissum varla hvernig hlutirnir virkuðu. Núna erum við með 14 manns í vinnu og við stefnum á 20 þúsund pantanir í ár," segir Ómar Hjaltason, eigandi Baseparking í Keflavík.

Fyrirtæki hans hefur vaxið hratt frá því það var stofnað þann fyrsta júlí 2017. Fyrirtækið tekur við bílum frá kúnnum sem eru á leiðinni í flug og leggur þeim í bílastæði sitt við Ásbrú. Þar býður fyrirtækið upp á alls konar þjónustu eins og dekkja- og olíuskipti auk smærri viðgerða og fleira. „Við bjóðum upp á næstum því alla þjónustu sem flesta vantar. Bón og alþrif eru algengasta beiðnin þannig að fólk getur nýtt fríið sitt á meðan það er verið að dytta að bílnum. Við erum líka með samning við Frumherja þannig að hægt er að skoða bílinn á meðan viðkomandi er erlendis.

Við höfum ekki enn fengið beiðni sem við segjum nei við. Við getum keyrt bílinn til Reykjavíkur ef makinn þarf að nota hann og þá gerum við það. Við höfum gert ýmislegt á þessum tveimur árum og alltaf sagt já við fyrirspurnum."

Eitt sem hefur einkennt Baseparking er persónuleg og góð þjónusta.

> **Við höfum rekist á alls konar veggi og höfum gert ýmis mistök en aldrei sömu mistökin tvisvar.**
>
> **Oddur Hjaltason**

Ómar segir að það hafi ýmislegt gengið á í byrjun. Þá var mikið álag og mikil keyrsla. „Þegar við byrjuðum og vorum búnir að vera viku í rekstri þá vorum við með 250 bíla og 80 prósent af þeim voru af Toyota-gerð þar sem enginn lykill var merktur. Það voru 30 bílar að fara út daginn eftir og við eyddum næstu dögum í að merkja lyklana og koma upp kerfi. Við höfum rekist á alls konar veggi og höfum gert ýmis mistök en aldrei sömu mistökin tvisvar. Það er búið að vera lykillinn að því að kúnninn fyrirgefi okkur ef eitthvað kemur upp á.

Við sváfum örugglega ekki nánast í hálft ár í byrjun. Við rétt náðum að leggja okkur í tvo tíma eftir kvöldflugin áður en morgunflugin byrjuðu. Þetta voru langir dagar í byrjun og mig minnir að við höfum ráðið inn fyrsta starfsmanninn eftir fáeina mánuði. Þá gat maður náð smá svefni. Starfsmennirnir eru orðnir 14 í dag. Þetta er búið að vera smá hark en ákaflega skemmtilegt."

Stefnan sett á Norðurlönd

Ómar segir að fyrirtækið sé í viðskiptahraðli Arion banka og ýmislegt sé í deiglunni eins og að fara með þjónustuna til Norðurlanda. „Þegar við vorum að byrja var Isavia að auglýsa að bílastæðin þeirra væru full. Við gátum aldrei ímyndað okkur að þetta yrði svona vinsælt því við vorum að búast við 20 bílum eftir viku en vorum með 250. Þannig að við hittum á góðan tíma fyrir þessa þjónustu.

Milli 2017 og 2018 var 600 prósenta aukning á pöntunum sem er svolítið sturlað. Það var erfitt að halda utan um þá aukningu en tókst að lokum. Það er enn þá vöxtur frá fyrra ári og við teljum okkur eiga nóg eftir. Við eigum enn pláss á okkar bílaplani þó við séum alltaf að reyna að finna fleiri stæði því þetta er allt að fyllast."

Eitt sem hefur einkennt Baseparking er persónuleg og góð þjónusta en Ómar segir að margir kúnnar fyrirtækisins þekki starfsmenn hans með nafni. Það sé góður gæðastimpill. „Ég held að besta dæmið sé að kúnninn komi aftur og aftur. Fólk vill versla við fólk sem mætir þeim með bros á vör. Það er meira að segja þannig að nokkrir af okkar kúnnum þekkja okkar starfsmenn með nafni og taka spjall. Ég held að sá kúnni sem hefur komið oftast til okkar hafi komið 70 sinnum á tveimur árum."

Einstök lausn án sýklalyfja

Florealis býður upp á jurtalyfið Lyngonia sem er eina viðurkennda meðferðin við endurteknum vægum þvagfærasýkingum hjá konum sem ekki er hefðbundið sýklalyf.

Sýklalyfjaónæmi hefur aukist gífurlega á undanförnum árum og er orðið ein stærsta ógnin við heilbrigði sem mannkynið stendur frammi fyrir í dag. Í síðasta mánuði komu upp allavega þrjú tilfelli á Íslandi um smit af völdum ónæmra baktería," segir Sandra Mjöll Jónsdóttir-Buch, doktor í líf- og læknavísindum og vörustjóri Florealis.

„Það er nauðsynlegt að draga úr notkun sýklalyfja eins og hægt er til að stemma stigu við fjölgun ónæmra stofna baktería. Best er að reyna að fyrirbyggja sýkingar eða nota aðrar leiðir til að meðhöndla vægar sýkingar áður en þær komast á það stig að sýklalyfja gerist þörf," segir Sandra.

Jurtalyf eru mikilvægur valkostur. Þau innihalda blöndu virkra efnasambanda sem eru unnin beint úr jurtum, og gera bakteríum erfitt fyrir að mynda ónæmi.

„Okkur er mjög umhugað um þetta málefni en til að geta dregið úr notkun sýklalyfja þurfa aðrir öruggir valmöguleikar að vera í boði."

Lyngonia fáanlegt í öllum apótekum

Lyngonia er ætlað konum sem fá endurteknar þvagfærasýkingar þegar læknir er búinn að útiloka önnur alvarleg veikindi. Lyfið vinnur gegn einkennum þvagfærasýkinga svo sem brunatilfinningu og auknum þvaglátum. Lyfið fæst án lyfseðils í öllum apótekum og best er að byrja að taka það um leið og einkenna verður vart. Það á ekki að nota Lyngonia sem fyrirbyggjandi meðferð.

„Þetta er frábær valkostur fyrir þær konur sem eru endurtekið með slíkar sýkingar og geta þá jafnvel komist hjá notkun sýklalyfja," segir Sandra að lokum.

Sandra Mjöll Jónsdóttir-Buch, doktor í líf- og læknavísindum og vörustjóri Florealis, segir jurtalyfið Lyngonia vinna gegn einkennum þvagfærasýkinga.

> **Það er nauðsynlegt að draga úr notkun sýklalyfja eins og hægt er til að stemma stigu við fjölgun ónæmra stofna baktería. Til þess þurfa aðrir öruggir valmöguleikar að vera í boði.**

Gagnlegar upplýsingar

Lyngonia fæst án lyfseðils í öllum apótekum. Lyngonia er jurtalyf sem hefð er fyrir og ætlað konum eldri en 18 ára. Notkun er 2 töflur 2-4 sinnum á dag og ekki skal nota lyfið lengur en í eina viku. Ef einkenni eru viðvarandi í meira en 4 daga eða versna við notkun skal hafa samband við lækni. Ekki á að nota Lyngonia ef truflun er á nýrnastarfsemi. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðil fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.

Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is og á www.florealis.is.
Þessi kynning er unnin í samstarfi við Florealis

FLOREALIS

Lyngonia við vægum þvagfærasýkingum

Einstök lausn án sýklalyfja sem meðhöndlar vægar endurteknar þvagfærasýkingar hjá konum. Inniheldur sortulyng.

Notkun fyrir konur, 18 ára og eldri: 2 töflur 2–4 sinnum á dag. Ekki nota Lyngonia ef þú ert með einhverja truflun á nýrnastarfsemi. Notið ekki lengur en viku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Fæst án lyfseðils í öllum apótekum www.florealis.is

Að bera vatn er góð skemmtun.

Verk að vinna!

Það er ótal verk að vinna í Árbæjarsafni á sunnudaginn. Í gamla daga voru börn landsins hlaðin störfum en samt fundu þau sér tíma til að leika sér og njóta sumars. Því er áhugavert fyrir börn og fjölskyldur þeirra að kynnast starfsháttum fyrri tíma á viðburðinum Verk að vinna! í Árbæjarsafni og sjá hvernig lífið var fyrir tíma nútímaþæginda eins og rennandi vatns úr krönum, þvottavéla og ryksuga. Krakkar eru hvattir til að mæta og prófa að bera vatn eins og vatnsberi, sópa með strákústi og sækja hrís til eldiviðar.

Messað verður í fallegu safnskirkjunni í Árbæjarsafni klukkan 14. Prestur verður séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson og organisti Sigrún Steingrímsdóttir.

Safnið er opið frá klukkan 10 til 17 en smiðjurnar standa yfir frá klukkan 13 til 16. Heitt verður á könnunni í Dillonshúsi og heimilislegar veitingar.

Aðgangur er ókeypis fyrir börn, eldri borgara, öryrkja og menningarkortshafa.

Söguganga í Viðey

Borgarsögusafn Reykjavíkur býður upp á skemmtilega sögugöngu með Stefáni Pálssyni sagnfræðingi á sunnudag sem ætlar að þramma með gesti í þorpið á austurhluta Viðeyjar. Þar var áður blómleg byggð og líf og fjör í öllum húsum, sem kemur mörgum á óvart því nú standa þar húsarústir og fátt sem minnir á hið iðandi líf fyrri tíma. Á þessum hluta eyjarinnar var fyrsta hafskipabryggja Faxaflóasvæðisins reist og mikil fiskvinnsla kom í kjölfarið svo fólk hafði þar næga vinnu. Stefán fræðir göngugarpa um þessa áhugaverðu sögu.

Siglt verður stundvíslega frá Skarfabakka kl. 13.15. Þeim sem vilja fá sér léttan hádegisverð í Viðeyjarstofu fyrir sögugönguna er bent á að taka ferjuna kl. 12.15 en einnig er upplagt að setjast þar inn í kaffi að göngu lokinni.

Sögugangan er gestum að kostnaðarlausu en greiða þarf ferjugjaldið – 1.600 kr. fyrir fullorðna, 1.450 kr. fyrir eldri borgara og nemendur og 800 kr. fyrir börn 7-17 ára í fylgd fullorðinna. Börn 6 ára og yngri sigla frítt.

Stefán Pálsson verður í stuði sem fyrr.

Fjöllistasýningar um alla borg

RVK Fringe Festival hefst í dag og stendur yfir til 6. júlí. Þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin. Um það bil 100 sýningar á yfir 17 stöðum í borginni verða sýndar yfir 250 sinnum á meðan á hátíðinni stendur. Dagskráin er fjölbreytt, hún hefst formlega með opnunarpartíi á Hlemmi Square í kvöld. Á morgun verður skrúðganga niður Laugaveginn ásamt listamönnunum sem koma fram á hátíðinni. Boðið verður upp á sirkuslistir, dragsýningu, ljóðalestur, uppistand, spunaleik, kabarett, danssýningar, listgjörninga, tónleika af ýmsum toga og margt margt fleira.

RVK Fringe Festival er fjöllistahátíð þar sem jaðarlistahópar víða úr heiminum sýna listir sínar. Í ár er boðið upp á þá nýjung að halda námskeið fyrir 13 til 19 ára unglinga í leiklist, dansi, uppistandi, trúðsleik, hönnun og markaðssetningu. Námskeiðið kallast Youth Fringe og er haldið alla daga frá 1. til 5. júlí. Laugardaginn 6. júlí verður svo sérstök Youth Fringe sýning í Tjarnarbíói sem er öllum opin.

Allar nánari upplýsingar um hátíðina er að finna á vefsíðunni rvkfringe.is.

Á hátíðinni verður trúðanámskeið.
NORDICPHOTOS/GETTY

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjórhjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Létt, lipur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Hjólhýsi

Flott 2017 Hobby hjólhýsi. 495-UL. Vel með farið. Einnig stórt uppblásið fortjald. Aukin burðargeta er í húsinu. Verð 3.7. Engin skipti. Uppl í síma 8585238.

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar

VEIÐIPORTIÐ

Frábærir slöngubátar
300 cm. – 99.000kr
330 cm. – 149.000 kr.
360 cm. – 189.000kr
430 cm. – 299.000kr
5 ára ábyrgð
Nánar um bátana á **veidiportid.is**
Veiðiportið
Grandagarði 3
101 .s.552-9940

Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR

TECHKING VINNUVÉLADEKK
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

Varahlutir

LJÓSBOGINN ehf.
Altenatorar & Startarar

ljósboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

Þjónusta

Garðyrkja

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Lárkot ehf
Sandur, mold og jarðvinna.
Mætum og gerum tilboð.
Uppl. í s. 892 2257
Geymið auglýsinguna.

Píplagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í sima 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bólstrun

Svampur.is
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
• Tjaldvagninn • Fellihýsið
• Húsbílinn • Bátinn
• Hjólhýsið • Sumarhúsið
• Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN IN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 9086116.
Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Keypt & Selt

Til sölu

ÓNOTUÐ RAFSKUTLA AGILITY TIL SÖLU:
- Hægt að stilla stýriseiningu, bakhalla og setdýpt, arma og höfuðpúða.
- Hámarkshraði 13 km/klst.
- Hámarksvegalengd á einni hleðslu 40 km.

Fæst staðgreidd á 390.000.- kostar ný 450.000.-

Upplýsingar gefur Gísli í síma 8930040.

Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

JLG
Til sölu og leigu JLG vinnulyftur
Nánari upplýsingar veitir Sigfús í síma 858 0400

JLG 530LRT
Skæralyfta, Diesel

Vinnuhæð:	18,15 m
Pallhæð:	16,20 m
Lengd:	4,88 m
Breidd:	2,31 m
Burðargeta:	680 kg
Þyngd:	7995 kg

H TÆKJALEIGA
TÆKJALEIGA & SALA
www.htaekjaleigan.is

myranaut
Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105
Upplýsingar í síma 782 8800

Heimilið

Barnavörur

SYSTKINA VAGN/KERRA
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Heilsa

Nudd

NUDD-NUDD-NUDD
Óskanudd í boði, allar uppl. í síma 892-0135

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

FRÍSTUNDABIL.
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

Til leigu 3ja herb. íbúð, langtímaleiga. Vesturbær Kóp. Tilboð og uppl. í síma: 692-6910

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

Heimilisþrif is looking for people to work in home cleaning. Full time only. Working time 8-16. Driver's licence necessary. Call 557 8882 for further information

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSLÝSINGU

Þjóðlenda – breytt mörk sveitarfélagsins. Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 -2025. Nýtt deiliskipulag fyrir Leiðarenda.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 18. júní 2019 var eftirfarandi bókun gerð: *Lögð fram tillaga að skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar - þjóðlenda, breytt mörk sveitarfélagsins og einnig fyrir nýtt deiliskipulag við Leiðarenda. Í stað þess að vinna tvær lýsingar eru þær sameinaðar í eina lýsingu í samræmi við gr. 4.2.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.*

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlögð drög að skipulagslýsingu og að málsmeðferðin verði í samræmi við 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti framlagða lýsingu á fundi sínum þann 26. júní 2019.

Þegar vinna við tillögu að breytingu á aðalskipulagi og við gerð nýs deiliskipulags skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Lýsinguna má nálgast á www.hafnarfjordur.is og skal skriflegum ábendingum skilað á netfangið: berglindg@hafnarfjordur.is eigi síðar en 2. ágúst 2019.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 hafnarfjordur.is

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR
Best geymda leyndarmál Kópavogs
Gullnáman
FÖSTUDAGUR
LIFANDI TÓNLIST
SMELLUR
Spilar fyrir dansi
FÖSTUDAG FRÁ KL. 00.00 - 03.00
HEPPNI Í KEPPNI
Gullnáman
LAUGARDAGUR
SMELLUR ásamt EDDU ARA
EKKI MISSA AF ÞESSU!
CREEDENCE CLEARWATER REVIVAL TRIBUTE SHOW
LAUGARDAG KL. 01.00
HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19
HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21
SÍMI 554 2166
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR
WWW.CATALINA.IS

Þú finnur draumastarfið á Job.is

Heilbrigðisþjónusta

Iðnaðarmenn
GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU
Job.is



LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 37. STARFSÁR

ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR Í HALLGRÍMSKIRKJU

22. JÚNÍ- 28. ÁGÚST 2019

HELGARTÓNLEIKAR MEÐ ALÞJÓÐLEGA VIÐURKENNDUM ORGANISTUM LAUGARDAGA KL. 12 OG SUNNUDAGA KL. 17

22. / 23. júní	**Björn Steinar Sólbergsson** organisti við Hallgrímskirkju í Reykjavík, Íslandi
29. / 30. júní	**Mattias Wager**, dómorganisti við Storkyrkan í Stokkhólmi, Svíþjóð
6. /7. júlí	**Johannes Skoog**, konsertorganisti, Svíþjóð
13. / 14. júlí	**Johannes Zeinler**, Austurríki, 1. verðlaunahafi í Alþjóðlegu orgelkeppninni í Chartres, Frakklandi 2018
20. / 21. júlí	**Yves Rechtsteiner** konsertorganisti, Frakklandi
27. / 28. júlí	**Isabelle Demers**, kanadískur konsertorganisti og orgel prófessor í USA
3. / 4. ágúst	**Lára Bryndís Eggertsdóttir**, organisti við Hjallakirkju Kópavogi, Íslandi
10. / 11. ágúst	**Susannah Carlsson**, dómorganist við Lundardómkirkju, Svíþjóð
17. / 18. ágúst	**Johannes Geffert**, konsertorganisti frá Bonn, Þýskalandi
25. ágúst	**Mattias Wager,** dómorganisti við Storkyrkan í Stokkhólmi, Svíþjóð

HÁDEGISTÓNLEIKAR MEÐ ÍSLENSKUM ORGANISTUM FIMMTUDAGA KL. 12

27. júní	**Tuuli Rähni**, organisti við Ísafjarðarkirkju
4. júlí	**Guðmundur Sigurðsson** organisti við Hafnarfjarðarkirkju
11. júlí	**Eyþór Franzson Wechner** organisti við Blönduóskirkju
18. júlí	**Jón Bjarnason**, organisti við Skálholtsdómkirkju ásamt **Jóhanni Inga Stefánssyni** trompet og **Vilhjálmi Ingva Sigurðssyni** trompet
25. júlí	**Ágúst Ingi Ágústsson** organisti, Reykjavík með **Lene Langballe**, sink/ cornett- og blokkflautuleikara, Danmörku
1. ágúst	**Steinar Logi Helgason** organisti í Reykjavík og **Fjölnir Ólafsson**, **Örn Ýmir Arason** og **Hafsteinn Þórólfsson** barítónar
8. ágúst	**Guðný Einarsdóttir** organisti við Háteigskirkju í Reykjavík
15. ágúst	**Kitty Kovacs** organisti við Landakirkju í Vestmannaeyjum
22. ágúst	**Eyþór Ingi Jónsson** organisti við Akureyrarkirkju

HÁDEGISTÓNLEIKAR MEÐ SCHOLA CANTORUM MIÐVIKUDAGA KL. 12

Schola cantorum, kammerkór Hallgrímskirkju, sem hlotið hefur ýmsar viðurkenningar fyrir söng sinn, heldur stutta hádegistónleika alla miðvikudaga í sumar frá 26. júní – 28. ágúst. Þessir tónleikar, sem nú eru haldnir ellefta árið í röð, hafa jafnan notið mikilla vinsælda. Kórinn flytur perlur íslenskrar og erlendrar kórtónlistar, m.a. eftir Händel, Byrd, Bruchner o.fl. ásamt fjölbreyttu úrvali af tónlist íslenskra tónskálda. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelsson. Eftir tónleikana býður kórinn upp á kaffisopa og spjall í suðursal kirkjunnar.

LISTVINAFELAG.IS SCHOLACANTORUM.IS

Miðasala við innganginn 1 klst. fyrir tónleika og á midi.is
Hádegistónleikar – 30 mín: 2500 kr - Schola cantorum – 30 mín: 2700 kr.
Sunnudagstónleikar –60 mín: 3000 kr.
Listrænn stjórnandi: Hörður Áskelsson /
Listrænn gestastjórnandi 2019: Mattias Wager, dómorganisti við Storkyrkan í Stokkhólmi, Svíþjóð
Framkvæmdastjóri: Inga Rós Ingólfsdóttir
Tónleikastjórar 2019: Sólbjörg Björnsdóttir & Pétur Oddbergur Heimisson

Gunnar Eggertsson · Reykjavíkurborg · Menntamálaráðuneytið · midi.is · Bílaleiga Akureyrar Europcar · Hotel Holt · Apotek Kitchen + Bar

Förum í fríið

Fréttablaðið fór á stúfana og spurði nokkra vel valda einstaklinga hvaða stjórnmálamanni þau gætu helst hugsað sér að leggja í hringferð með um landið. Ýmis nöfn komu upp úr krafsinu. Ásmundur Friðriksson var nefndur vegna alkunnrar aksturshæfni sinnar og Þorgerður Katrín vegna þess að hún myndi ekki láta felgulykilinn flækjast fyrir sér ef ske kynni að springi á dekki á leiðinni.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

ENGIR ALDURSKOMPLEXAR MEÐ MUMMA

Rakel Garðarsdóttir, hjá Vakandi

Rakel segir nokkra stjórnmálamenn koma til greina. „Enda eru þau ófá sem starfa í þágu okkar, sem mér finnst afar spennandi týpur, sem ég væri til í að kynnast betur og fá að upplifa töfra Íslands með. En ef ég ætti velja einn þá held ég að Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra yrði fyrir valinu," segir Rakel.

„Guðmundur Ingi eða Mummi eins og hann er ætíð kallaður er jafnaldri minn og því kæmu ekki upp neinir aldurskomplexar á ferð okkar um landið. Mummi er fæddur og alinn upp á Mýrunum, sonur bónda og með próf upp á líffræði þannig að ég myndi treysta honum vel til að kynna mér vel valdar perlur og furðudýr á ferðalagi okkar. Þar sem hann er einnig útskrifaður frá Hússtjórnarskóla Íslands treysti ég því að hann myndi prjóna á mig peysu og sjá um allt nesti sem borið yrði fram, undir berum himni auðvitað á nýstraujuðum dúk. Og til að toppa hvað þetta yrði mikil glamúrferð þá höfum við Mummi um margt sameiginlegt að spjalla og því frábært að fá svona langan tíma ein með honum. Ef við mættum bjóða með okkur gesti væri ég til í að fá Bjarna Ben til að taka Vestfirðina með okkur – hann myndi sjá um baksturinn og ég fengið tækifæri til að spyrja hann um eitt og annað."

ÞÓRDÍS SÉR UM LAGALISTANN

Eva Laufey Hermannsdóttir kokkur

Eva Laufey á ekki í erfiðleikum með að velja sér ferðafélaga. „Ég myndi án efa bjóða góðvinkonu minni henni Þórdísi Kolbrúnu með mér í hringferð, aðallega vegna þess að hún hefur svo góðan tónlistarsmekk og ég veit að það yrði mjög gaman hjá okkur. Það væri svo gaman að fara í hringferð með henni með það markmið að skoða alla nýsköpunina í matargerð sem á sér stað úti um allt land, það eru svo margir að gera frábæra hluti í matargerð, til dæmis að heimsækja þá sem eru að rækta bygg, búa til framandi sósur, brugga bjór og rækta wasabi svo dæmi séu tekin. Ungt fólk er að flytja á landsbyggðina og búa sér til tækifæri og ég væri svo sannarlega til í að keyra hringinn með Þórdísi minni og skoða þetta betur."

EF VIÐ MÆTTUM BJÓÐA MEÐ OKKUR GESTI VÆRI ÉG TIL Í AÐ FÁ BJARNA BEN TIL AÐ TAKA VESTFIRÐINA MEÐ OKKUR – HANN MYNDI SJÁ UM BAKSTURINN

VILL HÓPFERÐ

Kjartan Atli Kjartansson sjónvarpsmaður

Kjartan segir þingmönnum úr öllum flokkum boðið í hringferð. „Í þeim tilgangi að reyna að skapa breiða sátt um að bæta úr öryggismálum á þjóðvegum landsins. Einhvern tímann í framtíðinni munum við horfa til baka og hrista hausinn; rifja upp þegar bílar keyrðu í sitthvora áttina á sama veginum á tæplega 100 kílómetra hraða. Margra tonna flykki sem mætast með örlitlu bili á milli. Ég myndi reyna að fá þingmennina til að auka öryggið. Draumurinn er auðvitað að tvöfalda þjóðveginn því þar er hver og einn með sitt aksturslag; sumir keyra hægt, aðrir eru að flýta sér, einhverjir eru á flutningabílum, þar eru ferðamenn sem eru óvanir íslenskum aðstæðum, fjölskyldur með hjólhýsi í eftirdragi, reiðhjólafólk, einhverjir á mótorhjólum og svona mætti lengi telja. Við þurfum meira en eina akrein í hvora átt til að rúma alla sem þurfa að nota þjóðveginn."

BÍLTÚR MEÐ KATRÍNU

Einar Bárðarson umboðsmaður

Einar vill fara með forsætisráðherra í bíltúr. „Til að heyra frá henni hvernig hún sér Samkomulag um samstarfsvettvang stjórnvalda og atvinnulífs um loftslagsmál og grænar lausnir ganga eftir og hvaða aðgerða eigi að grípa til og hvernig þeim verður fylgt eftir með mælanlegum hætti," segir Einar.

„Málaflokkurinn fékk í lok maí til ráðstöfunar marga milljarða undir merkjum þessa samkomulags en myndatökunni og fréttatilkynningunni fylgdu ekki skýrar og mælanlegar aðgerðir. Þetta er mest áríðandi málaflokkur í heiminum burt séð frá allri hægri og vinstri pólitík. Ég myndi vilja setja mig inn í það hvernig við ætlum að leggja okkar af mörkum sem þjóð og reyna þannig að hjálpa til með þetta. Svo er Katrín bara skemmtileg, fróð og lifsglöð manneskja og tíma sem varið er með þannig fólki er vel varið."

ENGIN SJÁLFSRITSKOÐUN

Frosti Logason útvarpsmaður

Frosti vill leggja í hringferð með Brynjari Níelssyni. „Við Brynjar erum nú ekki sammála um allt en hann er maður sem þorir að segja meiningu sína og það kann ég að meta. Ég er svona gaur sem þarf að fá að heyra hlutina umbúðalaust og þoli ekki að eiga samskipti við manneskjur sem eru í stöðugri sjálfsritskoðun og laumast með allt eins og kettir í kringum heitan graut," segir Frosti og bætir við: „Og ef Brynjar væri upptekinn þá væri Sigríður Andersen augljóslega næst á óskalistanum."

ÞORGERÐUR ER RATVÍS

Natalie G. Gunnarsdóttir plötusnúður

Natalie segir að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, yrði fyrir valinu. „Hún virkar hress og skemmtileg þannig að það yrði aldrei lognmolla á leiðinni og þó það yrði væri það bara allt í lagi. Ég held að hún sé ratvís og kunnug staðháttum þannig að hún myndi luma á skemmtilegum staðreyndum um hina ýmsu staði og leyndar náttúruperlur sem vert væri að skoða," segir Natalie. „Ég er líka viss um að ef það myndi springa á dekkinu þá værum við samt í toppmálum því ég held að felgulykillinn sé ekkert að flækjast fyrir henni."

Þá heldur Natalie að Þorgerður sé jeppakona.

„Það hentar mér mjög vel þar sem ekkert annað kæmi til greina í hringferð. #aðförin."

ÉG HELD AÐ FELGULYKILLINN SÉ EKKERT AÐ FLÆKJAST FYRIR HENNI.

ÁSI ERKIBÍLSTJÓRI

Margrét Erla Maack listakona

Margrét Erla er einmitt á ferðalagi um landið um þessar mundir með fullorðins fjölbragðasýningu. „Svo sú fyrsta sem mér datt í hug var Katrín Jakobs. Ekki bara af því að hún hefur farið á töfrabragðanámskeið og af því að erlendir listamenn hafa verið impóneraðir af því að ung kona sé forsætisráðherra – heldur myndi það aldeilis ganga fram af þeim að segja: „Já, og svo er hún er með okkur í sjóvinu!"

En svo fór ég að hugsa um lógík og bílamál og þá bömpaði ég Kötu strax úr ferðalaginu og setti erkibílstjórann Ásmund Friðriks um borð. Hann fer svo hratt yfir og virðist geta ekið tveimur bílum í einu. Svo var ég að heyra að við séum gift inn í sömu ætt. Svo: Skáfrændi minn Ásmundur Friðriks."

GLAMOUR

Komið í allar helstu verslanir

Íslenskt tískutímarit

Laddi er einn ástsælasti leikari þjóðarinnar og Króla langar ekkert meira en að verða leikari. Þeir eru góð blanda af eldri og yngri kynslóðinni og mætast senn á sviði í söngleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Báðir kunna þeir að rappa...

Söngfuglarnir og skemmtikraftarnir **Laddi** og **Króli** hittust í fyrsta sinn fyrir stuttu í viðtali við helgarblaðið. Senn þenja þeir raddbönd sín á sviðinu í Háskólabíói en þeir fara báðir með hlutverk í söngleiknum **We will rock you**.

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is

Söngleikurinn We will rock you verður settur upp hér á landi í fyrsta sinn og hefjast sýningar þann 9. ágúst nk. í Háskólabíói. Söngleikurinn var saminn af Ben Elton í samstarfi við hljómsveitina Queen og frumsýndur árið 2002 á West End í London. Söngleikurinn sló öll aðsóknarmet leikhússins Dominion Theatre og var sýndur fyrir fullu húsi fram til ársins 2014.

We will rock you hefur verið settur á svið á Broadway í New York, í Ástralíu, á Spáni, í Rússlandi og víðar. Einvala lið leikara og söngvara stígur á svið og gefur sig hlutverkunum á vald. Ragnhildur Gísladóttir fer með hlutverk Killer Queen og á móti henni verður Björn Jörundur Friðbjörnsson í hlutverki Kashoggi. En einnig verða þarna þeir Þórhallur Sigurðsson og Kristinn Óli Haraldsson, betur þekktir sem Laddi, einn ástsælasti leikari þjóðarinnar, og Króli, ein skærasta poppstjarnan.

Þeir eru að hittast í fyrsta sinn augliti til auglitis þegar blaðamann ber að garði en hafa þó vissulega vitað hvor af öðrum. Djúpar samræður um golf eru þó þegar hafnar og fer vel á með þeim félögum.

Króli: „Ég sá þig reyndar á Gló fyrir þremur vikum og ætlaði að heilsa þér."

Laddi: „Já, ég sá á eftir þér líka. Ég hefði heilsað þér en ég sá bara svona aftan á þig. En ég hef nú fylgst

> ÞAÐ ER EIRÍKUR FJALAR Í FLESTUM. HANN LEYNIST VÍÐA.
>
> Laddi

nokkuð vel með þér. Ég held upp á strákana."

Króli: „Já, innilega sömuleiðis. Við erum líka báðir Gaflarar."

Og báðir spila þeir golf. Annar þó meira en hinn.

Laddi: „Ég spila mikið og hef verið í golfi undanfarin 30 ár og er að keppa líka. Ég er í landsliði öldunga."

Þegar viðtalið er tekið er Laddi á leið til útlanda að keppa í golfi. Hann segist lítið hafa verið í leikhúsi undanfarin ár sem sé aðallega vegna þess að sviðið skarast við golfið. Hann segist frekar vilja vinna fyrir sjálfan sig og finnst vont að vera fastur. Golfið á hug hans og hjarta. En í þetta sinn kallar söngurinn á hann.

Hvaða hlutverk farið þið með í söngleiknum?

Laddi: „Tja, ég verð nú að segja eins og er að ég hef ekki hugmynd um það. Við fáum handritið fljótlega og engar æfingar eru byrjaðar eins og er."

Króli: „Ég er svona hálfu skrefi á undan þér. Ég er ekki kominn með handrit en ég veit að ég fer með hlutverk Galíleós í sýningunni."

Laddi: „Það er eitt aðalhlutverkið, skilst mér."

Króli: „Jú, það er rétt og það er mikill heiður."

Hafið þið tekið þátt í söngleik áður?

Laddi: „Já, ég hef gert það oft áður og mér finnst það eitt það skemmtilegasta sem maður gerir í leikhúsi, skemmtilegra en að leika bara."

Króli: „Enda ertu frábær söngvari. Ég fékk símtal þegar ég var á leið til London og var boðaður í prufu. Ég er svona aðeins að skoða landslagið í leiklist. Mig hefur alltaf langað til þess að verða leikari. Ég er að hugsa um að sækja um í skóla fyrir næsta haust. Mig langar að vera erlendis í leiklistarskóla og vonandi gengur það eftir. Það væri alveg gott að bæði taka smá frí frá Íslandi og að prófa eitthvað nýtt. Ég er ótrúlega spenntur fyrir því. En það er eiginlega fáránlegt að veita mér svona stórt tækifæri. Ég vona bara að ég bregðist engum."

Sem Króli mun mjög ólíklega gera. Samhliða því að vera tónlistarmaður hefur Króli farið með hlutverk í Óvitum sem sett var upp í Þjóðleikhúsinu 2014 en einnig hefur hann farið með hlutverk í þáttaröðinni Ófærð, kvikmyndinni Georg Bjarnfreðarson og áramótaskaupum svo eitthvað sé nefnt.

Hvetur þú hann til þess Laddi?

Laddi: „Já, algjörlega. Ég fór í leiklistarskóla í Los Angeles, UCLA og það var mjög gaman. En ég staldraði þó aðeins við í eina önn og kom svo heim aftur. Þá sótti ég um í Félag íslenskra leikara og var samþykktur þar. Ég er ekki lærður leikari. En ég er búinn að vinna í svo mörg ár með alls konar leikstjórum og mótleikurum og það er lærdómurinn. Þar lærir maður raunverulega leiklist, eða mér var a.m.k. sagt það."

Króli: „Talandi um ólærða en frábæra leikara, þá varð ég hissa þegar ég heyrði að Eggert Þorleifsson væri ekki lærður leikari."

Laddi: „Nei, einmitt. Við vorum allir þarna á svipuðum tíma, Eggert Þorleifs, Egill Ólafs og ég. Við vorum teknir inn því við vorum búnir að vinna mikið við leiklist. Maður lærir afskaplega mikið á vettvangi."

Eruð þið miklir Queen-aðdáendur?

Laddi: „Ég er meira Freddy Mercury-aðdáandi en auðvitað Queen í leiðinni. Freddy var bara náttúrulega einstakur maður."

Króli: „Ég er meira Brian May maður."

Þeir hlæja.

Króli: „Nei, þeir eru allir flottir og það verður ótrúlega erfitt að reyna að syngja lögin þeirra."

Laddi: „En það verður aldrei eins og á ekkert að vera eins heldur."

Króli: „Nei, nákvæmlega. Það mun enginn geta gert það. Ég get talað fyrir okkur báða þegar ég segi að við munum ekki reyna að vera hann. Við gerum þetta á okkar hátt."

En talandi um tónlist. Hér höfum við Króla sem er í hipphoppsenunni, hvernig fílar þú svoleiðis tónlist Laddi og rapp bara yfirhöfuð?

Laddi: „Ég er hrifinn af allri tónlist í raun og veru. Það fer bara eftir því hver gerir hana og hversu vel. Rapp finnst mér mjög skemmtilegt. Ég hef gert nokkur rapplög í gegnum tíðina. Ég held ég hafi verið með fyrsta rapplagið á Íslandi."

Króli: „Þetta er í annað skipti sem ég sit í viðtali með mikilli goðsögn sem vill meina það að hann hafi gert fyrsta íslenska rapplagið og það var Bubbi. Bubbi vill meina það að árið 1994 hafi hann gert fyrsta íslenska rapplagið með sænskum pródúser. Þetta var á plötunni Þrír heimar."

Getum við ekki afsannað þetta?

Laddi: „Jú, jú, ég get gert það! Ég get bent á eitt lag, það heitir Björgúlfur bréfberi og ég samdi það '82 eða '83 og það kom á næstu plötu sem var 1984. Ég var úti í Ameríku þá, í UCLA, og skrifaði Halla bróður bréf og þetta var svo skemmtilegt bréf að ég rappaði það og gaf út. Svo söng Þuríður Sigurðardóttir inn á milli og Gunnar Þórðarson gerði tónlistina. Ég kalla þetta rapp sko."

Hvað er rapp?

Laddi: „Já, ég veit það ekki beint."

Þeir hlæja.

Króli: „Ég pæli mjög mikið í þessu, því að tónlistin sem við Jói P. erum búnir að gera upp á síðkastið verður seint kölluð rapp, allavega af minni hálfu. Síðustu tvær plötur hafa ekki verið rapp. En ég held að fólk vilji flokka alla urban-senuna, sem er R&B, rokkað popp, hipphopp og mjög venjulegt popp allt undir sama hatt, hipphopp. Þessi áratugur eða tískubylgja sem er í gangi núna verði alltaf kallað „rapptíminn" eða „hipphopptíminn". En þetta er svo miklu meira og stærra. Ég hef hreinlega ekki rappað í örugglega heilt ár. En fólk má kalla þetta það sem það vill. Ég lít ekki á mig sem meiri rappara frekar en einhvern sem er að gefa út popptónlist."

> ÞETTA ER Í ANNAÐ SKIPTI SEM ÉG SIT Í VIÐTALI MEÐ MIKILLI GOÐSÖGN SEM VILL MEINA ÞAÐ AÐ HANN HAFI GERT FYRSTA ÍSLENSKA RAPPLAGIÐ.
>
> Króli

Króli er við það að gefa út nýja plötu ásamt Jóa P. og kemur nýtt tónlistarmyndband út með þeim núna 1. júlí nk. með laginu Tveir koddar. Á plötunni koma fram ýmsir gestir, margir sem þeir hafa ekki unnið með áður. Án efa mikil spenna fyrir gripnum meðal aðdáenda.

Króli, hver er uppáhalds karakterinn þinn hjá Ladda?

Króli: „Ætli það sé ekki Eiríkur Fjalar? Er það ekki sá fyrsti sem allir muna eftir, þekkja ekki allir einhvern Eirík Fjalar?"

Laddi: „Jú, hann er minn uppáhalds líka. Það er Eiríkur Fjalar í flestum. Hann leynist víða. Hann er sympatískur og hann er maðurinn sem ætlar að verða eitthvað og slá í gegn. Það er pínulítið af mér í honum, má segja."

En að lokum, hlakkið þið til samstarfsins?

Laddi: „Já, bara mjög svo."

Króli: „Já, það verður mikill heiður að deila sviðinu með þessum manni. Þetta er eiginlega draumi líkast. Líka allt fólkið sem við erum að vinna með er algjörlega frábært."

KRÓNAN

Pylsa eða pulsa, lööööng eða stutt?

Þitt er valið!

Ódýrt

Bara pylsur, 10 stk.

399 kr. pk.

Gríska feta pylsur, 8 stk.

1199 kr. pk.

Silver Spring sinnep, 269 g

379 kr. stk.

Rooosalega löng pylsubrauð, 2 stk.

369 kr. pk.

Krónan mælir með!

Rooosalega langar pylsur, 4 stk. með Cheddar osti og karmeluðum lauk

899 kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

29. JÚNÍ 2019 LAUGARDAGUR

Merkisatburðir

1561 Eiríkur 14. er krýndur konungur Svíþjóðar.

1613 Leikhús Shakespeares, The Globe í London, brennur til kaldra kola eftir að neisti barst úr fallbyssu við sýningu á Hinriki 8.

1632 Gísli Oddsson er kjörinn Skálholtsbiskup á Alþingi.

1700 Friðriki 5. konungi unnir trúnaðareiðar á Alþingi.

1802 Fyrsti dómur Landsyfirréttar er kveðinn upp.

1912 Nýja bíó í Reykjavík hefur kvikmyndasýningar á Hótel Íslandi.

1941 Flutningaskipinu Heklu sökkt á leið frá Íslandi til Bandaríkjanna. Talið var að þýskur kafbátur hefði verið að verki. Fjórtán manns fórust en sex björguðust eftir tíu sólarhringa hrakninga á fleka.

1952 **Ásgeir Ásgeirsson** var kjörinn forseti Íslands.

1974 Isabel Perón verður forseti Argentínu eftir lát eiginmanns síns, forsetans Juans Perón.

1976 Seychelleseyjar fá sjálfstæði frá Bretlandi.

1980 Vigdís Finnbogadóttir er kjörin forseti Íslands, fyrst allra kvenna í heiminum til að verða þjóðkjörinn þjóðhöfðingi.

1996 Ólafur Ragnar Grímsson er kjörinn forseti Íslands.

2006 Konur fá kosningarétt í Kúveit.

2007 Snjallsími Apple, iPhone, kemur á markað í Bandaríkjunum.

Nærgætni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Gunnsteinn Ólafsson er listrænn stjórnandi Þjóðlagahátíðarinnar á Siglufirði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tónveisla á Siglufirði

Ást og uppreisn er þema tuttugustu þjóðlagahátíðarinnar á Siglufirði sem haldin verður dagana 3.-7. júlí.

Bluegrass-hljómsveitin Strá-kurr er meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni.

Árlega er haldin tónlistarhátíð á Siglufirði sem hefur það að markmiði að kynna þjóðlagaarf ólíkra þjóða og þjóðarbrota. Á hátíðinni hefur tónlist fjölmargra þjóða verið kynnt auk þess sem íslensk þjóðlög sitja ætíð í öndvegi. Hátíðin stendur frá miðvikudegi til sunnudags fyrstu heilu vikuna í júlí ár hvert.

Gunnsteinn Ólafsson hefur verið listrænn stjórnandi hátíðarinnar frá upphafi. Hann segir hátíðina vera í undirbúningi árið um kring. Helstu drættir dagskrár liggja fyrir um áramót þótt þungi undirbúnings sé á vordögum.

„Markmið hátíðarinnar er að hvetja ungt fólk til að takast á við þjóðlagaarf ólíkra þjóða og þjóðarbrota. Það þarf að gefa þeim færi á að koma fram og koma þeim á sporið," segir Gunnsteinn.

Hann segir að í ár sé margt efnilegt fólk á ferðinni. Listamenn frá Bandaríkjunum, Noregi, Þýskalandi og Finnlandi koma fram á hátíðinni auk fjölmargra íslenskra listamanna. Á meðal flytjenda eru Gyða Valtýsdóttir tónskáld sem nýlega var tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, Bjarni Thor Kristinsson bassasöngvari, þjóðlagasveitin Umbra og bluegrass-hljómsveitin Strá-kurr. Frá Noregi koma góðir gestir. Þjóðlagasveitin Felaboga (fiðlubogi á norsku) leikur saknaðarsöngva norskra innflytjenda í Bandaríkjunum og söngkonan Johanna Zwaig og fiðluleikarinn Ragnar Heyerdahl leika og syngja ástar- og baráttusöngva úr öllum heimshornum. Ný íslensk kórtónlist verður flutt af kórnum Klið, en hann er einkum skipaður söngelskum tónskáldum. Vikivakadansar verða kenndir og slegið verður upp bandarísku sveitaballi. Þá leikur Steiney Sigurðardóttir sellókonsert Dvoráks með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins á tónleikum í Siglufjarðarkirkju undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar, listræns stjórnanda hátíðarinnar.

Auk ýmissa tónleika er boðið upp á margs konar námskeið fyrir börn og fullorðna auk þjóðlagaakademíunnar þar sem kennd er íslensk og erlend þjóðlagatónlist. Á stökum námskeiðum kennir Jelena Ćirić serbneska þjóðlagatónlist, bandarískt söngvarinn Paul Kirby heldur námskeið í bandarískri bluegrass-tónlist og Tómas Manoury opnar heim yfirtónasöngs fyrir gestum hátíðarinnar. Örlygur Kristfinnsson heldur námskeið um húsin á Siglufirði og loks stendur Anna Jónsdóttir söngkona fyrir þjóðlaganámskeiði fyrir börn á aldrinum 5-11 ára.

Gunnsteinn segir að áætla megi að um tvö þúsund miðar verði seldir. Margir þeir sem sækja tónlistarhátíðina séu að sækja fleiri en eina tónleika, jafnvel alla.

Nánari upplýsingar eru á vef hátíðarinnar er www.siglofestival.com.

david@frettabladid.is

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta
& lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Klettaskóli, Suðurhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Ástkær eiginmaður minn,
Hafsteinn Steinsson
rennismiður
frá Hrauni á Skaga, síðast til heimilis
að Suðurlandsbraut 58,

lést á Landspítalanum í Fossvogi
þriðjudaginn 25. júní sl.
Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn
5. júlí kl. 13.

Kristín Þórdís Davíðsdóttir

Útför
Herdísar Maríu Jóhannsdóttur

fer fram frá Víðistaðakirkju
miðvikudaginn 3. júlí klukkan 15.00.

Guðný Harðardóttir **Guðjón Ármann Jónsson**
Guðrún Auður Harðardóttir
Erla Ruth Harðardóttir
barnabörn og langömmubörn.

Elskuleg móðir okkar,

Valdís Ármann

frá Skorrastað í Norðfirði,
Hátúni 17, Eskifirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað aðfaranótt sunnudagsins 23. júní. Útför hennar fer fram laugardaginn 6. júlí frá Eskifjarðarkirkju kl. 14.00.
Jarðsett verður sunnudaginn 7. júlí í kirkjugarðinum í Hermannastekkum í Hamarsfirði kl. 14.00.

Fyrir hönd vandamanna,
Guðjón Ármann, Ólafur, Árni Þórður og Þóra Sólveig

Ástkær faðir minn, bróðir, mágur, frændi og afi,

Guðjón Pálsson

byggingameistari frá Reyðarfirði,

lést þann 24. júní.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju 9. júlí kl. 13.00.

Birgir Páll Guðjónsson
aðrir ástvinir og aðstandendur.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Guðmundsdóttir

áður til heimilis í Hamraborg 16,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð mánudaginn 24. júní.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju þann 8. júlí kl. 13.

Ásmundur Halldórsson — **Sigrún Harðardóttir**
Helga Guðný Halldórsdóttir
Bjarni Guðberg Halldórsson — **Annika Maria Frid**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Helga Finnbogadóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Boðaþingi 17. júní sl.
Útförin hefur farið fram.

Sturla Ómar Birgisson — **Björg Eiðsdóttir**
Finnbogi Birgisson — **Þórunn Elín Halldórsdóttir**
Guðmundur Birgisson — **Brynja Rós Bjarnadóttir**
og barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær sambýliskona, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ása Snæbjörnsdóttir

Klettahlíð 18, Hveragerði,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði 14. júní sl.
Útförin fer fram frá Stóru-Borgarkirkju í Grímsnes- og Grafningshreppi laugardaginn 13. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Alzheimersamtakanna.

Guðjón Jónsson
Magnea Magnúsdóttir — **Stefán Jóhannsson**
Snæbjörn Magnússon — **Kristjana R. Sveinsdóttir**
Magnús Magnússon — **Lilja Jósepsdóttir**
Kristbjörg Magnúsdóttir — **Halldór H. Ísleifsson**
Helga Magnúsdóttir — **Sigurjón G. Jónsson**
Hildur Magnúsdóttir — **Þröstur Sigurjónsson**
og fjölskyldur.

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Ástkær systir og mágkona,

Linda Anna Ragnarsdóttir

Hjallaseli 55, Reykjavík,

lést 12. júní á eyjunni Sifnos í Grikklandi.
Útför hennar fer fram í Fossvogskapellu fimmtudaginn 4. júlí klukkan 11.00.

Dennis Davíð Jóhannesson **Hjördís Sigurgísladóttir**

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Guðjón Þorkelsson

Þúfuseli 1,
Reykjavík,

lést á Ísafold í Garðabæ aðfaranótt sunnudagsins 23. júní.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Ingibjörg Sívertsen Jónsdóttir
Margrét Ósk Guðjónsd. S. **Sigurður Ben Guðmundsson**
Þorkell Guðjónsson, Gígja Gunnarsdóttir
Elísabet Ósk Guðjónsd. S. **Ingimundur Sverrir Sigfússon**
Guðjón Ingi, Bjarki Rúnar, Guðjón og Sól



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar Geir Þorsteinsson

Móaflöt 45,
Garðabæ,

lést fimmtudaginn 27. júní sl.
Útför auglýst síðar.

Ingveldur Björg Stefánsdóttir
Stefán Árni Einarsson — **Sigurrós Ragnarsdóttir**
Þorsteinn Einarsson — **Ásta Sigrún Helgadóttir**
Guðni Geir Einarsson — **Andrea Gerður Dofradóttir**
Áslaug Einarsdóttir — **Einar Örn Ólafsson**

Ástkær sambýliskona mín, móðir, amma, systir og mágkona,

Ingibjörg Jóna Árnadóttir

Bæjartúni 6, Kópavogi,

lést á heimili sínu föstudaginn 14. júní 2019. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Snorri Hlíðberg Kjartansson
Árni Þór Sævarsson
Sara Stardal
Árni Auðunn Árnason — **Svava Níelsdóttir**
Helgi Árnason — **Ingibjörg Sigvaldadóttir**
Anna Þóra Árnadóttir — **Jón Már Jónsson**
Vilhjálmur Árnason

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

María Elísabet Jónsdóttir / Zolich

Háengi 12, Selfossi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 16. júní sl. Útförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 2. júlí kl. 10.
Uroczystasc progrzebowa odbedzie sic w Selfoss w kosciele 02. lipiec 2019. o gdzina 10. Czówanie rozpoczynamy od. 9.30.

Rafal Zolich — **Elwira Wienckowska**
Agnieszka Pawlak — **Miroslaw Pawlak**
Dorota Zolich — **Marek Kuc**
Dagmara Zolich — **Joanna Pawel Szymula**
Beata Jónsdóttir — **Jerzy Szczuka**
Kamil Jónsson — **Monika Jónsdóttir**
Barbara Bobrzyk — **Jacek Szczuka**
Halina i Jan Szyrwinscy
Jónína Eirný Sigurðardóttir
og barnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

Innilegar þakkir færum við öllum fyrir hlýju og auðsýnda samúð við andlát og útför okkar ástkæra föður, tengdaföður, afa og langafa,

Kjartans Hafsteins Guðmundssonar

frá Búðum í Hlöðuvík á Hornströndum.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á Dvalar-og hjúkrunarheimilinu Höfða á Akranesi fyrir frábæra umönnun og alúð.

Kolbrún Kjartansdóttir
Elín Hanna Kjartansdóttir — **Jón Vestmann**
Hafsteinn Kjartansson — **Þuríður Baldursdóttir**
Hörður Kjartansson — **Þórunn Elídóttir**
Guðni Kjartansson — **Magnea Erla Ottesen**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma

Sigurveig Sigþórsdóttir

Klébergi 12, Þorlákshöfn,

andaðist miðvikudaginn 26. júní á Landspítalanum við Hringbraut.
Útför hennar verður gerð frá Þorlákskirkju í Þorlákshöfn fimmtudaginn 4. júlí kl. 14.

Sigrún Guðfinna Þorgilsdóttir — **Hallgrímur Erlendsson**
Hafdís Þorgilsdóttir — **Kári Hafsteinsson**
Elsa Þorgilsdóttir — **Sturla Geir Pálsson**
Dóra Jóhanna Þorgilsdóttir
Gunnar Sigurvin Þorgilsson — **María K. Jónasdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elsku yndislega mamma okkar, tengdamamma og amma,

Emilía Petra Árnadóttir

andaðist á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi þann 7. júní.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 3. júlí kl. 13.00.

Ást, kærleikur og þakklæti,
Helena Guttormsdóttir
Lárus Bjarni Guttormsson — **Hildur Jónína Þórisdóttir**
Axel Máni, Guttormur, Halldór, Bárður, Aðalsteinn,
Þórir og Emilía Margrét

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar Jóhann Jónsson

Brúnavegi 13,
Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 21. júní 2019.
Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna, fimmtudaginn 27. júní. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Jón Jóel Einarsson
Sigurbjörn Einarsson
Hans Ágúst Einarsson
Ingólfur Kristinn Einarsson
Helgi Einarsson
Bjarklind Sóley Einarsdóttir
Sævar Bjarki Einarsson
Ingrid Jónsdóttir
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Elsku eiginkonan mín, móðir okkar og amma

Kristín Jónasdóttir

fyrrverandi flugfreyja og forstöðukona,

lést 17. júní. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 5. júlí kl. 15.
Innilegar þakkir til Heru heimahlynningar og starfsfólks Landspítalans, sérstaklega deildar 11E og líknardeildarinnar í Kópavogi, fyrir frábæra umönnun.

Valdimar Örnólfsson
Jónas Valdimarsson
Örnólfur Valdimarsson
Kristján Valdimarsson
og fjölskyldur.

KRAKKAR

Konráð og félagar á ferð og flugi 359

Konráð horfði hugsi á gátuna. „Hverskonar gáta er nú þetta?“ „Örugglega eitthvað til að rugla mann og plata,“ sagði Kata snúðug eins og venjulega. „Alltaf verið að plata mann,“ bætti hún við. Lísaloppa las leiðbeiningarnar fyrir gátuna. „Þetta er orðagáta og hér stendur,“ las hún.

UDNRUH

GULER

UÁKRF

UTNA

TKRUÖT

„Búið er að rugla stöfunum í nöfnum nokkra dýra í hverri línu. Ef þú getur raðað þeim rétt í kassana, mynda stafirnir í hringjunum nafn dýrs ef lesið er niður.

Getur þú ráðið orðaruglið og séð hvaða dýr þetta eru?

Brynhildur veit ekkert hvað hún ætlar að verða – annað en mamma.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fiskarnir fóru bara í klósettið

Brynhildur Helga Róbertsdóttir, níu ára, er að lita þegar hún er tekin tali. Hún segir það skemmtilegt, en samt ekki það skemmtilegasta.

Hvað er þá mest gaman að gera? Mest finnst mér gaman að vera í fótbolta.

Nú, ertu fótboltastelpa? Næsta haust ætla ég að fara að æfa fótbolta fyrir alvöru, núna er ég mest að leika mér á skólavellinum við Kársnesskóla.

Með hvaða félagi ætlarðu að æfa? Ég held að ég byrji með Breiðabliki.

Ferðu stundum í sund? Ég var í svona sundlotum í skólanum, þá löbbuðum við í laugina og syntum alls konar, baksund og skriðsund. En skemmtilegustu rennibrautir sem ég hef farið í eru á Akureyri, ein liggur alveg beint niður, maður rennur eiginlega ekki neitt, bara hoppar í vatnið!

Leikur þú þér með dúkkur? Ég leik mér stundum með dúkkur með Emilíu, vinkonu minni, en annars bara ekki.

Áttu margar? Ég held ég eigi svona tíu vinkonur.

Hvað ætlarðu helst að gera í sumar? Veit ekki. Aðallega bara vera heima og leika við vinkonur mínar.

Hefurðu farið til útlanda. Já, nokkrum sinnum til Krítar og nokkrum sinnum til Majorka. Mér fannst betra á Krít. Það eru skemmtilegri strandir þar og líka ókeypis bátar sem maður getur farið á og siglt á sjónum.

Eru dýr á heimilinu þínu? Við áttum fiska en þeir dóu einn og einn og fóru bara í klósettið. Svo fengum við okkur tvo ketti og þeir fóru svo illa með rúmfötin að við hættum með þá svo nú eigum við engin dýr.

Ertu eitthvað farin að velta fyrir þér hvað þig langar að verða þegar þú verður stór? Ég veit ekkert hvað ég ætla að verða, ég ætla bara að verða mamma. Mig langar líka að leika í leikriti en maður þarf samt örugglega að æfa sig mjög mikið.

Lestrarhestur vikunnar Viðar Nói Hansson

Hvernig bækur þykja þér skemmtilegastar? Myndasögubækur eins og Dagbók Kidda klaufa.

Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún? Kidda klaufa og sumarfríið hans.

Hvaða bók ætlarðu að lesa næst? Örugglega nýjustu Kidda klaufa bókina.

Ef þú myndir skrifa bók, um hvað væri hún? Ég mundi skrifa sögu um mig í sama stíl og Kiddi klaufi er.

Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér? Umhverfis Ísland í 30 tilraunum eftir Ævar var lengi í miklu uppáhaldi.

Ferðu oft á bókasafnið? Ég mætti vera duglegri, þarf að finna bókasafnskortið mitt aftur.

Hver eru þín helstu áhugamál? Tölvuleikir, að teikna og gera sögur.

Í hvaða skóla ertu? Vesturbæjarskóla.

Viðar Nói hlakkar til að lesa bókina sem hann fékk, Kennarinn sem hvarf.

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið efna til sumarlestrs fyrir krakka. Verið velkomin í bókasafnið í ykkar hverfi og takið þátt í lestrarleiknum. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.

Lausn á gátunni
Refur

PIER

ÚTSALA
40-70%
AF VÖLDUM VÖRUM
KORPUTORG OG SELFOSS

RÝMINGARSALA Á SMÁRATORGI
50-70%
AFSLÁTTUR*

NÝJAR VÖRUR DAGLEGA!

A WORLD OF INSPIRATION
PIER
BRINGING IT HOME

www.pier.is

Gildir 27. júní - 4. júlí. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

SMÁRATORG	KORPUTORG	SELFOSS
LAU 10-18	LAU 12-18	LAU 10-18
SUN 12-18	SUN 12-18	SUN 12-18
VIRKIR DAGAR 11- 18:30	VIRKIR DAGAR 11- 18:30	VIRKIR DAGAR 11- 18:30

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
13 °C | 2 ↖	6 °C | 8 ←	10 °C | 5 ↓
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
8 °C | 6 ↙	10 °C | 5 ↖	8 °C | 10 ↙

Norðaustlæg átt 8-15 m/s , hvassast NV-til og við SA-ströndina. Víða skýjað og lítils háttar úrkoma, en léttir til NV-lands og fer að rigna suðaustan til seinni partinn. Hiti 5 til 15 stig á morgun, svalast um NA-vert landið.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík	11 °C | 3 ↙	10 °C | 3 ↘	10 °C | 3 ↑	11 °C | 2 ↑	12 °C | 3 ↓
Ísafjörður	4 °C | 9 ↙	6 °C | 3 ↙	9 °C | 4 ←	2 °C | 4 ↙	3 °C | 4 ↙
Akureyri	7 °C | 6 ↘	3 °C | 2 ↘	9 °C | 2 ↙	6 °C | 2 ↖	4 °C | 2 ↘
Egilsstaðir	5 °C | 7 ↙	5 °C | 3 ↘	13 °C | 3 ↘	5 °C | 3 ←	5 °C | 4 ↘
Kirkjubæjarklaustur	9 °C | 5 ↑	8 °C | 3 ↙	10 °C | 2 ↑	9 °C | 6 ↖	14 °C | 1 ←
Hveravellir	6 °C | 8 ↙	4 °C | 4 ↓	8 °C | 4 ↑	7 °C | 4 ↑	5 °C | 6 ↓

SANDBLÁSTUR

Ráðgjöf
Tilboð
Hönnun
Uppsetning

XPRENT HÖNNUN OG MERKINGAR
Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíum-skorts
- Lítil orka
- Þróttleysi
- Veik bein
- Hormóna ójafnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spenna
- Kölkun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kvíði
- Streita
- Pirringur

Mamma Veit Best HREIN HEILSA
www.mammaveitbest.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

MÚSARRINDILL

B	A	N	D	A	L	A	G	■	A	■	Ó	■	F	■	Æ	X	L	U	M
O	■	■	Æ	■	E	■	E	Y	Ð	I	B	Ý	L	I	Ð	■	E	■	A
G	U	Ð	L	E	Y	S	I	■	S	■	I	■	Ó	■	A	U	S	I	N
A	■	■	U	■	N	■	T	Á	T	Y	L	L	A	■	S	■	T	■	N
S	É	R	S	N	I	Ð	U	■	E	■	A	■	M	Ú	L	B	I	N	D
K	■	■	K	■	S	■	N	Í	Ð	I	N	G	A	■	I	■	N	■	A
E	Y	Ð	I	S	K	Ó	G	■	J	■	D	■	N	E	T	F	A	N	G
M	■	■	P	■	Y	■	A	G	A	M	I	N	N	I	■	O	■	■	A
MÆ	T	A	S	T	A	N	■	■	Ó	■	■	■	■	T	O	R	F	Æ	R
U	■	Á	■	■	T	■	N	O	S	T	R	A	Ð	I	■	M	■	T	■
MO	R	Ð	H	U	G	A	R	■	A	■	K	■	L	■	Á	■	T	■	■
■	■	I	■	J	■	E	■	K	I	R	K	J	U	H	A	L	D	I	Ð
V	A	Ð	M	Á	L	I	N	U	■	Ö	■	Ó	■	A	■	A	■	N	■
■	Ð	■	■	K	■	M	■	S	Í	Ð	U	S	K	R	Á	R	N	A	R
F	A	R	K	O	S	T	U	M	■	■	M	■	■	Ð	■	■	Æ	■	Á
■	L	■	■	N	■	Æ	■	Á	S	K	Y	N	J	A	■	■	R	■	S
H	N	E	T	U	S	K	U	R	N	■	R	■	Á	R	B	Ó	K	U	M
■	E	■	■	N	■	N	■	■	A	G	Ð	I	R	■	R	■	O	■	A
S	T	E	I	N	L	I	T	U	R	■	U	■	N	■	O	P	N	A	R
■	I	■	■	I	■	N	■	■	A	F	M	Á	I	S	T	■	U	■	K

LAUSNARORÐ: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt birtist starfsheiti (13). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 28. júní á krossgata@frettabladid.is merkt „22. júní“.



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Múttan** eftir **Hannelore Cayre** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Halldór Ármannsson, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

6 Vaktaskipti hugans vekja upp gamla drauga (10)
10 Greiðir fyrir eitt sveitarfélag í tveimur sýslum (11)
11 Gefa menntastofnun falleinkunn (10)
13 Sæki í sjóð ómyrkra sem greind voru að (11)
14 Boði mun mynda skráningu tímamarka (8)
15 Sætindi handa Sunnu og Þengli (9)
16 Neita lausaleikskrakkanum um allt (12)
18 Segi frá glæpnum og áti selanna á þorski (8)
21 Þetta er fyrir utan það sem ég á í banka (7)
23 Eldsneyti eggja og fiska (8)
26 Forvitnumst um fjársvik fyrir firnastóran mann (7)
30 Trúi ekki að festa megi það efsta (5)
31 Horn Loga saknar fljúgandi Kínverja (8)
32 Sitjum föst með sefandi tuggum (5)
33 Mín lokaorð miðast við lengd og breidd (9)
34 Vinn næringu úr plöntum handa bátsverjum (8)
35 Sukk, kjaftæði og peningur, meira þarf ekki (5)
36 Látnar áður en húmaði að kvöldi þeirra hinsta dægurs (9)
38 Ætli kóngur fljóti ekki með Marra? (8)
40 Orðlaus er söngur hins áhyggjulausa (5)
41 Sýra er ekki beiskur samtíningur (9)
43 Hef vetursetu með þér þrátt fyrir töf (7)
44 Tel þennan stað enn dýpst sokkinn í ruglið (7)
45 Stál er sem fljúgandi steinn (9)
46 Dímon, Ljótur, Auður og Feti elta skelina (7)
